



# Rangar sakargiftir sbr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

- Meistararitgerð í lögfræði -

Björg Þorkelsdóttir

Lagadeild  
Félagsvísindasvið  
Hulda Elsa Björgvinsdóttir  
Febrúar 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Björg Þorkelsdóttir**

**Rangar sakargiftir sbr. 148. gr. almennra  
hegningarlaga nr. 19/1940**

**Meistararitgerð í lögfræði**

**Leiðbeinandi: Hulda Elsa Björgvinsdóttir**

**Lagadeild**

**Félagsvísindasvið Háskóla Íslands**

**Febrúar 2013**



## FORMÁLI

Ritgerð þessi er lokaverkefni til Mag. jur. prófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er rangar sakargiftir samkvæmt 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hugmyndin að þessu tiltekna efni kviknaði hjá mér vegna umfjöllunar fjölmiðla um þessi málefni. Taldi ég vanta lesefni er varða þessi brot sem og upplýsingar um fjölda þeirra.

Leiðbeinandi minn var Hulda Elsa Björgvinsdóttir, ríkissaksóknari, og vil ég þakka henni fyrir ánægjulegt samstarf, veitta aðstoð og góðar ábendingar. Þá vil ég einnig þakka Vagn Greve fyrir þá aðstoð sem hann veitti mér við öflun danskra heimilda.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni og þá sérstaklega unnusta mínum Sigtryggi Birki Jónatanssyni og syni mínum Bjarka Brynjarssyni fyrir alla þá þolinmæði og skilning sem þeir hafa sýnt mér þau ár sem ég hef stundað laganám við Háskóla Íslands.

Reykjavík, 3. janúar 2013

---

Björg Þorkelsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1 Inngangur .....	1
2 Sögulegt yfirlit.....	2
2.1 Grágás og Jónsbók .....	2
2.2 Tilskipun um takmörkun prentfrelsis .....	3
2.3 Hegningarlög frá 25. júní 1869 .....	4
2.4 Hegningarlög frá 12. febrúar 1940.....	4
3 Verndarhagsmunir .....	6
3.1 Verndarhagsmunir 148. gr. hgl. ....	7
4 Skilyrði refsíabyrgðar skv. 148. gr. hgl.....	9
4.1 Almenn .....	9
4.2 Refsinæmi.....	9
4.3 Ólögmati.....	10
4.4 Saknæmi .....	10
5 Verknaður samkvæmt 148. gr. hgl. ....	11
5.1 Verknaður.....	11
5.2 Tjónsbrot með fullframningarstig fært fram .....	12
5.3 Tilraun .....	14
5.3.1 Afturhvarf frá tilraun.....	16
6 Verknaðarþoli samkvæmt 148. gr. hgl. ....	17
6.1 Að taka á sig sök .....	18
7 Fremjendur brots samkvæmt 148. gr. hgl. ....	20
7.1 Huglæg afstaða geranda .....	21
7.2 Hlutdeild.....	25
7.3 Samverknaður.....	28
8 Verknaðarlýsing 148. gr. hgl.....	29
8.1 Röng kæra .....	30

8.2 Rangur framburður .....	35
8.3 Rangfærsla.....	41
8.4 Undanskot gagna .....	42
8.5 Öflun falsgagna .....	43
8.6 Á annan hátt .....	44
8.7 Sakaður um eða dæmdur .....	45
9 Tengsl 148. gr. hgl. við önnur ákvæði almennra hegningarlaga .....	47
9.1 Sakartæming.....	48
9.2 Brotasamsteypa .....	48
9.3 Árekstur við önnur ákvæði.....	48
9.3.1 Rangur framburður sbr. 142. gr. hgl.....	48
9.3.2 Rangar yfirlýsingar sbr. 145-147. gr. hgl.....	50
9.3.3 Rangur uppljóstur sbr. 149. gr. hgl.....	50
9.3.4 Skjalafals sbr. 155. gr. hgl.....	51
10 Samþykki sem refsileysisástæða .....	52
10.1 Flokkun refsileysisástæðna .....	52
10.2 Skilgreining á samþykki.....	53
10.3 Réttaráhrif samþykkis .....	53
10.4 Skilyrði samþykkis.....	54
10.4.1 Hæfi.....	54
10.4.2 Heimild.....	55
10.4.3 Eðli hagsmuna .....	55
10.4.4 Vitneskja um aðstæður .....	55
10.4.5 Ólöglega fengið samþykki .....	56
10.4.6 Samþykki ekki afturkallað .....	56
10.5 Gildissvið samþykkis .....	56
10.6 Áhrif samþykkis við brotum skv. 148. gr. hgl. ....	57

11 Ákvörðun refsinga.....	60
11.1 Varnaðaráhrif refsinga.....	60
11.2 Atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar .....	61
11.2.1 Almennar refsilækkunarheimildir .....	62
11.2.2 Almennar refsihækkunarheimildir .....	62
11.3 Refsirammi 148. gr. hgl.....	63
11.3.1 Refsimörk 148. gr. hgl.....	63
11.3.2 Brot sem gefið er til kynna að viðkomandi hafi drýgt .....	63
11.3.3 Velferðarmissir.....	64
12 Birting dóms samkvæmt 2. mgr. 148. gr. hgl.....	68
13 Ákvörðun refsinga skv. 148. gr. hgl.....	68
13.1 Inngangur .....	68
13.2 Hæstaréttardómar frá 1920-2010 .....	69
13.2.1 Hrd. 1935, bls. 540 .....	69
13.2.2 Hrd. 1961, bls. 376 .....	69
13.2.3 Hrd. 1980, bls. 89 .....	70
13.2.4 Hrd. 1981, bls. 430 .....	71
13.2.5 Hrd. 1991, bls. 1500 .....	71
13.2.6 Hrd. 1991, bls. 1505 .....	72
13.2.7 Hrd. 1994, bls. 1060 .....	72
13.2.8 Hrd. 2006, bls. 450 .....	72
13.2.9 Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009).....	73
13.2.10 Hrd. 11. nóvember 2010 (110/2010).....	74
13.2.11 Ályktanir.....	74
13.3 Héraðsdómar .....	75
14 Tölfræði.....	78
14.1 Ríkislögreglustjóri.....	78

14.2 Ríkissaksóknari .....	79
14.3 Héraðsdómar .....	80
14.3.1 Brotaflokkar sem hinar röngu sakargiftir lúta að. ....	81
14.3.2 Játningar .....	82
14.3.3 Kyn .....	83
14.3.4 Dómsniðurstöður .....	83
14.4 Hæstaréttardómar .....	84
15 Lokaorð .....	84
Heimildaskrá .....	87
Dómaskrá .....	90
Myndaskrá .....	92



## 1 Inngangur

Að bera saklausa menn röngum sökum er refsivert samkvæmt 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstafað hgl.). Í lögfræðiorðabók eru rangar sakargiftir skilgreindar sem „Refsiverður verknaður sem nær til hvers konar aðferða sem viðhafðar eru í því skyni að valda því að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, sbr. 148. gr. hgl.“<sup>1</sup>

Miklar umræður hafa skapast í þjóðfélaginu þegar upp koma mál er varða við 148. gr. hgl. Hins vegar er ekki mikið til af rituðu efni um rangar sakargiftir og er það efni lítið rannsakað hér á landi.

Markmiðið með þessari ritgerð er að draga það helsta saman um rangar sakargiftir í 148. gr. hgl. m.a. hver eru skilyrði refsíabygðar fyrir rangar sakargiftir, hvaða verknaðaraðferðir koma til greina og hvernig refsing er ákvörðuð í þessum brotaflokk. Einnig hver réttarstaðan er í nágrannalöndum okkar, hvað er sameiginlegt og hvað ekki.

Rangar sakargiftir hafa mikil áhrif á þann sem þær beinast gegn og er sú háttsemi litin mjög alvarlegum augum af löggjafanum, en refsimörk sem sett eru í 148. gr. hgl. eru mjög há, það er 10 ára fangelsi og allt frá 2 árum upp í 16 ára fangelsi ef brot hefur í för með sér velferðarmissi. Athugað verður hversu algeng brotin eru og hversu þungar refsingar liggja við þeim.

Uppbygging ritgerðarinnar er á þá leið að gerð er grein fyrir ákvæðinu í sögulegu samhengi. Hvaða verndarhagsmuni ákvæðið verndar og hvaða skilyrði eru fyrir því að refsíabyrgð stofnast. Lýst verður þeim verknaði sem er refsiverður samkvæmt ákvæðinu og hverjir geta verið þolendur og gerendur rangra sakargifta. Verknaðarlýsing ákvæðisins verður greind og skoðuð tengsl 148. gr. hgl. við önnur ákvæði sömu laga. Gerð er grein fyrir samþykki sem refsileysisástæðu í málum er varða rangar sakargiftir og hvernig þeim málum er háttað í nágrannalöndum okkar. Farið verður yfir ákvörðun refsingar og að lokum verður kafli um tölfræði yfir brot gegn ákvæðinu.

---

<sup>1</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 331.

## 2 Sögulegt yfirlit

### 2.1 Grágás og Jónsbók

Hvorki í Grágás né Jónsbók er að finna sjálfstætt ákvæði um rangar sakargiftir í líkingu við 148. gr. hgl. Þó má finna ákvæði sem hugsanlega eiga sér efnislega samsvörun við núgildandi ákvæði um rangar sakargiftir.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framangreindum ákvæðum Grágásar og Jónsbókar og túlkun fræðimanna á þeim.

Lúðvík Ingvarsson tekur fram í bók sinni *Refsingar á Íslandi* að bæði í Konungsbók og Staðarhólsbók sé að finna ákvæði sem fjalla um þegar menn særa sjálfan sig, fá annan mann til að særa sig eða þegar maður lýgur upp sári. Sá sem hann kenndi um sárið gat sótt hann til saka eða einhvern úr hópi andstæðinga hans. Refsing við þessu var fjörbaugsgarður og leiddi til að maður var óæll til dóms. Lúðvík telur að afbrotið sem verið er að refsfa fyrir sé í raun rangar sakargiftir en ekki líkamsárás.<sup>2</sup> Lúðvík nefnir allnokkur ákvæði Vígslóða Staðarhólsbókar Grágásar sem hann telur fela í sér rangar sakargiftir.<sup>3</sup>

Í grein eftir Þórð Eyjólfsson „*Refsiréttur Jónsbókar*“ fjallar hann um rangar sakargiftir sem refsivert brot samkvæmt Jónsbók. Umfjöllunin er stutt og einungis hluti af upptalningu refsiverðra brota. Um rangar sakargiftir tekur Þórður Eyjólfsson fram eftirfarandi:

Röng sakargift eða rógur við konung eða biskup, jarl eða sýslumann varðar rógbera hinu sama sem sá ætti að svara, sem rægður er, ef hann væri þess sannur. En enginn á sök á sönnnum rógi, Mh., 25. kap. Ákvæði um rangar sakargiftir með fölsun eða misnotkun sýnilegra sönnunargagna eru í 181.4 og 269.11.<sup>4</sup>

Vísar hann hér til þess að í 25. kapítula Mannhelgisbálks Jónsbókar feli í sér rangar sakargiftir.<sup>5</sup> Túlkun á þessum 25. kapítula Mannhelgisbálks Jónsbókar um rógburð er

---

<sup>2</sup> Lúðvík Ingvarsson: *Refsingar á Íslandi*, bls. 99-100.

<sup>3</sup> Sjá 86. ákvæði Vígslóða í Konungsbók Grágásar: „Þat er mælt. ef maðr lygz sare á. eða særir sic sialfr eþa ræðr anan man til. at særa sic hvatki er honom gengr til þess oc varðar þat fiörbaugs garð. Enda er hann eigi þa helldr øll til doms en aðr. en sa maðr a söc þa er hann kenir sare. eða sa er vill. þeirra manna er igeqn honom váro.“ sbr. *Grágás Ia*, bls. 148.

Sjá 323. ákvæði Vígslóða í Staðarhólsbók Grágásar: „Ef maðr sörir sic sialfr fyrir öndkost eða lætr hann anan mann sære sic oc varðar þat fiörbaugs garð enda er hann eigi þa øll til doms. helldr en aðr. eða hans lags menn þoat hann villdi til þes breyta. Ecki varðar þat við lög þoat maðr láte liosta sic ef hann vill.“ sbr. *Grágás II*, bls. 354.

Sjá 275. ákvæði Vígslóða í Staðarhólsbók Grágásar: „En ef maðr lýgz sare á eða særir hann sic sialfr. sva oc ef hann ræðr anan man til. oc sva hvatki sem hann görir þes er hann fær af því sár. oc varðar þat fiör baugs garð. Sa a söc er hann kennir sár. eða sa hver er vill þeirra manna er i andscota flocki hans voro. þa er hann quaz sár fá. enda quað hann a engan vm.“ sbr. *Grágás II*, bls. 304.

<sup>4</sup> Þórður Eyjólfsson: „*Refsiréttur Jónsbókar*“, bls. 183.

<sup>5</sup> 25. kapituli Jónsbókar: „Svá er mælt um rógsmenn alla, at sá maðr er hann verðr kunnr ok sannr at því, at hann rægir mann við konung eða biskup, jarl eða sýslumann, svari slíku fyrir sem sá ætti er rægðr er, ef hann væri þess sannr, nema sá er rægði syni ok hafi fyrir sér séttareid. En ef maðr kennir þat róg manni, at hann hafi fengit

mismunandi og vafamál er hvort ákvæðið geti túlkast sem rangar sakargiftir eins og inntak þess er í dag. Í riti sínu, *Fjölmæli*, telur Gunnar Thoroddsen að ekki sé átt við rangar sakargiftir í 25. kapítula Mannhelgisbálks Jónsbókar, líkt og Þórður Eyjólfsson heldur fram, og rökstyður það með eftirfarandi hætti:

Hér er ekki lögð refsing við, heldur aðeins fullrétti til þess, sem misgert er við. Virðist ekki ráð fyrir því gert, að rógurinn feli í sér refsiverðar sakargiftir á hendur manni, heldur annað illt umtal, er valdi því, að maður falli í ónád hjá konungi.<sup>6</sup>

Þórður Eyjólfsson tekur einnig fram að ákvæði um rangar sakargiftir með fölsun eða misnotkun sýnilegra sönnunargagna sé að finna í 48. kapítula Landsleigubálks Jónsbókar, 181.4. og 6. kapítula Þjófabálks Jónsbókar, 269.11.<sup>7</sup> Samkvæmt 48. kapítula Landsleigubálks Jónsbókar er lögð refsing við því að merkja fé einhvers manns sem fé annars manns á þann hátt að féð blandist saman sem eign þess manns sem féð er merkt.<sup>8</sup> Hér er verið að sporna við því að maður verði ranglega sakaður um þjófnað á fé annars manns. Í 6. kapítula Þjófabálks Jónsbókar er það refsivert að koma fyrir þýfi í húsum eða hirzlum annars manns sem leiðir til að aðilinn er ranglega sakaður um þjófnað.<sup>9</sup> Fellur þetta vel að þeirri skilgreiningu á röngum sakargiftum eins og ákvæðið er skilið í dag.

## 2.2 Tilskipun um takmörkun prentfrelsis

Þann 27. september 1799 var innleidd tilskipun um takmörkun prentfrelsis. Þar sagði í 10. gr. að ef fram kom í prentuðu riti sakargiftir á hendur stjórnarráðinu, dómstólum eða öðrum embættismönnum, um óráðvendni í embættisrekstri, gátu þeir hreinsað sig af þessum ásökunum. Ef sakargiftir voru hins vera mjög meiðandi þá var það í höndum ríkisins að sækja málið á hendur höfundu ritsins. Í tilskipuninni sagði orðrétt:

En ef sakargipti er mjög meiðandi, og það er auk þess auðsætt eða líkindi til, að hún sje röng, þá viljum Vjer, einkum ef hún ef hún snertir stjórnarráð Vor, dómstóla eða helztu embættismenn, láta ríkissaksóknarann eða annan þar til skipaðann sóknara sækja mál á hendur höfundu ritsins. – Það leiðir að öðru leyti af sjálfu sjer, að sakborningur eins þegar

---

úpokka konungs af hans orðum, haldi fyrir eineiði, eða gjaldi eptir .vi. manna dómi sakarábera. En engi á sQ k á sQ nnum rögi.“ sbr. *Jónsbók*, bls. 65.

<sup>6</sup> Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 89.

<sup>7</sup> Tilvísanirnar 181.4 og 269.11 vísa til blaðsíðutals og setningarlínu.

<sup>8</sup> Sjá 48. kapítula Landsleigubálks Jónsbókar: „Nú verðr maðr vitnisfastr at því at hann merkir fé manns annars manns marki til þess at rægja þeim svá saman, gjaldi 5 fullrétti hvárum tveggja eptir .vi. manna dómi, en konungi .iiii. mQ rkum.“ sbr. *Jónsbók*, bls. 181.

<sup>9</sup> Sjá 6. kapítula Þjófabálks Jónsbókar: „En ef sá einn hverr er rannsakar eða annarr maðr berr eða bera lætr föla í hús manns eða hirzlur, svári fullrétti eptir lagadómi þeim er hús eða hirzlur á, en konungi slíku sem sá ætti, ef hann hefði stólit jafnmiklu.“ sbr. *Jónsbók*, bls. 269.

svo stendur á, eins og í hverju öðru einkamáli út af meiðyrðum, á að hafa rjett til, ef sakargiptin er skýr og ákveðin, að sanna, að hún sje á rökum byggð.<sup>10</sup>

Í Kansellíbréfi frá 24. september 1799 var tekið fram að þau mál sem embættismenn konungs væru skyldugir að höfða samkvæmt 10. gr. og 11. gr. tilskipunar frá 27. september 1799, eigi að fara beint til hlutaðeigandi dómstóls en ekki sáttanefndar líkt og önnur mál sem féllu undir tilskipunina.<sup>11</sup>

Fyrrgreind tilskipun frá 1799 var síðar felld úr gildi með prentfresislögum sem samþykkt voru á alþingi þann 5. maí 1855.

### **2.3 Hegningarlög frá 25. júní 1869**

Þann 25. júní 1869 voru sett hegningarlög á Íslandi. Þau voru byggð á dönskum lögum, Almindelig borgerlig Straffelov frá 10. febrúar 1866.<sup>12</sup> Um rangar sakargiftir og kærur er fjallað í 22. kafla laganna (226.–229. gr.). Í 227. gr. er ákvæði sem tekur til rangra sakargifta, ákvæðið hljóðar svo:

Hver, sem móti betri vitund segir yfirvaldi frá um mann, að hann hafi drýgt glæp, sem hann er saklaus af, skal sæta fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 6 árum eptir málavöxtum, einkum ef líflát eða hegningarvinna er í lögum lögð við glæp þeim, sem sagt var, að drýgður hafi verið.

Verknaðarlýsing ákvæðisins miðast við, að aðili beri vísvitandi upp rangar sakir á hendur saklausum manni til yfirvalds. Það fellur ekki undir ákvæðið ef röngum sakargiftum er haldið fram gegn saklausum aðila með öðrum hætti en til yfirvalda, til dæmis í riti eða við hóp manna.

Refsirammi ákvæðisins er 6 ár og við mat á ákvörðun refsingar má líta til þess hvort líflát eða hegningarvinna er að lögum lögð við þeim glæp sem sagt var, að drýgður hafi verið, en refsing er þó aldrei hærri en 6 ár.

### **2.4 Hegningarlög frá 12. febrúar 1940**

Árið 1939 voru hegningarlögin tekin til heildarendurskoðunar. Þann 12. febrúar 1940 voru ný hegningarlög nr. 19/1940 samþykkt á Alþingi og eru enn í gildi.

Í XV. kafla almennra hegningarlaga (142.-149. gr.) eru ákvæði um rangan framburð og rangar sakargiftir. Áður höfðu þessi ákvæði verið í sitt hvorum kafla í hegningarlögum frá

<sup>10</sup> Magnús Stephensen og Jón Jenson: *Lagasafn handa alþýðu*, bls. 163-4.

<sup>11</sup> Magnús Stephensen og Jón Jenson: *Lagasafn handa alþýðu*, bls. 164.

<sup>12</sup> Alþt. 1867, A-deild, bls. 126.

1869. Ástæða þess var að röng kæra, sem var að finna í XXII. kafla hegningarlögganna frá 1869 getur einnig haft í för með sér rangan framburð, en það ákvæði var í XIV. kafla sömu laga.<sup>13</sup> Í 148. gr. hgl. er að finna ákvæði er tekur til rangra sakargifta.

Verknaðarlýsing 148. gr. hgl. nær til hvers konar aðferða sem koma því til leiðar að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Verknaðaraðferðir sem ákvæðið tiltekur eru röng kæra, rangur framburður, rangfærsla, undanskot gagna og öflun falsgagna. Aðferðirnar eru ekki tæmandi taldar sbr. orðalagið „á annan hátt“ í ákvæðinu og er því hægt að refsa fyrir hvers konar aðferð sem notuð er í því skyni að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

Ólíkt því sem áður hafði gilt um rangar sakargiftir í hegningarlögum frá 1869 þá miðast verknaðarlýsing 148. gr. hgl. ekki eingöngu við að röngum sakargiftum á hendur saklausum manni sé beint til yfirvalds. Nú er því hægt að refsa fyrir rangar sakargiftir er koma til dæmis fram í riti eða er haldið fram fyrir hópi manna.

Í 2. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. segir að við ákvörðun refsingar skuli hafa til hliðsjónar hversu þung hegning er lögð við því broti sem sagt er, eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Í 3. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. segir að hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum. Ekkert kemur fram í greinargerð með frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum um ástæðu fyrir því að refsiramminn er svo víðtækur þegar brot hefur í för með sér velferðarmissi.<sup>14</sup> Sjá frekari umfjöllun í kafla 11.3.3.

Í 2. mgr. 148. gr. hgl. er fjallað um birtingu dóms opinberlega að beiðni þess sem fyrir óréttinum varð. Þessa heimild hafði ekki áður verið að finna í hegningarlögum frá 1869. Sjá frekari umfjöllun í kafla 12.

Áður vísaði 148. gr. hgl. til lágmarksrefsingar 142. gr. hgl. er fjallar um rangan framburð, en í 148. gr. hgl. sagði: „Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið“. Með lögum nr. 101/1976 voru gerðar breytingar á almennum hegningarlögum. Með 12. gr. þeirra breytingarlaga var lágmarksrefsing 142. gr. hgl. afnumin sem var 3 mánaða fangelsi. Ástæða þess var að löggjafinn taldi lágmarksrefsinguna óheppilega þar sem verknaður skv. 142. gr. hgl. gat verið misjafnlega vítaverður og aðdragandi að verknaði skv. þeirri grein væri mismunandi. Taldi löggjafinn því heppilegra að afnema lágmarksrefsinguna og mæla einungis fyrir um hámarksrefsingu en að

---

<sup>13</sup> Alpt. 1939, A-deild, bls. 379.

<sup>14</sup> Alpt. 1939, A-deild, bls. 380.

leggja það í hendur dómstóla að meta lágmarksrefsingu fyrir brot á 142. gr. hgl.<sup>15</sup> Þar sem 148. gr. hgl. vísaði til lágmarksrefsingar 142. gr. hgl. var lagt til að 148. gr. hgl. yrði breytt í samræmi við 142. gr. hgl. Felld var því á brott fyrrgreind setning er vísaði til lágmarksrefsingar 142. gr. hgl.<sup>16</sup> Ákvæðið, 148. gr. hgl., er því nú svohljóðandi:

Hver, sem með rangri kærri, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

Ákveða má í dómi, eftir beiðni þess, sem fyrir óréttinum hefur orðið, að niðurstaða dóms og það af forsendum hans, sem dómur telur hæfilegt, skuli birt að opinberri tilhlutan í einu eða fleirum opinberum blöðum eða ritum.

### 3 Verndarhagsmunir

Hugtakið verndarhagsmunir tekur til hagsmuna sem liggja að baki þeirri ákvörðun löggjafans að gera ákveðinn verknað refsiverðan. Hagsmunir sem á að vernda geta verið fólk, hlutir, réttindi o.þ.h. og er refsingu ætlað að koma í veg fyrir að einhver brjóti gegn þeim hagsmunum.<sup>17</sup> Hugtakið verndarhagsmunir er víðtækt og tekur til allra lögmætra hagsmuna sem refsíákvæði vernda eða er ætlað að vernda.<sup>18</sup> Refsíákvæði geta verið víðtækari en svo að þau verndi aðeins einstaklingshagsmuni, heldur geta þau einnig verndað opinbera hagsmuni (almannahagsmuni). Verndarhagsmunirnir hafa þó mismunandi vægi, allt eftir lögskýringu þess ákvæðis sem um ræðir.<sup>19</sup>

Verndarhagsmunir koma oftast ekki fram í lagatextanum sjálfum en sum refsíákvæði gefa þó skýrt til kynna hvaða hagsmuni þau vernda, t.d. X. kafli hgl. um landráð, en ákvæði kaflans vernda brot gegn íslenska ríkinu sbr. opinbera hagsmuni. Þótt það geti verið ljóst af lestri ákvæðis hvaða hagsmuni það verndar, þá getur skoðun á lögskýringargögnum leitt í ljós aðra hagsmuni, hagsmuni sem ekki eru augljósir með því að lesa einungis texta ákvæðis. Sem dæmi um þetta má benda á XXII. kafla almennra hegningarlaga. sem fjallar um kynferðisbrot. Þegar sá kafli er lesinn fer ekki á milli mála að þeir hagsmunir sem hann verndar eru einstaklingshagsmunir, nánar tiltekið hagsmunir þeirra sem verða fyrir kynferðisbroti. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 61/2007 sem breyttu XXII. kaflanum er tekið fram að

<sup>15</sup> Alþt. 1976-77, A-deild, bls. 465.

<sup>16</sup> Alþt. 1976-77, A-deild, bls. 466.

<sup>17</sup> Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del. I. Ansvarslæren*, bls. 66-7.

<sup>18</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 58.

<sup>19</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 58.

ákvæðin eigi það sameiginlega markmið að vernda kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt, frelsi og friðhelgi einstaklingsins á sviði kynlífsins, þ.e.a.s. einstaklingshagsmuni. Þar að auki er tekið fram að sum ákvæði kaflans byggist á siðferðis- og siðgæðissjónarmiðum og þeim er ætlað að vernda tilfinningar fólks, auk almennra þjóðfélagshagsmuna.<sup>20</sup>

Óvissa getur ríkt um hvaða hagsmunir liggja að baki refsíákvæði, þ.e. hvort um einstaklingshagsmuni, opinbera hagsmuni eða hvoru tveggja sé að ræða. Þegar refsíákvæði vernda ólíka hagsmuni er nauðsynlegt að leggja mat á hvaða hagsmunir það eru sem vega þyngra. Í slíku mati er hægt að bera ákvæðin saman og skoða niðurröðun þeirra í lagabálgnum.<sup>21</sup> Einnig má skoða ákvæðin með hliðsjón af réttaráhrifum samþykkis sem refsileysisástæðu. Ef aðili er bær til að samþykkja að brotið sé á tilteknum hagsmunum hans, vega þeir einstaklingshagsmunir þyngra en opinberir. Ef enginn aðili er hins vegar bær til að gefa samþykki um brot á hagsmunum, bendir það til þess að opinberir hagsmunir vegi þyngra.<sup>22</sup>

Almenn hegningarlög eru sett upp á þann hátt að auðvelt er að greina hvaða hagsmunum brot beinist gegn og endurspeglast það í kaflaskiptingu laganna. Kaflar X.-XIV. vernda fyrst og fremst opinbera hagsmuni, kaflar XV.-XVIII. vernda bæði opinbera og einstaklingshagsmuni með blönduðum hætti og kaflar XXI.-XXVII. vernda aðallega einstaklingshagsmuni en þó geta opinberir hagsmunir einnig komið til álita vegna almannaöryggis.<sup>23</sup>

### **3.1 Verndarhagsmunir 148. gr. hgl.**

Í XV. kafla almennra hegningarlaga eru ákvæði sem vernda bæði opinbera og einstaklingshagsmuni. Þó getur verið óljóst hvor hagsmununum er ætlað að vega þyngra í einstökum ákvæðum kaflans.

Jónatan Þórmundsson skoðar þetta í ljósi réttaráhrifa samþykkis<sup>24</sup>. Í riti sínu *Afbrot og refsíábyrgð I* ber höfundur saman tvö ákvæði kaflans, 142. gr. og 148. gr. hgl. Samkvæmt 142. gr. hgl. um rangan framburð, getur samþykki ekki verkað sem refsileysisástæða. Ákvæðið verndar fyrst og fremst opinbera hagsmuni, en við brotum gegn 148. gr. hgl. um

<sup>20</sup> Alþt. 2006-7, A-deild, bls. 519.

<sup>21</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 58.

<sup>22</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 46.

<sup>23</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 45. Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 58.

<sup>24</sup> Sjá umfjöllun um samþykki sem refsileysisástæðu í kafla 10.

rangar sakargiftir er samþykki gild refsileysisástæða. Í slíkum tilvikum vege hagsmunir einstaklinga þyngra en opinberir hagsmunir.<sup>25</sup>

Samkvæmt Knud Waaben er það almenn leiðbeiningarregla að samþykki geti einungis verið refsileysisástæða fyrir refsiverðan verknað þegar einstaklingshagsmunir liggja að baki refsíákvæði en ekki opinberir hagsmunir.<sup>26</sup>

Eins og fyrr segir telur Jónatan Þórmundsson að annað gildi um rangar sakargiftir, enda raski þær einstaklingshagsmunum mikið og því dugi samþykki til sem refsileysisástæða. Jónatan telur því að opinberir hagsmunir víki fyrir einstaklingshagsmunum í tilviki rangra sakargifta.<sup>27</sup>

Nauðsynlegt er að hægt sé að bera traust til réttarkerfisins, en verknaður skv. 1. mgr. 148. gr. hgl. getur haft áhrif á opinbera hagsmuni á þann hátt að það raskar öryggi og áreiðanleika réttarkerfisins. Að baki ákvæðinu eru einnig ríkir einstaklinghagsmunir. Það hefur verið talið að einstaklingshagsmunir vegi þyngra heldur en opinberir, einna helst í ljósi þess að verknaðarþoli getur leyst geranda undan refsíábyrgð með því að gefa gilt samþykki um að brotið sé á tilteknum hagsmunum hans.<sup>28</sup>

Í *Hrd. 1991 bls. 1505* var maður sýknaður af broti gegn 1. mgr. 148. gr. hgl. þar sem gilt samþykki var til staðar frá brotþola. Í forsendum Sakadóms Keflavíkur 10. júní 1991, sem Hæstiréttur staðfesti, var tekið fram:

148. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er lýtur að röngum sakargiftum, er bæði sett til verndar opinberum hagsmunum og einkahagsmunum þess, sem sakir eru bornar á. Þegar þessir hagsmunir vegast á, verður þó að telja, að einkahagsmunirnir megi sín meira, þannig, að fyrir fram gefið samþykki þess, sem sakir eru á bornar, verki sem refsileysisástæða.

Samkvæmt fyrrgreindum dómi og viðhorfum fræðimanna eru einstaklingshagsmunir taldir vege þyngra en opinberir hagsmunir sem liggja að baki 148. gr. hgl. Gilt samþykki er því refsileysisástæða á Íslandi í málum sem varða rangar sakargiftir.

---

<sup>25</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 60.

<sup>26</sup> Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del. I Ansvarslæren*, bls. 67.

<sup>27</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 86.

<sup>28</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 60.



## 4 Skilyrði refsíabyrgðar skv. 148. gr. hgl.

### 4.1 Almenn

Í 1. mgr. 1. gr. hgl. segir: „Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.“

Ákveðin skilyrði eru tengd verknaðarlýsingu refsíákvæða þegar um hefðbundna refsíabyrgð er að ræða. Þessi skilyrði eru refsinnæmi, ólögmæti og saknæmi. Einnig er skilyrði um sakhæfi en í því felst að aðili, sem sækja á til saka fyrir refsiverðan verknað, verður að hafa náð sakhæfisaldri sem er 15 ára skv. 14. gr. hgl. Í 15. og 17. gr. hgl. er svo að finna ákvæði um geðrænt sakhæfi. Ef fullnægt er öllum refsiskilyrðum laga með að fremja brot eða vanrækja skyldu sem lög kveða á um, hefur refsíabyrgð stofnast.<sup>29</sup>

Refsilög sem kveða á um refsingu við tilteknum verknaði verða að vera í gildi á þeim tíma sem refsivert brot er framið skv. 2. gr. hgl. Einnig verður að huga að því hvort brot teljist fyrnt skv. 80-82. gr. hgl.<sup>30</sup>

### 4.2 Refsinæmi

Jónatan Þórmundsson skilgreinir refsinnæmi á eftirfarandi hátt: „Sú háttsemi telst refsinnæm sem *fellur undir verknaðarlýsingu refsíákvæðis* eða sem öldungis má *jafna til hegðunar* sem þar er lýst, sbr. 1. gr. hgl. um refsheimildir.“<sup>31</sup> Refsíákvæði getur tiltekið fleiri en eina verknaðaraðferð í verknaðarlýsingu sinni, þá nægir að aðeins ein þeirra aðferða sé notuð í verknaði geranda.<sup>32</sup> Þetta á við um 1. mgr. 148. gr. hgl. sem tiltekur ýmsar verknaðaraðferðir sem eru ekki tæmandi taldar í ákvæðinu, nægir því ein þeirra aðferða til að verknaður teljist refsinnæmur.

Flest refsíákvæði hafa að geyma hlutræna efnisþætti sem hægt er að staðreyna.<sup>33</sup> Má nefna 211. gr. hgl. en þar segir „Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.“ Að svipta annan mann lífi hefur að geyma hlutrænan efnisþátt sem hægt er að staðreyna, hægt að staðfesta að maðurinn sé sviptur lífi.

Hins vegar geta refsíákvæði verið með þeim hætti að ákveðin huglæg atriði þurfa að vera til staðar svo verknaður teljist refsinnæmur. Við þessar aðstæður getur verið erfitt að greina á milli refsinnæmis og saknæmis<sup>34</sup> Jónatan Þórmundsson tekur sem dæmi 142. gr. hgl. um

<sup>29</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 37-8.

<sup>30</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38.

<sup>31</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38.

<sup>32</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 165.

<sup>33</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 165.

<sup>34</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 165.

rangan framburð. En efnispættir brots skv. 142. gr. hgl. verða ekki greindir frá saknæmiskröfum sem gerðar eru, en kröfurnar eru að aðili hafi vísvitandi sagt rangt frá. Ef aðili hafi talið sig vera að segja rétt frá en framburðurinn reynist rangur þá er það refsilaust skv. 142. gr. hgl.<sup>35</sup> Sama á við um 1. mgr. 148. gr. hgl. en það að bera einhvern röngum sökum skv. þeirri grein verður að fela í sér þann tilgang að fá einhvern sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Ef verknaður fellur undir verknaðarlýsingu 1. mgr. 148. gr. hgl. og refsinámi þar af leiðandi til staðar er ekki þar með sagt að saknæmiskröfurnar séu uppfylltar. Aðili getur til dæmis hafa lagt fram ranga kæru til lögreglu sem hann í raun og veru taldi rétta. Saknæmisskilyrðinu er því ekki fullnægt og því refsilaust skv. 1. mgr. 148. gr. hgl.

### 4.3 Ólögmæti

Refsiverður verknaður þarf að vera ólögmætur. Þó ákveðin háttsemi sé refsiverð að lögum, þ.e. ólögmæt, geta ákveðnar ástæður leitt til þess að ólögmæt háttsemi verði lögmæt og því refsilaus. Hlutrænar refsileysisástæður eru dæmi um ástæður sem leitt geta til þess að ólögmæt háttsemi sé lögmæt, t.d. neyðarvörn, neyðarréttur og samþykki. Reglur um ómöguleika og mekaniska nauðung leiða einnig til sýknu þar sem lágmarksinntak frumverknaðar skortir.<sup>36</sup>

Ef aðili heldur fram röngum sakargiftum á hendur saklausum manni í því skyni að hann verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsivert brot telst sá verknaður ólögmætur. Sé hins vegar til staðar gilt samþykki frá þeim saklausa manni um að aðilinn megi bera á sig rangar sakir verður verknaðurinn lögmætur og þar að leiðandi refsilaus.

### 4.4 Saknæmi

Hugtakið sök er heildarhugtak yfir hin huglægu refsiskilyrði, saknæmi og sakhæfi. Sök er einnig mælistika á grófleika brots við ákvörðun refsingar og er notað í réttarfarsmerkingu yfir huglæg og hlutlæg atriði sem þarf að sanna til að hægt sé að sakfella.<sup>37</sup>

Saknæmi er ákveðin huglæg afstaða þess sem fremur refsiverðan verknað. Saknæmisskilyrðin eru skv. 18. gr. hgl. ásetningur eða gáleysi. Einungis er refsað fyrir gáleysisbrot ef það er sérstaklega tilgreint í refsíákvæði að heimilt sé að refsa fyrir slíkt. Í sérrefsilögum gilda saknæmisskilyrðin jöfnum höndum nema annað sé tekið fram. Annað

---

<sup>35</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 165. Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 87.

<sup>36</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 39.

<sup>37</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 40.

hvort þessara skilyrða verða að vera uppfyllt til að hægt sé að koma við refsingu. Það fer eftir lagaákvæðinu hverju sinni hvort ásetningur eða gáleysi dugi til, eða hvort þau gildi jöfnum höndum.<sup>38</sup>

Ásetningur þarf að ná til allra efnispátta verknaðar eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu refsíákvæðis. Þegar um er að ræða tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram þá verður ásetningurinn að ná til afleiðinga brotsins sem ekki eru komnar fram.<sup>39</sup>

Samkvæmt 148. gr. hgl. þarf ásetningur að vera til staðar til að refsingu verði komið við, sbr. einnig orðalag ákvæðisins „leitast við að koma því til leiðar“. Frekari umfjöllun um ásetning til rangra sakargifta er í kafla 7.1.

## 5 Verknaður samkvæmt 148. gr. hgl.

### 5.1 Verknaður

Verknaðarhugtakið í rýmri merkingu tekur til efnislýsingar eða verknaðarlýsingar refsíákvæðis sem er mismunandi eftir því hvort um er að ræða tjónsbrot þar sem tiltekin afleiðing þarf að hafa hlotist af verknaði, hættubrot þar sem verknaður hefur valdið hættu eða samhverft brot þar sem verknaður nægir til þess að afleiðing komi fram.<sup>40</sup> Verknaður sem felur í sér rangar sakargiftir samkvæmt 148. gr. hgl. fellur undir tjónsbrot með fullframningarstig fært fram. Umfjöllun miðast framvegis við tjónsbrot og verður fullframningarstigi þeirra lýst hér á eftir.

Í þrengri merkingu er verknaður skilgreindur sem sú athöfn sem leiðir til afleiðinga. Jónatan Þórmundsson notar hugtakið frumverknað við verknað í þrengri merkingu.<sup>41</sup> Verknaðarlýsing refsíákvæðis sem fellur undir tjónsbrot tekur til þriggja efnispátta, þ.e. frumverknaðar, verknaðaraðstæðna, og afleiðinga. Efnispættirnir eru í meginatriðum hlutlægir, þ.e. mælanlegir, en geta þó einnig verið huglægir, þ.e. huglæg afstaða geranda.<sup>42</sup> Frumverknaður getur verið framkvæmdur með athöfn eða athafnaleysi, en Jónatan skilgreinir hann sem: „ytri líkamleg hreyfing, sem greind verður í umhverfinu og er manni sjálfráð (athöfn) eða möguleg, þótt eigi sé framkvæmd (athafnaleysi)“. Ytri líkamleg hreyfing tekur ekki til hugsana en tjáning þeirra getur orðið grundvöllur refsíabyrgðar, t.d. ósannindi.<sup>43</sup>

<sup>38</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 41.

<sup>39</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 41.

<sup>40</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 32.

<sup>41</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 32-33.

<sup>42</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38.

<sup>43</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 33.

Samkvæmt 1. mgr. 148. gr. hgl. er verknaðurinn fólgin í því að koma fram með ranga kæru, rangan framburð, rangfærslu eða undanskot gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Verknaðarlýsing ákvæðisins er mjög víðtæk og er ekki tæmandi talin, sbr. orðalagið „á annan hátt“. Til að verknaður verði refsiverður samkvæmt 1. mgr. 148. gr. hgl. verður hann að falla undir verknaðarlýsingu ákvæðisins. Þar sem verknaðarlýsingin er ekki tæmandi talin þá skiptir miklu hver sé tilgangur verknaðarins. Eins og fram kemur í ákvæðinu þá þarf tilgangur með verknaði að vera sá að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Allir verknaðir sem hafa þennan tiltekna tilgang falla því undir 1. mgr. 148. gr. hgl.<sup>44</sup> Verknaðarlýsing 1. mgr. 148. gr. hgl. er ítarlega greind í kafla 8.

Verknaðarlýsing refsíákvæðis getur tiltekið ákveðnar verknaðaraðstæður sem eru áskildar þegar verk er unnið. Verknaðaraðstæður tengjast því frumverknaði en eru þó ekki hluti af honum.<sup>45</sup> Sem dæmi má nefna 184. gr. hgl. sem leggur bann við öflun tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er aðili hefur umráð yfir. Hér er frumverknaður öflun tekna beint eða óbeint af fjárhættuspili eða veðmáli. Verknaðaraðstæður sem ákvæðið tiltekur eru þær að verknaður þarf að hafa verið framinn í húsnæði sem aðili hefur umráð yfir. Í 148. gr. hgl. er ekki gerður áskilnaður um að ákveðnar verknaðaraðstæður hafi verið fyrir hendi til að verknaður teljist refsíákvæmur.

## 5.2 Tjónsbrot með fullframningarstig fært fram

Til að skilyrði refsíábyrgðar sé uppfyllt þarf að vita hvenær afbrot telst fullframið. Jónatan Þórmundsson hefur skilgreint hvenær afbrot telst fullframið:

Afbrot telst fullframið, þegar allir þeir efnisþættir verknaðar eru fram komnir, sem hlutaðeigandi refsíákvæði tilgreinir eða hefur að geyma í verknaðarlýsingu sinni. Vanti eitthvað upp á það hlutrænt séð, að öll þau atriði séu fram komin, sem í verknaðarlýsingu felast, er sá verknaður refsílaus, nema skilyrði refsiverðrar tilraunar séu fyrir hendi.<sup>46</sup>

Afleiðingar tjónsbrotanna er miðuð við fullframningarstig brotanna. Brot telst því fullframið þegar afleiðing brots er komið fram en einnig getur verið um að ræða tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram, þ.e. brot telst fullframið án tillits til afleiðinga.<sup>47</sup> Afleiðingar geta komið fram strax í kjölfar verknaðar en einnig getur það tekið tíma að afleiðing komi

<sup>44</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 87.

<sup>45</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 36.

<sup>46</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 103.

<sup>47</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 76.

fram. Hvort brot telst fullframið, eins og refsíákvæði áskilur, fer eftir því hvort fullframningarstigið hafi verið fært fram eða ekki. Þegar um er að ræða venjulegt fullframningarstig er tjónsbrot fullframið þegar afleiðingar koma fram en ef fullframningarstig er fært fram þá telst tjónsbrot fullframið án tillits til afleiðinga. Það er algjört skilyrði að ásetningur, eða gáleysi, nái einnig til afleiðinganna, sbr. 18. gr. hgl.<sup>48</sup>

Fullframningarstig brota er fært fram til að auka virkni og gera varnaðaráhrif sem refsíákvæði vernda sterkari. Þau brot þar sem fullframningarstigið er fært fram eru þess háttar brot að mikilvægt er að þau leysist sem fyrst, áður en það verður erfiðara að upplýsa þau, og draga einhvern til ábyrgðar.<sup>49</sup>

Rangar sakargiftir teljast til tjónsbrotanna með fullframningarstigið fært fram. Í 1. mgr. 148. gr. hgl. er gerður áskilnaður um að ásetningur nái til þess að fá einhvern sakaðan um eða dæmdan fyrir brot sem hann er saklaus af. Ásetningur þarf því að ná til afleiðinganna þó svo að afleiðingarnar komi ekki fram.

Í *Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009)* var stúlka sýknuð af röngum sakargiftum gegn fjórum mönnum þar sem ósannað var að hún hefði með ásetningi borið mennina röngum sökum. Vísar Hæstiréttur til þess að mikið magn fíkniefna fannst í blóði hennar, auk þess hafi aðstæður verið með þeim hætti að ekki væri hægt að útiloka að stúlkan hefði upplifað þær aðstæður sem hún þurfti að þola sem nauðung. Sjá ítarlegri reifun á dómnum í kafla 8.2.

Í *Hérd. Suðl. 8. september 2008 (S-266/2008)* var maður ákærður fyrir rangar sakargiftir en til vara ranga skýrslugjöf fyrir að hafa ítrekað gefið lögreglu upp nafn og kennitölu bróður síns er hann var stoppaður fyrir umferðarlagabrot. Í málinu lágu fyrir myndupptökur af ákærða og af bróður hans þar sem bróðirinn segir lögreglu frá er ákærði hafi tilkynnt sér að hann hafi gefið lögreglu upp nafn sitt og kennitölu. Héraðsdómariinn taldi fullsannað að þetta ætti undir 148. gr. hgl. um rangar sakargiftir. Brot skv. 148. gr. hgl. var fullframið og með þeirri háttsemi hafi ákærði leitast við að saklaus maður yrði sakaður um eða dæmdur fyrir brot sem hann var saklaus af. Tekur héraðsdómariinn fram að háttsemin eigi ekki undir 146. gr. hgl um ranga skýrslugjöf. Til samanburðar má benda á *Hérd. Suðl. 18. mars 2011 (S-498-2010)* en í því máli hafði maður verið ákærður fyrir rangar sakargiftir, en til vara ranga skýrslugjöf, fyrir að hafa ítrekað gefið lögreglu upp nafn og kennitölu vinar síns og undirritað sektarboð í hans nafni er hann var stoppaður fyrir umferðarlagabrot. Héraðsdómariinn í þessu máli lætur háttsemina falla undir 146. gr. hgl. en ekki 148. gr. hgl. Vísar hann til þess að ákærði hafi strax látið vin sinn vita að hann hafi gefið lögreglu upp nafn hans, einnig hafi ljósmynd verið

<sup>48</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 74-6.

<sup>49</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 77. Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 51.

tekin af ákærða og því mátti honum vera ljóst að þetta kæmist upp áður en langt um leið. Taldi héraðsdómarinn því ekki að ásetningur væri til staðar hjá ákærða að koma því til leiðar með þessari háttsemi að fá vin sinn sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Málið var fellt undir 146. gr. hgl. eins og áður sagði. Héraðsdómararnir eru með mismunandi sönnunar- og sakarmat í dómum sínum. Sá fyrri telur að ásetningur hafi verið til staðar á verknaðarstundu og sá ásetningur hafi náð til afleiðinga hans. Sá seinni telur ásetning, til að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað, ekki hafa verið til staðar. Verður að gagnrýna seinni dóminn með þeim rökum að brot skv. 148. gr. hgl. telst fullframið þegar verknaðurinn var framinn. Þegar ákærði í málinu gaf upp nafn og kennitölu vinar síns og að auki skrifaði undir sektarboð í hans nafni hafði hann fullframið brot skv. 148. gr. hgl. Það að geranda megi vera ljóst að verknaður komist upp áður en langt um líður frá broti þýðir ekki að ásetningur hafi ekki verið til staðar. Fyrri dómurinn er í samræmi við fyrri dómaframkvæmd og þau sjónarmið sem gilda um tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram. Sjá frekari umfjöllun um samtvinnun sönnunar- og sakarmats í kafla 7.1.

### 5.3 Tilraun

Löggjafinn hefur rýmkað refsíabyrgð á þann hátt að tilraun til verknaðar sem refsíákvæði tiltekur refsiverðan leiðir til refsíabyrgðar þó svo að brot sé ekki fullframið, né afleiðingar af verknaðinum séu komnar fram.<sup>50</sup> Í 20. gr. hgl. er að finna tilraunaheimild og tekur hún einungis til hgl. en ekki sérrefsilaga nema þar sé að finna tilvísun til 20. gr. hgl. Ef ekki væri til staðar tilraunaheimild þá myndi það leiða til þess að sýkna yrði fyrir öll þau brot sem ekki væru fullframin, burt séð frá brotaviljanum sem væri fyrir hendi hjá geranda.

Í stað fyrir tilraunaheimild er hægt að færa fullframningarstig brota fram eða lögfesta fleiri hættubrot.<sup>51</sup> Hættubrot eru þess eðlis að hægt er að sakfella burt séð frá tjóni eða afleiðingum. Eina sem skiptir máli er hættan sem verknaður hafði í för með sér.<sup>52</sup>

Tilraunaheimild 20. gr. hgl. er svohljóðandi:

Hver sá, sem tekið hefur ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefur, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerst sekur um tilraun til þess.

Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.

<sup>50</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 104-5.

<sup>51</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 105.

<sup>52</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 79.

Ef hagsmunum þeim, sem verknaður beinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttað, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður.

Tilraunaverknaður getur verið á þann hátt að verknaður telst tilraun til ákveðins brots en á sama tíma er með verknaðinum fullframið brot gagnvart öðru refsíákvæði. Sem dæmi má nefna líkamsárás sem telst fullframið brot skv. 218. gr. hgl. en verknaðurinn er á sama tíma tilraun til manndráps sbr. 211. gr. hgl. sbr. 20. gr. hgl. Tilraun til manndráps er alvarlegra brot og tæmir sök gagnvart 218. gr. hgl.<sup>53</sup>

Til að hægt sé að refsa fyrir tilraun til afbrots þarf ásetningur að vera til staðar, gáleysi nægir ekki til. Ásetningurinn verður alltaf að ná til allra þeirra efnispátta sem refsíákvæði tiltekur í verknaðarlýsingu sinni sem fullframið afbrot. Andlag ásetnings er því hið sama við tilraunabrot og fullframið afbrot.<sup>54</sup>

Sú almenna regla gildir að þegar tilraunaverk er framið þá sé hámarksrefsing sú sama og ef brotið væri fullframið. Í 2. mgr. 20. gr. hgl. er að finna heimild til að milda refsinguna og telur Jónatan Þórmundsson að heimild sé til að færa refsinguna niður fyrir refsilágmark þess refsíákvæðis sem um ræðir.<sup>55</sup> Í 3. mgr. 20. gr. hgl. er ákvæði um ónothæfa tilraun. Í þeim tilvikum er hægt að fella refsingu niður. Þegar um er að ræða tjónsbrot með fullframningarstig fært fram þá gilda 2. og 3. mgr. 20. gr. hgl. ekki um þau brot þar sem þess konar brot teljast fullframin þrátt fyrir að afleiðing þeirra sé ekki komin fram.<sup>56</sup> Þrátt fyrir þetta er ekki útilokað að hægt sé að refsa fyrir tilraun til tjónsbrot með fullframningarstig fært fram skv. 1. mgr. 20. gr. hgl. Ákveðnar undirbúningsathafnir geta leitt til refsingar.<sup>57</sup> Í tilraun til afbrots felast tvenns konar athafnir, framkvæmda- og undirbúningsathafnir. „Með undirbúningsathöfnum er átt við þær athafnir eða ráðstafanir geranda, sem miða að framkvæmd brots eða er ætlað að miða að framkvæmd þess, en þær nægja þó ekki til þess, að brotið geti fullframist.“<sup>58</sup>

Rangar sakargiftir eru með fullframningarstigið fært mikið fram og geta því hvers konar verknaðir leitt til þess að brot teljist fullframið ef verknaðurinn er með þeim ásetningi, að koma því til leiðar, að saklaus einstaklingur verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsivert brot.<sup>59</sup> Það má því telja að mjög þunn lína sé á milli þess að fullfremja brot skv. 148. gr. hgl. og framkvæma refsiverða tilraun til brots skv. refsíákvæðinu. Ekki hefur fallið neinn hæstaréttardómur sem tekur á tilraunabroti til rangra sakargifta. Hægt er þó að ímynda sér

<sup>53</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 104.

<sup>54</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 106.

<sup>55</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 107-8.

<sup>56</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 51. Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 76.

<sup>57</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 103.

<sup>58</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 114.

<sup>59</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 77.

tilvik þar sem brot skv. 148. gr. hgl. er ekki fullframið heldur einungis um tilraun að ræða. Undirbúningsathafnir til brots á 148. gr. hgl. gætu falist í því að afla upplýsinga um aðilann sem brot á að beinast gegn, falsa skilríki hans, tveir eða fleiri koma sér saman um að ásaka saklausan mann um refsiverðan verknað o.s.frv. Ásökun um refsivert brot gagnvart saklausum aðila sem haldið er fram í bréfi sem kemst aldrei til skila getur talist tilraunabrot, en um leið og bréfið kemst til skila er brotið fullframið. Þegar aðili sakar annan mann um refsivert brot sem hann telur saklausan af en hann er í raun sekur þá er um að ræða tilraunabrot, svokallað pútatívt brot. Pútatívt brot er þegar aðili telur brot sitt fullframið og hefur ásetning til þeirra efnisþátta sem verknaðarlýsing refsíákvæðis tiltekur, en ekki er hægt að telja brotið fullframið vegna þess að í raun vantar upp á einhvern efnisþátt,<sup>60</sup> t.d. dæmið hér að framan um að maður sem talinn er saklaus og ásökunum beint að er í raun og veru sekur og vantar því upp á efnisþátt refsíákvæðisins að um sé að ræða saklausan mann.

### 5.3.1 Afturhvarf frá tilraun

Í 21. gr. hgl. er að finna ákvæði um afturhvarf frá tilraun. Ef fleiri en einn standa að verki þá gildir 23. gr. hgl.

Reglurnar um afturhvarf frá tilraun eiga einungis við um almenn hegningarlög nema sérrefsilög vísi sérstaklega til þeirra. Reglur um afturhvarf frá tilraun gilda ekki um fullframin brot, þó svo að fullframningarstigið sé fært fram.<sup>61</sup>

Ef skilyrði 21. gr. og 23. gr. hgl. eru uppfyllt þá leiðir það til sýknu. Refsiábyrgð sem hefur stofnast fellur niður við afturhvarfið og er því um refsilokaástandu að ræða. Til að um afturhvarf sé að ræða þarf gerandi að koma sjálfur í veg fyrir fullframningu brots. Tvenns konar huglæg skilyrði þarf að uppfylla en þau eru að gerandi hafi látið af ásetningi sínum til að fullfremja brot og hann hafi gert það af sjálfsdáðum, þ.e. afturhvarf er ekki vegna utanaðkomandi tálmana eða annarrar tilviljunar.<sup>62</sup>

Afturhvarf frá tilraun til rangra sakargifta getur verið með ýmsu móti, allt eftir þeirri verknaðaraðferð sem beitt er. Hægt er að koma með dæmi þegar einstaklingur hefst handa við að undirbúa brot sitt með ritun bréfs til lögreglunnar þar sem hinar röngu sakargiftir koma fram. Hann fer með bréfið á pósthús til sendingar en þegar að því kemur að greiða fyrir sendingarkostnað bréfsins fær hann bakþanka og hættir við að senda bréfið og hendir því í ruslið. Hér er um að ræða afturhvarf frá undirbúningsathöfnum tilraunar og því refsilaust.

<sup>60</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 121.

<sup>61</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 124. Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 51.

<sup>62</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 124-127.



## 6 Verknaðarþoli samkvæmt 148. gr. hgl.

Verknaðarþoli getur verið hvaða maður sem er frá því hann fæðist og þar til hann deyr, og í sumum tilvikum eftir andlát manns.<sup>63</sup> Hugtakið verknaðarþoli er skilgreint á sama hátt og brotaþoli. Í 39. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (hér eftir skammstafað sml.) er brotaþoli skilgreindur sem sá maður sem kveðst hafa orðið fyrir misgerð af völdum afbrots. Enn fremur sá maður sem telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af refsiverðri háttsemi, enda hafi hún beinst að honum sjálfum, eða lögaðili sem sagður er hafa beðið slíkt tjón. Samkvæmt ákvæðinu getur brotaþoli átt við einstakling sem og lögaðila. Í 148. gr. hgl. er verknaðarþoli einskorðaður við saklausan mann og tekur því ekki til lögaðila samkvæmt almennri textaskýringu ákvæðisins.

Ekki er tekið fram í 148. gr. hgl. að tilgreina þurfi hvaða einstakling sakargiftirnar eru ranglega bornar upp á. Sakargiftirnar þurfa einungis að beinast að saklausum einstaklingi. Til þess að fá saklausan einstakling sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað verður þó að vera hægt að finna út hver þessi einstaklingur er sem ranglega er borinn sökum. Í Noregi hefur 168. gr. norsku hegningarlaga nr. 10/1902 með síðari breytingum, sem er sambærilegt ákvæði og 1. mgr. 148. gr. hgl., verið túlkuð á þann hátt að nægilegt er að sakirnar séu ranglega bornar á einstakling sem hægt er að bera kennsl á, þótt sá einstaklingur sé ekki nafngreindur.<sup>64</sup> Draga má þá ályktun að hér á landi gildi sama framkvæmd og í Noregi. Það drægi úr tilgangi reglunnar ef ekki væri hægt að fara í mál vegna rangra sakargifta þó aðili nafngreini ekki tiltekinn einstakling. Nægilegt væri að aðili sem ber saklausan mann röngum sökum lýsi þessum saklausa einstaklingi það vel að ekki væri vafi um hvaða einstakling væri að ræða. Má því segja að nóg sé að rangar sakargiftir beinist að einstaklingi sem hægt er að bera kennsl á með einhverjum hætti. Í *Hérd. Austl. 12. janúar 2007 (S-159/2006)* var Y sakfelld fyrir rangar sakargiftir, eftir að hafa játað að hafa ranglega tilkynnt lögreglu um að X hafi nauðgað sér um borð í skipi. Í málinu kemur fram að Y hafi lýst útliti mannsins fyrir lögreglu og sagst halda að hann hétu X. Lögreglumennirnir fóru í umrætt skip og spurðu skipstjórnann að því hvort maður að nafni X væri um borð, og reyndist svo vera. Draga má þá ályktun að rétt nafngreining hafi ekki þurft að vera fyrir hendi ef útlitslýsing Y af X hafi verið það greinagóð að ekki væri vafi um það hvaða skipverji kæmi til greina. Ef útlitslýsing hefði ekki verið greinagóð, nafngreining röng og Y hefði ekki geta borið kennsl á meintan nauðgara, þá yrði það fellt undir 149. gr. hgl. um ranga uppljóstrun, en í málinu játaði Y að hafa logið til um nauðgun.

<sup>63</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð I*, bls. 36.

<sup>64</sup> Finn Haugen: *Strafferett. Håndbok*, bls. 175.

Í Danmörku þurfa röngu sakargiftirnar, sbr. 164. gr. dönsku hegningarlagna nr. 126/1930 með síðari breytingum, að beinast gegn tilteknum einstaklingi. Það hefur verið túlkað svo að ef lagðar eru fram rangar sakargiftir á hendur saklausum manni, þarf ekki að tiltaka að hinn saklausi einstaklingur sé sekur eða grunaður um refsiverðan verknað. Nægilegt er að þær röngu upplýsingar, sem ásakandi heldur fram, varpi grun á saklausan einstakling sem leiði til þess að hann verði grunaður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.<sup>65</sup>

Í Svíþjóð er 6. gr. 15. kafla sænsku hegningarlagna túlkuð svo að röngu sakargiftirnar þurfi að beinast gegn saklausum einstaklingi, gefa til kynna að sá einstaklingur sé sekur um refsiverðan verknað og vera með þeim hætti að það verði túlkað sem hvatning til að ákæra þann einstakling fyrir verknaðinn.<sup>66</sup>

### 6.1 Að taka á sig sök

Í Danmörku og Noregi er það refsivert að framkvæma verknað með þeim ásetningi að taka á sig sök fyrir brot sem maður er saklaus af. Telst það falla undir rangar sakargiftir gagnvart viðkomandi. Taka skal fram að í báðum þessum löndum er samþykki ekki refsileysisástæða og verður gerð ítarlega grein fyrir því í kafla 10.6.

Í 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlagna er að finna ákvæði sem tekur á þessu, en það hljóðar svo:

Den, der foretager en handling som nævnt i stk. 1 og 2 med forsæt til, at han selv eller en anden med dennes samtykke derved bliver sigtet, dømt eller undergivet strafferetlig retsfølge for et strafbart forhold, som han ikke har begået, straffes med bøde eller fængsel indtil 1 år.

Hér er það refsivert að fremja verknað, sem 1. og 2. mgr. tekur til, með þeim ásetningi að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað sem maður er saklaus af eða fá einhvern saklausan einstakling, með hans samþykki, refsað fyrir refsiverðan verknað. Ef saklausum einstaklingi er hóttað til að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað annars manns er það virt til þyngingar fyrir hinn brotlega en til mildunar fyrir hinn saklausa einstakling sem tekur á sig sökina við þessar aðstæður.<sup>67</sup>

Í *Ufr. 1971, bls. 360* var maður dæmdur fyrir brot á 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlagna fyrir að hafa játað á sig óupplýst morð sem hann var saklaus af. Leiddi játningin til umfangsmikillar lögreglurannsóknar.

---

<sup>65</sup> Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov. Special del.*, bls. 175. Stephen Hurwitz: *Den danske kriminalret. Special del*, bls. 109.

<sup>66</sup> Ivar Strahl o.fl.: *Kommentar til Brotsbalken II*, bls. 146-7.

<sup>67</sup> Vagn Greve, Gorm Toftegaard Nielsen og Asbjørn Jensen: *Kommentaret straffelov special del*, bls. 176.

Í 2. tölul. 171. gr. norsku hegningarlaganna er að finna sams konar ákvæði og í 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlaganna en hún hljóðar svo „den, som falskelig angiver sig selv eller nogen anden med dennes Samtykke som skyldig i en strafbar Handling, eller som medvirker hertil.“ Samkvæmt ákvæðinu getur refsing orðið allt að árs fangelsi og er ásetningur skilyrði refsíabyrgðar. Ef einhver hefur neytt annan mann til að taka á sig sök fyrir brot sem hann er saklaus af getur það leitt til refsileysis þar sem skilyrði refsíabyrgðar er ekki uppfyllt.<sup>68</sup> Brot gegn ákvæðinu telst vera misnotkun á réttarkerfinu og telst því enginn vera brotþoli í þessum brotum.<sup>69</sup>

Í Svíþjóð þurfa röngu sakargiftirnar að beinast gegn öðrum en sjálfum sér, það er ekki refsivert að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað sem maður er saklaus af.<sup>70</sup> Sams konar ákvæði og í Danmörku og í Noregi er því ekki að finna í Svíþjóð.

Ekki er að finna sams konar ákvæði í íslenskri löggjöf sem refsar mönnum fyrir að taka sjálfviljugir á sig sök fyrir refsivert brot sem þeir eru saklausir af. Ef aðili kemur fyrir dóm og tekur á sig sök fyrir refsiverðan verknað sem hann er saklaus af þá er hægt að refsa honum á grundvelli 142. gr. hgl. um rangan framburð, sbr. *Hrd. 1999, bls. 218*. Í þessu máli var A ákærður fyrir rangan framburð sbr. 142. gr. hgl. þegar hann kom fyrir dóm, í öðru máli gegn B, sem vitni og játaði á sig sök sem B var sóttur til saka fyrir. Framburður hans var sannreindur og eftir rannsókn var niðurstaðan sú að framburður hans væri markleysa og stæðist ekki. Lagt var því til grundvallar í þessu máli að framburður hans hafi verið rangur. A var dæmdur sekur fyrir rangan framburð sbr. 142. gr. hgl. þar sem hann kom fyrir dóm sem vitni og bar rangt af ásetningi. Ekki var talið skipta máli um refsinemi þótt framburður hans hafi ekki leitt til rangrar úrlausnar í því máli sem hann bar rangt fyrir í. Gerðir hans voru ekki heldur taldar refsilaugar þótt A hafi með þeim gjörðum tekið á sig sakir annars manns.

Til að hægt sé að refsa skv. 142. gr. hgl. verður hinn rangi framburður að koma fram fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, en ekki á öðrum vettvangi, sjá frekari umfjöllun í kafla 8.2.

Falskar játningar hafa mikið verið rannsakaðar út frá réttarsálarfræðinni en lítið sem ekkert út frá lögfræðinni. Falskar játningar skiptast í tvo flokka innan réttarsálarfræðinnar, sjálfviljugar og þær sem eru fengnar fram af lögreglu. Ástæðan fyrir sjálfviljugum fölskum játningum er talin vera sú að þeir einstaklingar sem játa falskt á þennan hátt eru í leit að athygli, vilja vera þekktir, vilja vernda þann sem er hinn raunverulegi gerandi eða eru með

---

<sup>68</sup> Andres Bratholm og Magnus Matningsdal: *Straffeloven. Kommentirutgave. Anden del. Forbrydelser*, bls. 383.

<sup>69</sup> Andres Bratholm og Magnus Matningsdal: *Straffeloven. Kommentirutgave. Anden del. Forbrydelser*, bls. 383.

<sup>70</sup> Ivar Strahl o.fl.: *Kommentar til Brotsbalken II*, bls. 147.

undirbyggjandi geðveilu, t.d. einstaklingur sem telur sig hafa þörf fyrir refsingu eða hefnd. Einnig getur verið að einstaklingurinn eigi erfitt með að greina á milli þess hvað er raunveruleiki og hvað ímyndun. Falskar játningar sem fengnar eru fram af lögreglu skiptast í tvennt, annars vegar þegar sakborningur gefst upp við yfirheyrslur og játar á sig sök og hins vegar þegar sakborningur sannfærast í yfirheyrslum, vegna einhvers sem lögreglan segir eða vegna sönnunargagna sem lögreglan leggur fram, um að hann hafi framið brotið þó svo hann muni ekkert eftir því.<sup>71</sup> Í Noregi og Danmörku eru það sjálfviljugar falskar játningar sem eru refsiverðar að lögum.

Til að hægt sé að koma í veg fyrir að réttarkerfið sé misnotað á þann hátt að bæði fjármagn og tími fari til spillis vegna þess að aðilar eru sjálfviljugir að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað sem þeir eru saklausir af, verður að breyta lögnum á þann hátt að sjálfviljugar falskar játningar séu refsiverðar rétt eins og í Noregi og Danmörku. Falskar játningar leiða til þess að hinn raunverulegi gerandi gengur frjáls og þar með er réttlætinu ekki fullnægt. Einnig er mikilvægt að koma í veg fyrir það að saklaus maður sitji í fangelsi. Margar ástæður eru fyrir því að fólk játar sjálfviljugt á sig glæp sem það er saklaust af eins og réttarsálarfræðin tiltekur. Ef breyting verður einhvern tímann gerð á lögum hér á landi sem gerir það refsivert að koma fram með falskar sjálfviljugar játningar þá verður einnig að skoða hvers konar refsing er viðeigandi. Í Noregi og Danmörku er það allt frá sekt upp í 1 árs fangelsi sem liggur við þessu broti. Ástæðan fyrir þessum sjálfviljugu fölsku játningum getur verið sálfræðilegs eðlis. Mætti athuga hvort að fangelsisrefsing hefði í raun einhver varnaðaráhrif í þeim tilvikum. Líklega er refsiramma Noregs og Danmerkur góður á þann veg að dómara geta metið hvaða refsing telst viðeigandi út frá þeim hvötum sem lágu að baki játningunni. Varnaðaráhrif þurfa samt að vera til staðar til að koma í veg fyrir að fólk taki sjálfviljugt á sig sök fyrir refsiverðan verknað sem það er saklaust af.

## **7 Fremjendur brots samkvæmt 148. gr. hgl.**

Sérhver lifandi maður sem vinnur tiltekin frumverknað getur orðið fremjandi brots. Allir sem hafa tekið þátt í refsiverðum verknaði bera persónulega refsíabyrgð á verknaði sínum. Um getur verið að ræða lagaákvæði þar sem refsíabyrgðin er þrengd, t.d. sakhæfisreglur, eða hún er rýmkuð, t.d. refsíabyrgð lögaðila.<sup>72</sup> Áður hefur verið gerð grein fyrir sakhæfisreglum í kafla 4.1 og verður því umfjöllunin hér einskorðuð við refsíabyrgð lögaðila og hvort henni verði komið við í broti gegn 148. gr. hgl.

<sup>71</sup> Gísli H. Guðjónsson og John Pearse: „Suspect Interviews and False Confessions“, bls. 35.

<sup>72</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 36.

Samkvæmt 19. gr. d. hgl. sbr. breytingarlög nr. 140/1998, sbr. og lög nr. 74/2006 á almennum hegningarlögum geta lögaðilar nú borið refsíabyrgð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 74/2006 segir að meta verði hverju sinni hvort brot, sem lýst er í lögnum, sé af því tagi að refsíabyrgð lögaðila komi til greina.<sup>73</sup> Í 19. gr. c. hgl., sbr. breytingarlög nr. 140/1998, er refsíabyrgð lögaðila „bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með sagnæmum hætti unnið refsinaeman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsíabyrgð stjórnvalda er bundin því skilyrði að unninn hafi verið refsinaemur og ólögmætur verknaður í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.“ Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 140/1998 segir við 1. gr. um c-lið að hinn refsiverði verknaður verði að hafa verið unninn í eðlilegum tengslum við starfsemi lögaðilans. Þjófnaður, fjárdráttur og eignaspjöll fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans falla utan þessa.<sup>74</sup>

Við broti á 1. mgr. 148. gr. er gerður áskilnaður um ákveðinn tilgang, huglæga afstöðu, gerandans til afleiðinga, þ.e. að fá einhvern saklausan einstakling sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Rangar sakargiftir falla ekki undir athafnir sem teljast vera framkvæmdar í starfsemi lögaðila og fellur því utan þess líkt og þjófnaður, fjárdráttur og eignaspjöll, sem nefnd eru hér að ofan sem dæmi. Lögaðilar teljast því ekki til geranda skv. 1 mgr. 148. gr. hgl. og eru það því einungis einstaklingar sem geta borið refsíabyrgð á röngum sakargiftum samkvæmt 148. gr. hgl.

### **7.1 Huglæg afstaða geranda**

Eins og fram kemur í kafla 4.4 er sagnæmi ákveðin huglæg afstaða þess sem fremur afbrot. Í 18. gr. hgl. eru sagnæmisskilyrðin ásetningur eða gáleysi. Til að verknaður af gáleysi sé refsiverður verður refsíákvæðið að tiltaka það sérstaklega.<sup>75</sup> Í 1. mgr. 148. gr. hgl. er gáleysis ekki getið og kemur ásetningur einungis til greina til að refsíabyrgð stofnist.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum segir við XV. kafla að ekki skipti máli efni né tilgangur framburðar skv. 142.-147. gr. En þegar um er að ræða brot á 148. gr. þá þarf ákveðinn tilgangur að vera með verknaði til að hann teljist

<sup>73</sup> Alþt. 2005-6, A-deild, bls. 3740.

<sup>74</sup> Alþt. 1998-9, A-deild, bls. 819-20.

<sup>75</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 41.

refsinæmur, þ.e. að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.<sup>76</sup> Tilgangurinn kemur skýrt fram í lagaákvæðinu sjálfu.

Það að sakhæfur einstaklingur beri persónulega ábyrgð á verkum sínum felur í sér áskilnað um huglæga afstöðu hans til þess verknaðar sem hann ber ábyrgð á og verður huglæg afstaða hans að teljast vítaverð í garð annarra manna eða hagsmuna þeirra. Í þessu samhengi verður einnig að skoða hvort ákveðin vanþekking eða misskilningur á atvikum og aðstæðum eða réttarreglum hafi verið til staðar sem leiðir til skorts á ásetningi til verknaðar.<sup>77</sup>

Ekki er skilgreint í lögum né lögskýringagögnum hvað felist í ásetningi. Skilgreining á ásetningi hefur hins vegar mótast í framkvæmd um tjónsbrot, þ.e. hin huglæga afstaða geranda á þeim tíma sem verknaður er framinn nær til afleiðinganna sem eru enn ekki komnar fram.<sup>78</sup> Skilgreiningin á ásetningi þegar miðað er við tjónsbrot er eftirfarandi:

Það er ásetningur, ef hinn brotlegi *vill koma því til vegar*, sem refsíákvæði lýsir afbrot (tilgangur), ef hann *álítur það óhjákvæmilega afleiðingu* verknaðar síns (óhjákvæmileg afleiðing), eða hann *álítur yfirgnæfandi líkur á því*, að afleiðingin komi fram (líkindaásetningur), og loks ef hann *álítur*, að afleiðing *kunni að koma fram*, en hann hefði engu að síður framið verknaðinn, þótt hann hefði talið víst, að afleiðingin kæmi fram (dolus eventualis: skilyrt afbrigði), eða þá hinn brotlegi lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort afleiðingin kemur fram (dolus eventualis: jákvæð afstaða til afbrots).<sup>79</sup>

Í skilgreiningunni koma fram fjögur ásetningsstig, þ.e. tilgangur og óhjákvæmileg afleiðing sem teljast til beins ásetnings, næst kemur líkindaásetningur og svo lægsta stig ásetnings, dolus eventualis.<sup>80</sup> Stig ásetnings geta verið mismunandi milli efnisþátta sama brots, t.d. beinn ásetningur til frumverknaðar en líkindaásetningur til afleiðinga. Ef ásetningur nær ekki til allra efnisþátta brots sem ákært er fyrir þá ber að sýkna af því broti.<sup>81</sup>

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995 (hér eftir skammstafað stjskr.) og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Ákærvaldið ber sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag, sbr. 108. gr. sml. Ákærvaldið þarf að sanna huglæga afstöðu geranda

<sup>76</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 379.

<sup>77</sup> Jónatan Þórmundsson: *Grundvallarreglan um saknæmi. Afbrigðileg refsíábyrgð*, bls. 1. Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 11.

<sup>78</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 59-60.

<sup>79</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 60.

<sup>80</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 60.

<sup>81</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 62-3.

til brots sem reynist oft erfitt, sérstaklega þegar gerandi neitar að hafa framið afbrot og þarf ákærvaldið því að sanna hina huglægu afstöðu út frá ytri atvikum.<sup>82</sup>

Ákveðin samtvinnun á sönnunar- og sakarmati fer gjarnan fram í forsendum refsíðoma því erfitt getur reynst að sanna huglæg atriði sem felast í ásetningi eða gáleysi. Sönnunarmat er „mat á því, hvort sannað telst, að saknæmi eða tiltekið saknæmisstig hafi verið til staðar við verknaðinn og að þessi huglæga afstaða hafi náð til afleiðinga verknaðar, ef því er að skipta.“<sup>83</sup> Sakarmat er „mat á eðli og styrkleika hinnar huglægu afstöðu, þar með saknæmisstigi, eftir öllum þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um verknað geranda og hugrenningar hans.“<sup>84</sup>

Huglæg afstaða þess sem fremur brot skv. 148. gr. hgl. skiptir miklu máli hvort refsingu verði komið við eða ekki. Sanna þarf að ásetningur hafi verið til staðar og að sá ásetningur hafi náð til þess að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Brot á 148. gr. hgl. fellur undir tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram og koma þar öll stig ásetnings til greina.

Í Svíþjóð er að finna gáleysisheimild fyrir rangar sakargiftir sem ekki er til staðar í Noregi, Danmörku né hér á landi. Ákvæði sænsku hegningarlagna, sbr. 2. mgr. 6. gr. 15. kafla tiltekur að ef gerandi hafi ekki gert sér grein fyrir því að einstaklingurinn væri saklaus, en hefði þó ástæðu til að ætla að maðurinn væri saklaus, þá skal honum refsað allt frá sekt upp í 6 mánaða fangelsi.

Í *Hrd. 1961, bls. 376.* var X ákærður og sakfelldur fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa ásakað lögreglumenn um að hafa verið undir áhrifum áfengis við vinnu sína í kærú sinni til dómsmálaráðuneytisins og fyrir að hafa ásakað lögreglumenn fyrir dómi um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Einnig fyrir að hafa ásakað S að hafa átt talsverðar birgðir af smygluðu áfengi og að S hafi sagt sér að S sjálfur hafi skrifað hótunarbréf til lögreglustjórans þar sem honum var hótad lífláti, en X var í sama máli ákærður fyrir umrædd hótunarbréf. X gat ekki sýnt fram á að neinar af þeim ásökunum væru á rökum reistar og leiddi rannsókn til þess að þær voru allar taldar tilhæfulausar með öllu.

Í þessu máli heldur X fram röngum sakargiftum bæði í bréfi til dómsmálaráðuneytisins og fyrir dómi. Röngu sakargiftirnar eru margar og ná til margra aðila. Ásetningur til þess að fá saklausa menn sakaða um eða dæmda fyrir refsiverðan verknað kemur skýrt fram, enda eru ásakanirnar bornar fram á fleiri en einum stað gegn fleiri en einum saklausum manni.

---

<sup>82</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 64.

<sup>83</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 65.

<sup>84</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 65.

Í *Hrd. 1991, bls. 1500* var X stöðvaður af lögreglunni fyrir umferðarlagabrot og sagðist heita Y. Þremur mánuðum síðar játar X sakir sem Y og undirritaði framburðarskýrslu í því nafni. Komst þetta síðan upp eftir að Y var boðaður til fundar við fulltrúa yfirsakadómara þar sem hann neitaði að hafa verið ökumaður í umrætt sinn og að hann hafi verið erlendis á þessum tíma. Sagðist hann gruna X um að hafa notað nafnið sitt en hann hafði selt honum bifhjólíð sem aðilinn var stöðvaður á í umrætt sinn. X játaði að hafa notað nafn Y. Sagðist hann hafa verið að reyna bjarga sjálfum sér frá því að missa réttinn til að fá ökuréttindi, en hann hafði enn ekki fengið ökuréttindi. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur telja ákærða ekki hafa geta dulist að saklaus maður yrði sakaður um brot hans. Sakfelldur fyrir rangar sakargiftir sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl.

Hér telur dómurinn sannað að X hafi hlotið að vera það ljóst þegar hann gaf upp nafn Y að að Y yrði sakaður um eða dæmdur fyrir brot sem Y var saklaus af. Ásetningur er því talinn ná til afleiðinganna, að fá Y sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

Í *Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009)* var X ákærð fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með röngum framburði fyrir lögreglu og fyrir dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. X neitaði sök í málinu og taldi sig hafa verið þröngvað til kynferðismaka við mennina. Mennirnir neituðu að kynferðismökin hafi verið gegn hennar vilja. Allir mennirnir báru því við að hún hafi haft frumkvæðið að kynmökunum. Báru þeir við í málinu að háttsemi X hafi ekki verið eðlileg og því tekið upp á síma hljóð- og myndupptökur. X sagðist hafa orðið hrædd við einn af mönnunum og því hafi hún ekki þorað að neita og fara úr aðstæðunum af hræðslu við að það myndi gera illt verra. Mikið magn fíkniefna fannst í blóði X skömmu eftir atburðinn og var styrkur amfetamíns langt umfram eitrunarmarka.

Það sem máli skiptir hér er hvort ásetningur hafi verið hjá X til að fá mennina sakaða um eða dæmda fyrir kynferðisbrot gegn sér. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur sýkna X af röngum sakargiftum. Í forsendum Hæstaréttar segir:

Atburðarás sú, sem að framan er rakin, bendir eindregið til að skynjun ákærðu hafi verið orðin mjög brengluð vegna mikillar neyslu fíkniefna á skömmum tíma þegar kynmökun fóru fram. Jafnframt eru meiri líkur en minni á því að fíkniefnin séu komin frá mönnunum en ekki ákærðu sjálfri. Fram er komið að C hafi beitt G ofbeldi og liggur ekki annað fyrir en að ákærða hafi orðið vitni að því. G var varnað inngöngu og hafin eru yfir vafa einhvers konar afskipti C af kynmökum annarra við ákærðu, að minnsta kosti með nærveru sinni og dyravörslu. Þessi aðstaða er öll á þann veg að ókleift er að útiloka að ákærða hafi upplifað hana sem nauðung sem hún hafi mátt þola. Þegar allt framangreint er virt telst ekki, gegn eindreginni neitun ákærðu, fram komin nægileg sönnun þess að hún hafi af ásetningi borið mennina röngum sökum eins og nánar er lýst í ákæru. Verður héraðsdómur því staðfestur.



Í þessu máli næst ekki að sanna huglæga afstöðu X til þess að fá mennina sakaða um eða dæmda fyrir refsiverðan verknað. Ásetningur er ekki talinn vera til staðar og því skortir skilyrði til refsíabyrgðar sem leiðir til þess að X er sýknuð af röngum sakargiftum. Frekari umfjöllun um dóminn er í kafla 8.2.

Í *Hrd. 11. nóvember 2010 (110/2010)* lét S lögmann sinn leggja fram kæru til lögreglunnar vegna fölsunar á þremur viðskiptabréfum. Í kærinni var ekki ákveðinn maður kærður heldur bara fölsunin sjálf. Hins vegar sagði S við lögreglu að hana grunaði A eða einhvern á hans vegum um fölsunina. Henni var bent á af lögreglunni að það væri refsivert að leggja fram ranga kæru en hún vildi standa við hana. Með þessu kom S því til leiðar að rannsókn hófst hjá lögreglu gegn A, sem var svo felld niður án ákæru. Fram hafði komið í héraðsdómi að rithandarsýni hafi eindregið bent til þess að ákærða, S, hafi sjálf undirritað viðskiptabréfin en ekki A. S hafi neitað því að hafa ritað nafn sitt á bréfin bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi. S var sakfelld fyrir rangar sakargiftir sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl. Ítarlegri reifun á dómnum er að finna í kafla 8.1.

Í þessu máli var ásetningur talinn vera til staðar hjá S að fá A sakaðan um eða dæmdan fyrir fölsunarbrot. Huglæg afstaða S var talin vera til staðar þar sem hún hafði beðið lögmann sinn um að leggja fram kæru til lögreglu vegna fölsunar á nafni sínu sem sannað var að hún sjálf hafi undirritað. Var því beinn ásetningur til staðar að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

## 7.2 Hlutdeild

Verknaðarlýsingar refsíákvæða eru mismunandi á þann hátt að henni er lýst mis ítarlega. Til þess að hægt sé að refsa fyrir allar þær athafnir sem leiða til afbrots, beint eða óbeint, þarf að rýmka refsíabyrgðina. Hún er því rýmkuð til að ná út fyrir þá verknaðarlýsingu sem refsíákvæði hefur að geyma og til einstaklinga sem standa utan við athafnir sem lýst er í verknaðarlýsingunni. Þessu er náð með hinni almennu hlutdeildarheimild sem er að finna í 22. gr. hgl. og er einskorðuð við almenn hegningarlög. Þetta stuðlar einnig að því að hver og einn beri persónulega ábyrgð á brotum sínum eða þeim athöfnum sem leiða til þeirra.<sup>85</sup>

Hlutdeild er skilgreind í 1. mgr. 22. gr. hgl. sem hljóðar svo:

Hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skal sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.

<sup>85</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 132-3.

Ekki er tæmandi talið í ákvæðinu með hvaða hætti slík hlutdeild fer fram. Jónatan Þórmundsson tekur fram að þó svo að fram komi í ákvæðinu að refsing skuli vera sú sama og er við brotinu, aðalverknaðinum, þá er hlutdeild virt sem minna brot, sérstaklega í ljósi þess að dómstólar telja sig bundna við hlutdeild ef ákæran tiltekur slíkt þó svo að dómstólar telji að um hafi verið að ræða samverknað. Einnig er refsing almennt vægari fyrir hlutdeildarbrot en fyrir aðalverknað þó svo að 2. mgr. 22. gr. hgl. komi ekki til skoðunar, en hún hefur að geyma frjálsar refsilækkunarheimildir.<sup>86</sup>

Hlutdeildarverknaður er þátttaka í refsinaemum aðalverknaði sem refsað er fyrir sjálfstætt óháð því hvort refsiskilyrði aðalverknaðar hafi verið til staðar. Orsakasamband milli hlutdeildar og framkvæmd aðalverknaðar þarf ekki að vera til staðar.<sup>87</sup> Hlutdeild þarf að vera sérgreind, þ.e. beinast að sérgreindum einstaklingi eða hópi manna og þarf að beinast að ákveðnu broti eða brotategund þó svo hún sé ekki nákvæmlega útfærð.<sup>88</sup>

Hlutdeild má flokka í verklega hlutdeild og sálræna hlutdeild. Verkleg hlutdeild getur verið bæði í orði og í verki. Með hlutdeild í verki má til dæmis nefna að afla fjár eða verkfæra, en hlutdeild í orði má nefna ráðleggingar, leiðbeiningar eða hvers konar upplýsingar. Verkleg hlutdeild getur komið fram við undirbúningsathafnir eða framkvæmdaathafnir. Sálræn hlutdeild fellst í því að hafa áhrif á gjörðir aðalbrotamanns með orðum, skrifum eða einhvers konar látbragði. Algengastar eru svokallaðar hvatningar.<sup>89</sup>

Hlutdeild getur verið eftirfarandi, sbr. 4. mgr. 22. gr. hgl. en með því er átt við að aðili gerist hlutdeildarmaður eftir að aðalverknaður er framinn með því að aðhafast eitthvað sem viðheldur ólögmatu ástandi eða aðilinn hefur hagnast á því.<sup>90</sup> Jónatan Þórmundsson telur að hlutdeild í brotum sem eru með fullframningarstigið fært fram geti verið eftirfarandi þó svo að hún komi fram áður en afleiðingarnar koma fram. Nefnir hann sem dæmi ef aðili aðstoðar við að koma fölsuðum peningum í umferð.<sup>91</sup> Rangar sakargiftir falla undir brot með fullframningarstigið fært fram eins og áður hefur komið fram. Ekki er til neinn dómur um eftirfarandi hlutdeild í röngum sakargiftum en hægt er að ímynda sér aðstæður sem á þetta getur reynt, t.d. þegar X hefur komið fram með rangar sakargiftir á hendur saklausum aðila, Y og biður J um að aðstoða sig við að bera þessar röngu sakargiftir út með því að birta þær á

---

<sup>86</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 131-2.

<sup>87</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 133.

<sup>88</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 137.

<sup>89</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 139-40.

<sup>90</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 140.

<sup>91</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 142.

facebook síðunni sinni. J veit að Y er saklaus af því broti sem hann er ranglega sakaður um en birtir þrátt fyrir það hinar röngu sakargiftir.

Ákvæði 148. gr. hgl. um rangar sakargiftir áskilja ásetning sem saknæmisskilyrði. Hlutdeildarmaður þyrfti því einnig að hafa ásetning til þess að fullfremja brotið, gáleysi dugar ekki til refsíabyrgðar.

Ef aðgerðir hlutdeildarmanns hafa ekki tilætluð áhrif á aðalverknað en hann er hins vegar fullframinn af öðrum aðila sem hlutdeildarmaður reyndi ekki að hafa áhrif á, þá telst það vera tilraun til hlutdeildar. Ef aðgerðirnar hefðu náð tilætluðum áhrifum en aðalverknaður var ekki fullframinn vegna annarra ástæðna, þá telst það vera hlutdeild í tilraun. Í 2. mgr. 22. gr. hgl. er refsilækkunarheimild til staðar fyrir þessi tilvik.<sup>92</sup>

Hlutdeild í röngum sakargiftum er fátíð en í *Hrd. 1981, bls. 430* er að finna sakfellingu fyrir hlutdeildarbrot. Í þessum dómi voru tvær konur, þær A og B, ákærðar fyrir hlutdeild í röngum sakargiftum með því að hafa aðstoðað Y við ólögsmæta handtöku á G og K. A og B áfrýjuðu ekki til Hæstaréttar og miðast umfjöllunin því við dóm Sakadóms Gullbringusýslu frá 31. maí 1979. Málavextir er varða konurnar eru þeir að þær samþykktu að koma með Y til Reykjavíkur í þeim tilgangi að setja sig í samband við G undir því yfirskyni að fá hjá honum erlendan gjaldeyri, en þær áttu að koma fyrir tösku af áfengi í skotti leigubíls G. Þegar A og B hittu G og K sögðust þeir ekki geta reddað þeim erlendum gjaldeyri en buðust til að keyra þær hvert sem þær vildu. Þær sögðust þurfa að komast til Grindavíkur en þyrftu fyrst að koma við í Breiðholti. Þar náðu þær í ferðatöskuna með áfenginu og komu því fyrir í leigubifreiðinni. Á leið til Grindavíkur báðu þær þá um að eiga viðkomu í Vogum á Vatnsleysuströnd. Þar yfirgáfu þær bifreiðina og hittu Y sem beið þeirra á bak við hús og ók þeim til Keflavíkur, eins og ákveðið hafði verið. G og K voru síðan handteknir þar sem þeir biðu fyrir utan húsið. Dómurinn taldi sannað að þær báðar höfðu vitað eða mátt vita,<sup>93</sup> að í töskunni væru tilbúin sönnunargögn sem Y hafði útbúið í þeim tilgangi að klekkja á G. Talið var sannað að A og B hafi gerst sekar um hlutdeild í broti Y og þær taldar hafa gerst brotlegar við 131. gr. og 1. mgr. 148. gr., sbr. 138. gr., sbr. 22. gr. hgl.

---

<sup>92</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 136.

<sup>93</sup> Með orðalaginu „mátt vita“ er almennt verið að vísa til gáleysis og er því ruglingslegt í þessu samhengi þar sem gáleysi dugar ekki til refsíabyrgðar skv. 148. gr. hgl.

### 7.3 Samverknaður

Jónatan Þórmundsson skilgreinir samverknað á eftirfarandi hátt: „Það er samverknaður, þegar tveir menn eða fleiri hafa samvinnu eða samtök um framkvæmd refsiverðs verknaðar og standa nokkurn veginn jafnt að vígi um ákvarðanir og framkvæmd.“ Hann tekur einnig fram að þátttaka þeirra getur verið verkskipt aðild, þó allir séu þeir aðalmenn í afbrotinu.<sup>94</sup>

Í 2. mgr. 70. gr. hgl. segir að hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingar.

Í svokölluðu Geirfinnsmáli, *Hrd. 1980, bls. 89* játuðu allir aðilar nema einn fyrir dómi rangar sakargiftir og að það hafi verið samantekin ráð að ranglega ásaka fjóra menn um morðið á Geirfinni Einarssyni. Hæstiréttur tók eftirfarandi fram:

Ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið [...] skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marinó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekin, til að torvelða rannsóknina. Þessu hefur ákærði Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum, og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessara skýrslna, ekki tekinn til greina. Hafa ákærðu Sævar Marinó, Erla og Kristján Viðar með þessu atferli sínu gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu er samverknaður til rangra sakargifta sannaður með vísan til játninga aðila og annarra framburða.

Í *Hérd. Vestl. 5. janúar 2005 (S-351/2004)* voru þær, X og Y, sakfelldar fyrir rangar sakargiftir með að hafa með röngum framburði fyrir dómi og fyrir lögreglu ásakað T um kynferðisbrot gegn stúlkunni X. Báðar stúlkurnar játuðu brot sitt fyrir dómi en Y hélt því fram að einungis um hlutdeild hennar væri að ræða í broti X. Dómurinn taldi þó sannað að um samantekin ráð hafi verið að ræða og vísað til þess að þær höfðu hist nokkrum sinnum eftir atburðinn og nokkur samskipti hafi verið með þeim áður en þær fóru til lögreglu í þeim tilgangi að kæra T fyrir nauðgun. Einnig hafi X sagt fyrir dómi, er skýrsla var tekin af henni, að hún hafi beðið Y að aðstoða sig við að bera sakir á T. Var samverknaður þeirra metin þeim til refsipýngingar sbr. 2. mgr. 70. gr. hgl.

Að veita samþykki sitt fyrir því að annar maður beri á mann rangar sakir er refsivert í Noregi, sbr. 2. tölul. 171. gr. norsku hegningarlaganna. Það hefur verið túlkað svo að sá aðili

<sup>94</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 145.

sem veitir samþykki sitt geti talist samverkamaður í brotinu. Ástæðan fyrir þessu er sú að tilgangurinn með lagaákvæðinu er að koma í veg fyrir misnotkun á réttarkerfinu.<sup>95</sup>

Það telst refsivert í dönskum rétti, sbr. 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlagna, að veita samþykki sitt fyrir því að taka á sig sök fyrir refsivert brot annars manns. Sá sem hvetur annan mann til að samþykkja að taka á sig brotið og sá sem veitir samþykki sitt í því skyni að koma einhverjum undan refsíabyrgð geta verið ákærðir sem samverkamenn. Það er þó talið alvarlegra brot að hvetja einhvern til að samþykkja að taka á sig sök.<sup>96</sup> Í *Ufr. 1970, bls. 714* hafði maður ekið undir áhrifum áfengis og ekið á tré. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagði hann bróður sinn hafa ekið bílnum í þetta umrædda skipti. Bróðir mannsins sagði lögreglu að hann hafi samþykkt þetta. Báðir voru ákærðir og sakfelldir fyrir brot gegn 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlagna.

## 8 Verknaðarlýsing 148. gr. hgl.

Ákvæði um rangar sakargiftir byggir á því að hægt sé að treysta á sannleiksgildi yfirlýsinga sem lagðar eru fram fyrir dómi, yfirvöldum eða á öðrum vettvangi. Ákvæði 148. gr. hgl. felur í sér blekkingu sem verknaðaraðferð í svika-, fölsunar- eða rangfærslubroti.<sup>97</sup>

Í 1. mgr. 148. gr. hgl. eru verknaðaraðferðir taldar upp, þó ekki með tæmandi hætti.<sup>98</sup> Þær verknaðaraðferðir sem þar er að finna eru rangar sakargiftir með rangri kærui, röngum framburði, rangfærslu, undanskoti gagna og öflun falsgagna. Allar aðferðir sem notaðar eru til að beina röngum sökum á saklausan mann verða að miða að því að fá hann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

Í XV. kafla almennra hegningarlagna er að finna brot sem falla undir tjáningarbrot, þó getur brot skv. 1. mgr. 148. gr. hgl. verið framið með öðrum hætti en tjáningu, sbr. með öflun falsgagna og undanskoti gagna.<sup>99</sup> Ármann Snævarr skilgreinir tjáningarbrot sem brot sem felur í sér ummæli, eða annars konar háttsemi, sem felur í sér viljatjáningu. Telur hann að öll brot séu í raun tjáningarbrot í víðtækri merkingu, þ.e. að brotavilji manna komi fram í ytri háttsemi.<sup>100</sup>

<sup>95</sup> Andres Bratholm og Magnus Matningsdal: *Straffeloven. Kommentartutgave. Anden del. Forbrydelser*, bls. 383.

<sup>96</sup> Vagn Greve, Gorm Toftegaard Nielsen og Asbjørn Jensen: *Kommentaret straffelov special del*, bls.131.

<sup>97</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 67-68.

<sup>98</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 64.

<sup>99</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 87.

<sup>100</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 62-63.

## 8.1 Röng kæra

Í lögfræðiorðabókinni er kæra skilgreind sem tilkynning til lögreglu eða saksóknara um að refsivert brot hafi verið framið.<sup>101</sup> Hugtakið kæra er í reynd notað í tvenns konar merkingu í sakamálaréttarfari, annars vegar kæra á úrskurðum og ákvörðunum héraðsdóms til Hæstaréttar og hins vegar kæra til lögreglu eða ákærvalds um að refsiverður verknaður hafi verið framinn.<sup>102</sup> Hugtakið röng kæra í 1. mgr. 148. gr. hgl. vísar til kæru í síðari merkingu þessa hugtaks.

Í 1. másl. 3. mgr. 52. gr. sml. kemur fram að „kæru vegna refsiverðs brots eða beiðni um rannsókn skal beint til lögreglu eða ákæranda.“ Eiríkur Tómasson tekur fram að í kæru felist ekki einungis tilkynning um að refsiverður verknaður hafi verið framinn heldur einnig ósk um að rannsókn hefjist á þeim verknaði. Hugtakið kæra í 52. gr. sml. eigi að skýra rúmt og sé því ekki einskorðuð við skriflega kæru heldur geti einföld tilkynning til lögreglu talist kæra í skilningi laga um meðferð sakamála. Sá sem kærir þarf ekki að hafa einhverra hagsmuna að gæta né þarf hann að tilgreina hvaða aðili sé talinn vera fremjandi brots sem kært er.<sup>103</sup> Þrátt fyrir þessi orð um að einföld tilkynning til lögreglu geti talist kæra í skilningi laga um meðferð sakamála þá virðist ákærvaldið gera greinarmun á kæru til lögreglu og tilkynningu til lögreglunnar, sbr. *Hérd. Austl. 12. janúar 2007 (S-159/2006)* en í því máli var X ákærð fyrir rangar sakargiftir með því að hafa með rangri kæru og röngum framburði fyrir lögreglu leitast við að koma því til leiðar að Y yrði sakaður um kynferðisbrot gegn X. Við aðalmeðferð málsins fyrir dómi leiðrétti ákærvaldið ákærana, í stað orðanna “með rangri kæru” kom “með rangri tilkynningu”. Sú tilkynning stúlkunnar að tjá lögreglunni símleiðis að henni hafi verið nauðgað fyrr um nóttina af skipverja á ákveðnu skipi við höfnina var ekki talin falla undir hugtakið ranga kæru. Lögreglan ræddi aftur við stúlkuna á heilsugæslustöð þar sem hún tjáði þeim að henni hafi verið nauðgað af skipverja um borð í skipi, lýsti hún manningum og sagðist halda að hann hétu Y. Maðurinn var í kjölfarið handtekinn. Í málinu kemur þó fram að þremur dögum eftir atburðinn var hún spurð af lögreglu hvort hún vildi leggja fram kæru sem hún sagðist ekki vera tilbúin til að gera á þeim tímapunkti. Það var síðan fjórtán dögum síðar sem hún játaði fyrir lögreglu að hafa ranglega tilkynnt að sér hafi verið nauðgað af Y.

Samkvæmt fyrri skilgreiningu Eiríks Tómassonar á hugtakinu kæru í 52. gr. sml. má halda því fram að í máli þessu hafi X í raun lagt fram kæru á hendur Y þegar hún tilkynnti lögreglu um að sér hafi verið nauðgað af Y.

<sup>101</sup> Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 233.

<sup>102</sup> Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarrannsóknir*, bls. 79-80.

<sup>103</sup> Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarrannsóknir*, bls. 80.

Dómstólar eru bundnir við ákæru í sakamáli og er því mikilvægt að ákæra sé eins nákvæm og hægt er og að verknaður sem um ræðir rúmist innan ákæruliðanna, sbr. 1. mgr. 180. gr. sml.: „Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna. Dómari getur gefið aðilum færi á að tjá sig um atriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Með sömu skilyrðum er dómara og rétt að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en fram koma í ákæru, þó aldrei aðrar kröfur en þar greinir.“ Eins og fram kemur í ákvæðinu má ekki refsa fyrir aðra hegðun en þá sem greinir í ákæru. Saksóknari í fyrrgreindum héraðsdómi hefur talið nauðsynlegt að breyta ákærinni þar sem hann hefur talið að röng kæra hafi ekki verið sú verknaðaraðferð sem notuð var til að fremja brotið. Hefur hann því viljað leiðrétta ákærana til að hún samræmist betur málavöxtum, þ.e. að hegðunin hafi fallið undir ranga tilkynningu en ekki ranga kæru til lögreglu. Saksóknarinn setur því ekki sama skilning í hugtakið kæra líkt og Eiríkur Tómasson hefur skilgreint hugtakið sbr. umfjöllunin hér að framan. Hér má einnig benda á *Hérd. Suðl. 25. júní 2003 (S-160/2003)* en þar var aðili sýknaður af röngum sakargiftum þar sem ekki þótti sannað að hann hafi gefið upp nafn annars manns „á vettvangi“ er lögreglan stöðvaði akstur hans, eins og ákæra tiltók sérstaklega. Hins vegar var talið sannað að hann hafi gefið upp kennitölu annars manns „á lögreglustöðinni“ en þar sem sú hegðun, þ.e. að bera fram rangar sakir „á lögreglustöðinni“, var ekki tilgreind í ákæru heldur einungis orðalagið „á vettvangi“, var hann ekki sakfelldur fyrir það.

Hver sem er getur lagt fram kæru til lögreglu eða ákæruvalds nema þagnarskylda komi í veg fyrir það. Sum brot eru þó þannig að þau eru ekki rannsökuð nema lögð sé fram kæra af hálfu brotþola, sbr. 2. másl. 3. mgr. 52. gr. sml. Ef brotþoli er látinn þá geta nánustu vandamenn hans lagt fram kærana, sbr. 3. mgr. 52. gr. sml., sbr. 144. gr. sml.<sup>104</sup>

Þegar lögð er fram röng kæra í þeim tilgangi að fá einhvern saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverða háttsemi þá telst það vera refsivert skv. 1. mgr. 148. gr. hgl. um rangar sakargiftir. Feli hins vegar röng kæra í sér tilkynningu um að refsiverð háttsemi hafi verið framin en engin tiltekinn gerandi er sagður hafa framið verknaðinn telst það vera rangur uppljóstur skv. 149. gr. hgl.<sup>105</sup> Í *Hrd. 1978, bls. 766* var ákærði, E, dæmdur fyrir brot gegn 149. gr. hgl. þegar réttilega hefði átt að dæma hann fyrir brot á 1. mgr. 148. gr. hgl., en ekki var ákært í málinu fyrir brot gegn 1. mgr. 148. gr. hgl. Málavextir voru þeir að Ö kom heim til V, fyrrverandi konu sinnar, og E. Ekki fór þeim saman um það sem fram fór heima hjá V en

<sup>104</sup> Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarrannsóknir*, bls. 82-83.

<sup>105</sup> Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarrannsóknir*, bls. 86.

Ö fór skömmu eftir komu sína þangað. E hringdi á lögregluna og kærði Ö fyrir að hafa otað að sér byssu og ekið í burtu ölvaður eða undir áhrifum lyfja. Lögregluáðgerð fór í gang og var Ö handtekinn skömmu síðar. Lögreglumaður sem handtók Ö bar fyrir dómi að Ö hafi ekki sýnst vera undir áhrifum og að engin skotvopn hafi fundist á honum. Hann hafi verið færður á lögreglustöð. Vitnið M, aðalvarðstjóri, kom fyrir dóm sem vitni og sagði E hafa hringt fyrst í lögreglusíma til að leggja fram kæru en síðar hringt í annað númer hjá lögreglu sem hann hafi svarað og hafi E viljað ítreka fyrri kæru sína. I, lögreglumaður sem sendur var heim til E og V, bar þess vitni fyrir dómi að E hafi verið áberandi ölvaður. Einnig sagði I að V hafi sagt aðspurð að Ö hafi ekki verið með neina byssu og að ekkert mark væri takandi á E. V kom fyrir dóm og neitaði því að hafa sagt þetta við I. V sagði þó fyrir dómi að Ö og E hafi átt einhver orðaskipti heima hjá henni en Ö hafi ekki verið með byssu. Þegar Ö fór hafi E rokið strax í símann og sagst ætla að láta lögregluna hirða Ö fyrir ölvunarakstur, sagði V að E hafi sagst ætla að stríða honum svolítið. Vitnið M sagði E hafa hringt í þriðja sinn til að áréttu kæru sína en hafi síðan rétt lögmanni sínum símann til að tala við M. M útskýrði stöðuna fyrir lögmanninum og hafi lögmaðurinn þá óskað eftir því að leyfa ákærða að biðjast afsökunar, sem og E síðan gerði í símann við M. Fyrir dómi sagðist E hafa lagt kærana fram í góðri trú og að hann hafi verið hræddur við Ö sem hafði verið í annarlegu ástandi. E sagðist einnig hafa verið lítilllega undir áhrifum áfengis. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var af Hæstarétti, kemur fram að E hafi kært Ö fyrir tvenns konar refsivert athæfi sem bæði voru uppspuni. Ekki þótti sannað að E hafi verið í góðri trú um að Ö væri með byssu og í annarlegu ástandi og ekki tekið mark á því að E hafi ranglega álitnið annan hlut vera byssu. Litið var svo á af hálfu dómsins að E hafi kært Ö fyrir refsiverða verknaði sem hann vissi að Ö var saklaus af. Síðan segir í niðurstöðu héraðsdóms:

Ákærði er einungis saksóttur samkvæmt 149. gr. almennra hegningarlaga, og þykja ekki skilyrði til þess skv. 118. gr. laga 74/1974 að taka til úrlausnar, hvort háttarni ákærða varði við 148. gr. sömu laga um rangar sakargiftir, enda eru refsímörk þeirrar greinar öll önnur en í 149. gr. segir. Verður ákærði þannig dæmdur í refsingu skv. 149. gr.

Allur verknaður E fellur undir verknaðarlýsingu 1. mgr. 148. gr. hgl. og hefði verið sakfelld fyrir það brot ef ákært hefði verið fyrir það. Ásetningur til þess að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað er vel fullnægt í þessu máli og fer í raun ekki á milli mála miðað við gjörðir E. Leggur fram kæru, ítrekar hana í tvígang, V vottar fyrir dómi að E hafi ætlað að stríða ákærða með rangri kæru til lögreglunnar og síðast en ekki síst þá biður hann M, aðalvarðstjóra lögreglunnar afstökunar á röngu kærinni. E er einungis



dæmdur í 45 daga fangelsi, auk skaðabóta til Ö, en líklegt má telja að refsingin hafi verið eitthvað í þyngri kantinum ef ákært og sakfelld hafði verið fyrir brot gegn 1. mgr. 148. gr. hgl. sbr. orðalag í niðurstöðu dómsins. Einnig má benda á að dómstólar eru ekki bundnir við heimfærslu brots til lagaákvæða og hefði því verið hægt að dæma eftir 1. mgr. 148. gr. hgl. en miða refsinguna við 149. gr. hgl.

*Hrd. 11. nóvember 2010 (110/2010)* er mjög gott dæmi um rangar sakargiftir sem settar eru fram með rangri kæru. Málavextir voru þeir að þann 29. júní 2007 sendir S lögmanni sínum bréf þar sem hún óskar eftir því að hann kæri fölsun á undirritun sinni á þremur viðskiptabréfum. Þann 20. júlí 2007 berst lögreglunni kærubréf frá lögmanni S þar sem kærð er fölsun á nafni S á þremur viðskiptabréfum. Engin ákveðin einstaklingur er nefndur í kærubréfinu. Þann 26. nóvember 2007 kemur S til lögreglu sem vitni. S er spurð hvort hana gruni einhvern um fölsunina. Hún segist gruna A, eða einhvern á hans vegum. S er látin vita að refsivert sé að leggja fram ranga kæru. S vill standa við kæruna. Þann 9. janúar 2008 er A yfirheyrður sem sakborningur af lögreglu. A sagði S hafa undirritað skjölin og að hann og hinir vottarnir höfðu vottað undirskrift S. Hann sagðist hafa verið viðstaddur undirskrift allra vottanna nema undirskrift B, dóttur S, sem var vottur á tveimur bréfum. S hafi farið með bréfið til B og komið til baka með undirskrift. Lögreglan hafði samband við B símleiðis og sendi B skjölin. B kannaðist ekki við að hafa skrifað undir þau. Lögreglan sendi viðskiptabréfin ásamt beinum og óbeinum rithandarsýnum S og A til rannsóknar. Niðurstaða rannsóknarinnar benti eindregið til þess að undirskriftirnar væru frá sama einstaklingnum, þ.e. S og að þær voru ekki eftir A. Þann 14. apríl 2008 var S yfirheyrð af lögreglu sem sakborningur. S var kynnt niðurstaða rithandarrannsóknarinnar en S neitaði aftur að hafa ritað undir viðskiptabréfin þrjú. Við aðalmeðferð málsins hjá Héraðsdómi Reykjavíkur kannaðist S ekki við viðskiptabréfin né undirskriftina á þeim. S kannaðist þó við að hafa látið lögmann sinn kæra fölsun á undirskrift til lögreglunnar. Einnig staðfesti S að hafa sagt hjá lögreglu að hana grunaði A, eða einhvern á hans vegum, um að hafa falsað undirritun sína. S útilokaði að B, dóttir sín, hefði vottað bréfin þar sem hún skildi ekki íslensku. B gaf símaskýrslu fyrir héraðsdómi þar sem hún ítrekaði að hafa ekki ritað undir skjölin, vegna tengsla B við S var ekki byggt á framburði hennar. Niðurstaða héraðsdóms var sú að dómurinn taldi sannað að S hafi ritað undir skjölin. S hafði látið lögmann sinn kæra fölsun á undirskrift sem hún sjálf hefði ritað. Hún hafði borið því við hjá lögreglu að hana grunaði A, eða einhvern á hans vegum, um fölsunina. Hún hafði með þessu komið því til leiðar að A var ranglega sakaður um skjalafals. S var sakfelld fyrir rangar sakargiftir og dæmd í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára. Hæstiréttur, sem vísar til forsenda héraðsdóms, bendir á að S hafi ávallt lýst því

yfir að hún hafi beðið lögmann sinn að leggja fram umrædda kæru. Þó svo ekki sé tilgreindur ákveðinn einstaklingur í kærinni þá hafi hún hjá lögreglu sagst gruna A eða einhvern á hans vegum um verknaðinn. Tekur Hæstiréttur fram að lögreglan hafi bent S á að refsivert væri að leggja fram ranga kæru, hún hafi þó viljað standa við hana. Hafi S með þessu komið því til leiðar að rannsókn hófst gegn A hjá lögreglu, en málið var fellt niður án ákæru. S var sakfelld fyrir rangar sakargiftir, sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl. og dæmd í 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára. Sjá einnig fyrri reifun í kafla 7.1

Í þessu máli fær S lögmann sinn til að leggja fram ranga kæru. Bendlar hún saklausan mann, eða einhvern á hans vegum, við refsiverðan verknað. Þrátt fyrir að lögreglan geri S ljóst að refsivert sé að leggja fram ranga kæru þá vill S standa við kærana. Ásetningur hjá S er því skýr að leggja fram ranga kæru sem hún bendlar við A, eða einhvern á hans vegum. Nær ásetningurinn því til þess að fá A sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

Í *Hérd. Rvk. 8. febrúar 2008 S-1901/2007* var einnig um að ræða ranga kæru um fölsun á undirskrift, rétt eins og í dómnum hér að ofan nema í þessu máli er sýknað af ákæru um rangar sakargiftir. Málavextir voru þeir að X var ákærð fyrir rangar sakargiftir sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl. fyrir að hafa komið til lögreglu og lagt fram ranga kæru á hendur Y þess efnis að Y hefði falsað nafnritun X sem ábyrgðarmanns á sjálfskuldarábyrgð vegna reiknings að upphæð 250.000 kr. og hafi X með þessu komið því til leiðar að Y yrði ranglega sökuð um skjalafals. Málavextir voru þeir að Y leigði íbúðarherbergi hjá X um einhvern tíma og á þeim tíma sótti Y um yfirdráttarheimild að fjárhæð 250.000 og lagði Y inn yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð þann 21. nóvember 2000 sem var undirrituð með nafni X en óvottuð þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hún sé vottuð af starfsmanni bankans. Afrit hafði ekki verið sent ábyrgðarmanninum, X, eins og sjá mátti af yfirlýsingunni. Reikningurinn lenti í vanskilum og X var krafín um greiðslu. Fyrir lá í málinu að ágreiningur hafi komið upp á milli þeirra vegna húsaleigu. Í málinu lágu fyrir tvö innheimtubréf, annað dags. 22. október 2001 en hitt 24. mars 2003. Þann 23. apríl 2003 kom X til lögreglu og lagði fram áðurnefnda kæru á hendur Y. Í málinu lá fyrir rithandarrannsókn en niðurstöður hennar bentu til þess að X hafi sjálf ritað undir yfirlýsinguna vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar. Y sagði fyrir dómi að X hafi gert þetta í greiðaskyni við sig, þær höfðu verið vinkonur á þessum tíma. Hafi X ritað undir yfirlýsinguna í eldhúsinu sínu og hafi einungis þær tvær verið viðstaddar. Y sagðist hafa orðið reið því hún hafi ekki fengið húsgögn sín afhent frá X og sagðist greiða skuldina við bankann þegar hún fengi þau til baka. Niðurstaða dómsins var sú að þrátt fyrir að rithandarrannsóknin benti til þess að X hefði sjálf skrifað undir dugði það ekki sem sönnun gegn neitun X í málinu. Líta varð til stöðu Y í málinu og leggja mat á framburð hennar. Y sagði fyrir dómi að hún hyggðist

ekki greiða skuldina við bankann fyrr en hún fengi húsgögnin sín. Ekki var talið sannað að X hefði ritað undir yfirlýsinguna og var ákæran einungis byggð á þessu eina skjali og framburði Y, og var X því sýknuð í málinu.

Hér skiptir máli að þó svo rithandarrannsókn bendi til þess að X hafi skrifað undir þá þarf meira til að sanna sekt hennar. Framburður Y er ekki talinn nægilegur með tilliti til stöðu hennar í málinu, en sjálfskuldarábyrgðin var vegna láns sem hún tók hjá bankanum. Ekki voru fleiri vitni í málinu.

Í *Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009)* var X ákærð fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með rangri kæru og röngum framburði fyrir lögreglu og fyrir dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. X var sýknuð af broti gegn 1. mgr. 148. gr. vegna skorts á ásetningi til afleiðinga. Sjá ítarlegri reifun í kafla 8.2.

Það að tilkynna lögreglu að refsiverður verknaður hafi verið framinn fellur undir hugtakið kæru sbr. skilgreiningu hér að framan. X lýsti því fyrir lögreglu að fjórir menn höfðu nauðgað henni og ítrekaði hún þann framburð sinn í þremur öðrum skýrslutökum fyrir lögreglu. Væntanlega hefði þetta skipt máli ef það hefði verið sakfelld í málinu, en svo var ekki.

## 8.2 Rangur framburður

Framburður er skilgreindur sem „munnleg skýrslugjöf fyrir dómi eða hjá lögreglu“ og einnig sem „efni skýrslu sem gefin hefur verið munnlega fyrir dómi eða hjá lögreglu“.<sup>106</sup>

Í 142. – 144. gr. hgl., með síðari breytingum, er refsivert að skýra rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar. Heitfesting eða drengskaparheit er „sérstök staðfesting vitnis á framburði sínum fyrir dómi sem er fólgin í því að vitnið leggur við drengskap sinn að hafa borið rétt fyrir dóminum.“<sup>107</sup> Í 56. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er að finna heimild dómara til heitfestingar. Sams konar heimild er einnig að finna í 1. mgr. 122. gr. sml. Af þessu má leiða að réttur eða stjórnvald verði að vera veitt heimild til heitfestingar að lögum svo ákvæði 142. gr. hgl. eigi við.

Á Íslandi var ekkert stjórnvald sem hafði heimild til heitfestingar<sup>108</sup> fyrr en lög nr. 86/1989 um lögbókandagerðir voru sett en í 9. gr. þeirra laga er lögbókendum, sýslumönnum, veitt heimild til heitfestingar en í lokamálsliði greinarinnar segir: „Má sá, sem um staðfestingu lögbókanda biður, vinna eið eða drengskaparheit að sannleiksgildi efnis skjalsins, og skal það sérstaklega bókað.“ Ekki er því refsivert samkvæmt 142. gr. hgl. að bera rangt fyrir

<sup>106</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 140.

<sup>107</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 84.

<sup>108</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 90.

stjórnvöldum, þ.á.m. lögreglu, nema því stjórnvaldi hafi verið gefin heimild til heitfestingar í lögum. Hins vegar geta önnur ákvæði átt við, til dæmis rangar yfirlýsingar til stjórnvalda sbr. 145. gr. hgl. og 146. gr. hgl., rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. og rangur uppljóstur sbr. 149. gr. hgl.

Hugtakið réttur vísar til löglegs íslensks dómstóls, almennra- og sérdómstóla. Ákvæðin um rangan framburð eiga ekki við um gerðardóma þar sem þeir hafa ekki heimild til heitfestingar. Erlendir dómstólar geta komið til greina í þeim tilvikum þegar íslenskur ríkisborgari ber rangt fyrir þeim dómstóli, telst það þá refsivert sbr. 142. gr. hgl. sbr. 5. gr. hgl.

Einungis munnlegar frásagnir eru refsiverðar skv. 142. – 144. gr. hgl. nema gert sé ráð fyrir skriflegum málflutningi, sbr. 5. mgr. 122. gr. sml.<sup>109</sup> Aðeins þeir sem koma fyrir dóm, s.s. aðilar máls, vitni, mats- og skoðunarmenn geta borið rangt fram í skilningi 142. - 144. gr. hgl. Ef um er að ræða einkamál þá verður hinn rangi framburður að koma fram munnlega í formlegri aðilaskýrslu að undangenginni áminningu um að refsivert sé að bera ljúgvitni eða aðildareiður er unninn.<sup>110</sup>

Rangur framburður einstaklings fyrir dómi getur falið í sér rangar sakargiftir sem er refsivert skv. 148. gr. hgl. Ef hinar röngu sakargiftir koma fram utan réttar og eru svo áréttaðar fyrir rétti er hægt að beita 148. gr. hgl. og 142. gr. hgl. saman. Ef röngu sakargiftirnar koma eingöngu fram fyrir rétti þá tæmir 148. gr. hgl. sökina gagnvart 142. gr. hgl.<sup>111</sup>

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum segir um 142. gr. að það nægir til að framburður teljist rangur að vitni telji sig vera að segja rangt frá þó svo framburðurinn reynist réttur. Vitnið telst því vera í vondri trú. Ef vitnið ber fram rangan framburð er það telur vera réttan er vitnið í góðri trú og því ekki refsivert skv. 142. gr.<sup>112</sup> Til að rangar sakargiftir séu framdar með röngum framburði verður að vera ásetningur til þess að hinn rangi framburður sé til þess fallinn að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Um tilraun til rangra sakargifta getur verið að ræða ef rangur framburður fyrir dómi inniheldur ásetning til að bera á saklausan mann rangar sakir en framburðurinn reynist svo vera réttur, telst það þá vera tilraun til rangra sakargifta, sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl., sbr. 1. mgr. 20. gr. hgl.

---

<sup>109</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 88-89.

<sup>110</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 88.

<sup>111</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 101.

<sup>112</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 379. Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 89.

Ef framburður felur í sér atriði sem ekki hafa gerst eða þá að launung er um atriði sem hafa gerst þá fellur það undir rangan framburð skv. 142. gr. hgl. Launungin þarf hins vegar að hafa verið til þess fallin að villa um fyrir dómara.<sup>113</sup> Ásetningurinn þarf því að vera til þess að villa fyrir um en ekki til dæmis að vitni hafi í raun ekki talið það skipta máli, eða hreinlega gleymt ákveðnum atriðum í framburði sínum. Erfitt getur reynst að sanna huglæga afstöðu eins og fram kemur í kafla 7 hér að framan.

Jónatan Þórmundsson telur að ef gefnar eru tvær ósamhljóða skýrslur fyrir dómi af sama aðilanum og ekki er hægt að sanna hvort þær séu báðar rangar eða einungis önnur þeirra er nægjanlegt að önnur þeirra teljist röng til að það teljist refsivert. Þó bendir hann á að því hafi verið haldið fram að ef ekki næst að sanna hvor skýrslan hafi verið röng þá beri að sýkna.<sup>114</sup> Í Noregi er refsivert að bera rangt fyrir lögreglu rétt eins og dómstólum. Ef aðili gefur skýrslu fyrir lögreglu og aftur fyrir dómi sem eru ósamhljóða er hægt að refsa fyrir rangan framburð þó svo að ekki sé vitað hvor skýrslan er röng.<sup>115</sup> Rangur framburður eins og þessi getur falið í sér rangar sakargiftir. Í *Rt. 1974, bls. 464* var aðila refsað fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa sagt við lögreglu að aðili sem hann hafði þegið far með hafi verið ölvaður en breytt svo framburði sínum fyrir dómi og sagt að aðilinn hafi ekki verið ölvaður. Ljóst er í þessum dómi að önnur skýrslan er röng, ekki er hægt að vera ölvaður og edrú á sama tíma.

Samkvæmt 143. gr. hgl. er rangur framburður refsilaus í ákveðnum tilvikum. Þetta refsileysi á ekki við þegar um er að ræða rangar sakargiftir sem refisverðar eru samkvæmt 148. gr. hgl.<sup>116</sup>

Gerður er áskilnaður um ásetning í 148. gr. hgl. og felur því rangur framburður af stórkostlegu gáleysi sbr. 144. gr. hgl. ekki í sér rangar sakargiftir skv. 148. gr. hgl.

Nokkrir Hæstaréttardómar hafa fallið þar sem ákært var fyrir rangar sakargiftir með rangan framburð sem verknaðaraðferð og verða nokkrir þeirra reifaðir hér.

Í *Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009)* var X ákærð fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með röngum framburði fyrir lögreglu og fyrir dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. X neitaði sök í málinu og taldi sig hafa verið þröngvað til kynferðismaka við mennina. Mikið magn fíkniefna fannst í blóði X skömmu eftir atburðinn og var styrkur amfetamíns langt umfram eitrunarmörk. Hæstiréttur sýknaði X af röngum sakargiftum m.a. með vísan til magns fíkniefna í blóði hennar, auk þess hafi aðstæður

---

<sup>113</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 89.

<sup>114</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 89.

<sup>115</sup> Magnus Matningsdal: *Norsk spesiell strafferett*, bls. 493.

<sup>116</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 96.

verið með þeim hætti að ekki væri hægt að útiloka að X hafi upplifað þær aðstæður sem hún þurfti að þola sem nauðung.

Að bera fram rangar sakargiftir fellur undir tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram og þarf því ásetningur að ná til afleiðinga sem ekki eru komnar fram. Sanna þarf að huglæg afstaða geranda hafi verið sú að fá einhvern saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Í málinu töldu dómstólar ekki sannað að huglæg afstaða X hafi verið með þeim hætti sem áskilið er til að refsíabyrgð hafi stofnast.

Í málinu lágu fyrir mynd- og hljóðupptök úr farsímum þriggja manna sem sýndu kynlífsathafnir X við einn manninn og hljóðupptök af ummælum X. Ein upptakan hljóðaði svo: „Ég ætla að fucking fá það, einhvern bónus skilurðu. Annars fæ ég fyrir málið og segi algjör nauðgun skilurðu.“ Önnur upptaka innihélt samtal eins manna við X þar sem hann segir að G, vinkona X, sé orðin ópolinmóð að bíða eftir henni og virðist sem maðurinn sé að reyna koma X í föt en hún streitist á móti. X heyrir segja eftirfarandi við manninn: „Ekki einu sinni fimm mínútur enn, fimm mínútur enn, það er allt sem ég þarf. Ég verð að fá að finna eitthvað fucking fyrir þér inni í mér, þú veist ég er búin að fucking totta ykkur í allt kvöld (...).“

X voru kynntar upptökurnar sem fyrir lágu og kannaðist hún við rödd sína og var það skilið svo að hún hafi viljað peningagreiðslu svo að henni liði aðeins betur yfir því sem gerðist. Varðandi seinni ummælin sagðist hún ekki muna nákvæmlega eftir því sem gerðist þar sem hún hafði fengið spítt hjá einum manna. Hún véfengdi ekki upptökurnar en sagðist ekkert muna og hélt fast við framburð sinn um að henni hefði verið nauðgað.

Hæstiréttur taldi að ummæli hennar á hljóðupptökum leiddu ekki annað í ljós en að þær höfðu verið gerðar eftir að mennirnir höfðu kynmök við X. Ummælin mætti rekja til vímuefnaástands hennar og endurspegluðu því ekki huglæga afstöðu hennar til þess að eiga kynferðismök við mennina. Gagnrýna má þá niðurstöðu Hæstaréttar að hann gefi sér það að ummælin hafi einungis verið sögð vegna áhrifa frá því magni fíkniefna sem mældist í blóði hennar síðar um nóttina.

Fram kom í málinu að einn manna hafi ætlað að aka X og G heim og hafi tveir aðrir verið með í för. Hafi hann skutlað G fyrst heim sem hafði reynt að fá X til að koma með sér en hún ekki viljað það. Eftir það hafi X nefnt tvo staði sem heimili sitt og endaði bílferðin með því að ökumaðurinn henti X út úr bifreiðinni við verslunarmiðstöð.

Ákærvaldið lagði áherslu á að sú háttsemi X að hafa ekki farið út úr bifreiðinni með G benti til þess að framburður hennar um að henni hefði verið nauðgað væri rangur. Ákærða sagðist kannast við að G hafi reynt að fá hana með sér heim en það hafi hún ekki viljað. Hún

vildi fara heim til sín en lét mennina aka sér í annað hverfi því hún vildi ekki að þeir vissu hvar hún byggi. Hún sagðist ekki hafa viljað yfirgefa bifreiðina með G, því hún hafi viljað vernda vinkonu sína. Hæstiréttur taldi hins vegar að það magn fíkniefna sem X hafði neytt hefði haft þau áhrif að hún fór ekki út úr bifreiðinni með G.

Gagnrýna má þá niðurstöðu dómstóla að vegna magns fíkniefna hafi X ekki yfirgefið bifreiðina með G. X velur að sitja lengur í bifreiðinni og spjalla við B og láta síðan skutla sér heim, og lét hún þá aka á tvo staði áður en þeir hentu henni út úr bifreiðinni. Með þeirri hegðun sinni valdi hún að vera samvistum við „meinta nauðgara sína“ í lengri tíma en ætla mætti að fórnarlamb nauðgunar myndi vilja. Gefur hún þá skýringu að hún vildi vernda vinkonu sína frá því að lenda í þeim. Erfitt er að skilja í hverju sú vernd fólst þegar hún ákvað að eyða lengri tíma með mönnunum og einnig leyfa þeim að vita heimilisfang G, vinkonu sinnar, því þeir óku henni heim.

Sýkna Hæstaréttar byggðist á því að ósannað var að X hafi haft ásetning til brotsins, þ.e. að huglæg afstaða X hafi ekki verið til að fá saklausa menn sakaða um eða dæmda fyrir kynferðisbrot gegn sér og því hafi ekki verið uppfyllt skilyrði 148. gr. hgl. til að refsíabýrgð yrði komið við. Vísar Hæstiréttur sérstaklega til magns fíkniefna sem fannst í blóði X því til stuðnings.<sup>117</sup> Hæstiréttur tók einnig fram í málinu að það væri meiri líkur en minni að fíkniefnin væru frá mönnunum komin, en ekki X. Mennirnir könnuðust þó ekki við að hafa gefið henni fíkniefni, né séð hana neyta þeirra nema einn þeirra, en hann sagði hana sjálfa hafa komið með þau. Þeir lýstu ástandi hennar umrætt kvöld sem mjög óeðlilegu, m.a. „útúrflippuð“, „bara geðveik“, „bara stjórnlaus“ og „snarrugluð“ og höfðu þeir því tekið upp á farsíma samtöl og kynferðislegt samræði. Hæstiréttur taldi atburðarásina í málinu benda eindregið til að skynjun X hafi verið orðin mjög brengluð vegna mikillar neyslu fíkniefna á skömmum tíma þegar kynmökkin fóru fram. Hæstiréttur taldi einnig að vímuefnaástand hennar hafi verið ástæða þess að hún hafi viðhaft umrædd umæli á upptökum og ekki yfirgefið bifreiðina þegar færi gafst.

Í mörgum málum fyrir dómstólum bera ákærðu í málunum fyrir sig að þeir hafi ekki haft ásetning til þess að fremja verknað sökum áfengis eða vímuefnaástands, jafnvel bera þeir við sig minnisleysi sökum þess. Í *Hrd. 4. desember 2008 (349/2008)* var X sakfelldur fyrir morð, sbr. 211. gr. hgl. fyrir að hafa lamið annan mann þrisvar sinnum með slökkvitæki í höfuðið. Fyrir héraðsdómi, sem staðfestur var af Hæstarétti, var talið sannað að X var að langmestu leyti í óminnisástandi þegar verknaðurinn var framinn, m.a. vegna ýmissa lyfja og áfengis, og

---

<sup>117</sup> Blóðsýni sem tekið var úr X á neyðarmóttöku hafi sýnt áfengismagn upp á 0,99 ‰ og amfetamín upp á 700 ng/ml., langt yfir eitrunarmörk.

var því ekki hægt að byggja á framburði hans. Blóðblettir á fötum X og slökkvitækinu þóttu sanna að hann hafi framið verknaðinn og að honum hafi ekki getað dulist að höfuðhögginn myndu leiða manninn til dauða. X var dæmdur til 16 ára fangelsisvistar. Samkvæmt þessu er X í óminnisástandi (blackout) þegar hann fremur verknaðinn en þó er talið sannað að hann hafi haft ásetning til þess að fremja manndráp, sbr. 211. gr. hgl. en þar er gerður áskilnaður um ásetning. Í dómnum hér að framan er X sýknuð af röngum sakargiftum þar sem huglæg afstaða hennar er ekki til að fá mennina sakaða um eða dæmda fyrir kynferðisbrot, hún hafi ekki skynjað aðstæður rétt vegna vímuefnaástands síns. Hæstiréttur í því máli rökstyður þó sýknudóminn ekki eingöngu á grundvelli vímuefnaástands X heldur vísar hann til þess að X hafi líklegast orðið vitni af því er G, vinkona hennar, var beitt ofbeldi af hálfu C. Einnig vísar Hæstiréttur til þess að hafið sé yfir allan vafa að C hafi haft einhvers konar afskipti af kynmökum X við hina mennina, a.m.k. með nærveru sinni og dyravörslu. Taldi Hæstiréttur að vegna þessara aðstæðna auk vímuefnaástands X, eins og greint er frá að framan, að ókleift sé að útiloka að X hafi upplifað hana sem nauðung sem hún hafi mátt þola. Gegn eindreginni neitun X, taldi Hæstiréttur ekki komin fram nægileg sönnun þess að hún hafi af ásetningi borið mennina röngum sökum.

Þessi dómur er merki um það hversu erfitt er að sanna huglæga afstöðu til brots. Margt bendir til þess að X hafi haft uppi rangar sakargiftir á hendur mönnunum, s.s. ummæli X á upptökum, framburður mannanna og G, vinkonu hennar, og sú staðreynd að hún reyndi ekki að koma sér frá mönnunum við fyrsta tækifæri sem gafst þegar þeir óku henni og G heim. Þrátt fyrir allt þetta þá telur dómurinn sönnunina ekki nægilega til þess að hægt sé að sakfella hana fyrir brot gegn 148. gr. hgl.

Í *Hrd. 1980, bls. 89* voru S, E og K handtekin fyrir morðið á Geirfinni Einarssyni. Þau voru dæmd til gæsluvarðhaldsvistar og yfirheyrð af lögreglu í þó nokkur skipti. Við yfirheyrslur hjá lögreglu og með framburði fyrir dómi ásökuðu þau fjóra menn um morðið á Geirfinni Einarssyni. Þessar ásakanir þeirra leiddu til þess að mennirnir fjórir sátu í gæsluvarðhaldi um margra mánuða skeið. S og E viðurkenndu að það hefðu verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla þessa fjóra menn við morðið. Voru þau þrjú ákærð og sakfelld fyrir rangar sakargiftir samkvæmt 1. mgr. 148. gr. hgl.

Hinn rangi framburður fyrir rétti fól því í sér rangar sakargiftir á hendur fjórum mönnum. Ásetningur til þess að fá þessa fjóra saklausu menn sakaða um eða dæmda fyrir morðið var óumdeilanlegur að mati dómsins þar sem fyrir lá játning frá S og E um að þetta hafi verið samantekin ráð.



Í *Hrd. 1961, bls. 376* var X ákærður og sakfelldur fyrir rangar sakargiftir með því að hafa á dómþingi Sakadóms Reykjavíkur ranglega borið upp sakir á hendur fjölmörgum lögreglumönnum. Staðfesti X þær röngu sakargiftir á öðru dómþingi fyrir sama sakadómi síðar. X gat ekki sýnt fram á að neinar af þeim ásökunum væru á rökum reistar og leiddi rannsókn til þess að þær voru allar taldar tilhæfulausar með öllu.

Í þessu máli var það einbeittur ásetningur að bera tiltekna lögreglumenn röngum sökum. Ekkert í málinu, né rannsókn á sakargiftunum, leiddi til þess að sakargiftirnar gætu verið réttar. X bar tvisvar fyrir Sakadómi Reykjavíkur ranglega að tilteknir lögreglumenn hafi framið refsiverðan verknað. Er því skýrt að X hafi með ranga framburðinum haft þá tilætlun að fá lögreglumennina sakaða um eða dæmda um refsiverðan verknað sem þeir voru saklausir af.

### 8.3 Rangfærsla

Í 1. mgr. 158. gr. hgl. er að finna ákvæði um rangfærslu en þar segir: „Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða í annars konar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.“

Í 1. málsl. 1. mgr. 162. gr. hgl. segir: „Hver, sem rangfærir sönnunargögn eða kemur fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls, skal sæta fangelsi allt að 2 árum.“

Rangfærslan snýr að því að sá aðili sem gögnin stafa frá eru gerð af þeim manni. Ekki er verið að láta gögn líta út fyrir að stafa frá öðrum. Rangfærsla er yfirleitt verknaðaraðferð í tjónsbrotum og oftast tjónsbrotum með fullframningarstigið fært fram, þó er rangfærsla sem sjálfstætt brot að finna í 2. málsl. 1. mgr. 102. gr. hgl. er fjallar um rangfærslu á niðurstöðu kosninga.<sup>118</sup>

Þess háttar rangfærsla sem nefnd er hér að ofan er notuð í þeim tilgangi að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað þá fellur það undir rangar sakargiftir, sbr. 148. gr. hgl. Í greinargerð er fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum er við 158. gr. verslunarbækur nefndar sem dæmi um skjal eða bók sem aðila

---

<sup>118</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 70.

er skylt að rita.<sup>119</sup> Jónatan Þórmundsson nefnir tilbúnar eða breyttar tölur í bókhaldi sem dæmi um rangfærslu.<sup>120</sup>

Þar sem ekki liggur fyrir neinn dómur um rangar sakargiftir sem framdar hafa verið með rangfærslu er hægt að ímynda sér að aðili sem er bókhaldsskyldur riti ranglega í bókhald sitt um viðskipti við annan mann. A, bókhaldsskyldur, ritar að B hafi ekki greitt fyrir ákveðna vöru. B hafi hins vegar staðgreitt vöruna og er því skuldlaus við A. A ásakar B um þjófnað á grundvelli rangfærslunnar. A veit að B er saklaus þar sem hann tók við greiðslu frá B. A reynir að koma því til leiðar að B verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

Í 1. másl. 1. mgr. 162. gr. hgl. snýr rangfærslan að því að hafa áhrif á úrslit dómsmáls. Er vel hægt að ímynda sér að á sama tíma og ásetningur er til þess að hafa áhrif á úrslit dómsmáls þá hafi verknaðurinn einnig í för með sér ásetning til þess að fá einhvern annan, en þann sem telst aðili að dómsmálinu, sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað sem hann er saklaus af. Hið rangfærða sönnunargagn sem lagt er fram í dómi bendlar til dæmis saklausan mann við brotið sem dómsmálið er rekið vegna og leiðir til þess að sá sem sakaður er í málinu verði sýknaður. Uppfyllir þetta því bæði skilyrði þess að hafa áhrif á úrslit fyrirbyggjandi dómsmáls og að fá saklausan aðila sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Samkvæmt greinargerð er fylgdi frumvarpi til almennra hegningarlaga segir um 162. gr. að brotið telst fullframið þegar sönnunargagnið hefur verið rangfært í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls.<sup>121</sup>

Þó svo að rangfærsla sé nefnd sem verknaðaraðferð í 1. mgr. 148. gr. hgl. er raunin þó sú að röng kæra og rangur framburður sem verknaðaraðferðir ná til flestra brota á 148. gr. hgl. Ekki er þó hægt að útiloka að upp komi sú staða að rangfærslu verði beitt við brot á greininni og m.t.t. alvarleika þessara brota er rétt að hafa þessa verknaðaraðferð í ákvæðinu. Eins og fram kemur síðar eru verknaðaraðferðir rangra sakargifta ekki tæmandi taldar í ákvæðinu.

#### 8.4 Undanskot gagna

Undir hugtakið gögn geta fallið sönnunargögn í dóms- og stjórnslumáli. Gögn geta verið málgögn eða skjöl sem liggja fyrir í máli eða gögn af hvaða tagi sem er, m.a. rafræn gögn.<sup>122</sup>

Í 2. mgr. 162. gr. hgl. segir: „Hver, sem til þess að halla eða fyrirgera rétti annarra, eyðileggur sönnunargagn, kemur því undan eða gerir það ónothæft að öllu eða einhverju leyti, skal sæta fangelsi allt að 2 árum. Í greinargerð er fylgdi frumvarpi til almennra hegningarlaga

<sup>119</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 382.

<sup>120</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 70.

<sup>121</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 383.

<sup>122</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 177.

segir um 2. mgr. 162. gr. að undanskot eða eyðilegging er aðeins refsiverð, að með því sé hallað á rétt annars manns, þ.e. að sá maður sem hallað er á hafi einhvern rétt til gagnsins.<sup>123</sup> Sem verknaðaraðferð í röngum sakargiftum er hægt að sjá það fyrir sér að aðili leggur ekki fram gögn sem sýnt geta fram á sakleysi annars manns, með því kemur aðilinn því til leiðar að saklaus maður er sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverða háttsemi. Hægt er að ímynda sér að A seldi B hjól fyrir 150.000 kr. sem B greiðir fyrir að fullu og gera þeir með sér „kaupsamning“ en B gleymir að fá afrit af honum. A sakar B um þjófnað á hjólinu. Fyrir dómi leggur A ekki fram „kaupsamninginn“ þar sem fram kemur að hjólið hafi verið greitt að fullu við afhendingu. Með þessu er B sakaður um og e.t.v. dæmdur fyrir þjófnað á hjólinu.

Rétt er að taka fram eins og gert var í kaflanum um rangfærslu hér að framan að röng kæra og rangur framburður ná yfirleitt yfir þær verknaðaraðferðir sem notaðar eru við framningu brots skv. 148. gr. hgl. Ekki hefur reynt á það fyrir dómi að brot á greininni hafi verið framið með undanskoti gagna, en þó er ekkert sem mælir gegn því að sú verknaðaraðferð sé talin upp í ákvæðinu.

## 8.5 Öflun falsgagna

Hugtakið að falska er skilgreint að það sé að svíkja, blekkja eða líkja eftir einhverju án heimildar. Sem dæmi er nefnd fölsun á peningum, undirskrift eða skjali.<sup>124</sup> Það að skjali með því efni sem það geymir stafar ekki frá frá þeim einstaklingi eða lögaðila sem skjalið gefur til kynna að sé frá eða vitað er um þann er það á að stafa frá, telst vera falsað skjali. Það er gert að skilyrði að hægt sé að blekkja með því í lögskiptum.<sup>125</sup>

Fölsun er refsiverð sem verknaðaraðferð í tjónsbrotum með fullframningarstigið fært fram, sbr. 150-152. gr., 155. gr., 159. gr. og 161. gr. hgl. Í 1. mgr. 148. gr. hgl. er öflun falsgagna nefnd sem ein verknaðaraðferð við því broti og skiptir ekki máli hvort gerandi falsaði gögnin sjálfur eða aflaði þeirra frá öðrum.<sup>126</sup> Til að hægt sé að refsa fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. verður öflun falsgagnanna að vera notuð í því skyni að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

Í *Hrd. 1981, bls. 430* var öflun falsgagna notuð sem verknaðaraðferð í röngum sakargiftum. Málavextir voru þeir að Y var ákærður og sakfelldur fyrir rangar sakargiftir fyrir að skipuleggja ólöglega handtöku á G með því að hafa látið A og B koma fyrir ótolluðu áfengi í farangursgeymslu bifreiðar sem G hafði til umráða og lokka hann síðan til Voga á

<sup>123</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 383.

<sup>124</sup> *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 113.

<sup>125</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 382 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 70.

<sup>126</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 70.

Vatnsleysuströnd. Þegar til Voga var komið yfirgáfu þær bifreiðina og voru lögreglumenn sendir til að leita í bifreiðinni þar sem áfengið fannst. Voru G, og K sem var með G í bifreiðinni, handteknir fyrir grun um áfengis- og tollalagabrot. Aðkoma A og B að málinu er ítarlega reifuð í kafla 7.2 hér að framan.

Í þessu máli var aflað falsgagna, áfengi, og þeim komið fyrir í bifreið G og látið líta út fyrir að falsgögnin væru eign G. Hann var síðan handtekinn fyrir vörslu þessara falsgagna sem var refsivert á þeim tíma. Ásetningur Y var því mikill þegar hann leitaðist við með öflun falsgagna, og með ítarlegri áætlun um handtöku G, að G yrði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.

## 8.6 Á annan hátt

Í 1. mgr. 148. gr. hgl. eru verknaðaraðferðirnar í verknaðarlýsingunni ekki tæmandi taldar en í greinargerð er fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum segir að greinin nái til hvers konar aðferða sem notaðar eru til þess að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.<sup>127</sup>

Erfitt getur reynst að sanna huglæga afstöðu geranda, ásetning hans til brotsins. Verknaðurinn verður að miða að því að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Fer það í raun alltaf eftir þeim sönnunargögnum sem fyrir liggja í máli hverju. Játning á broti er þó það sem auðveldar alla sönnun á huglægri afstöðu, þó það sé ekki alltaf hægt að stóla á sönnunargildi slíkrar játningar. Ítarlega var fjallað um huglæga afstöðu geranda í kafla 7.1.

Ekki hefur fallið neinn dómur þar sem verknaðaraðferð við rangar sakargiftir hefur verið með öðrum hætti en þær verknaðaraðferðir sem taldar eru upp í ákvæðinu. Hægt er þó að koma með dæmi sem mögulega gæti komið upp. Samkvæmt túlkun á 148. gr. hgl. er það ekki einskorðað við að röngum sakargiftum sé haldið fram við opinbera aðila eins og tíðkaðist áður sbr. 227. gr. almennra hegningarlaga frá 1869 og gerir enn í Danmörku.<sup>128</sup> Heldur geta þær röngu sakargiftir komið fram á hvaða hátt sem er. Helst væri hægt að fella undir þennan flokk verknaðaraðferða „á annan hátt“ yfirlýsingar í fjölmiðlum, samskiptamiðlum eða á öðrum sambærilegum vettvangi. Einnig væri hægt að ímynda sér yfirlýsingar sem koma fram á fundum eða fyrir hópi manna. Þessir verknaðir falla ekki undir ranga kæru, rangan framburð, rangfærslu né öflun falsgagna. Í raun má segja að þetta sé ærumeiðing sem hefur þann tilgang að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

<sup>127</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 380 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 64.

<sup>128</sup> Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov. Special del*, bls. 174.

Ef A ritar á fésbókarsíðu sína yfirlýsingu þess efnis að B sé sekur um refsiverðan verknað sem hann í raun er saklaus af þá er hægt að kæra A fyrir rangar sakargiftir ef hægt er að sanna að ásetningur A nái til þess að fá B sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Ef ekki næst að sanna þann ásetning má hugsanlega sjá fyrir sér að verknaður A sé refsiverður skv. XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar.

Það má velta því fyrir sér hvort í þögn geti falist rangar sakargiftir, til dæmis þegar aðili veit að einhver er saklaus af broti en segir ekki neitt til að leiðrétta það eða koma sannleikanum á framfæri. Telja verður þetta mögulegt ef það næðist að sanna ásetning til rangra sakargifta, t.d. að sannað yrði að aðilinn hafði að geyma vitneskju um að annar maður hafi framið brotið sem hinn saklausi væri sakaður um en hafði vísvitandi kosið að þegja yfir þeirri vitneskju.

Allt fer þetta eftir því hvað er hægt að sanna hverju sinni og er því ekki hægt að útiloka neina verknaðaraðferð fyrirfram.

## 8.7 Sakaður um eða dæmdur

Í 1. mgr. 148. gr. hgl. er það gert að refsiskilyrði að ásetningur geranda nái til þess að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Gerður er því ákveðin áskilnaður um tilgang hjá geranda með brotinu.<sup>129</sup>

Ákvæði 1. mgr. 148. gr. hgl. er tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram og er það því refsivert án tillits til afleiðinga. Það þarf því ekki að koma til þess að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað heldur þarf einungis ásetningur gerandans að ná til þess að svo verði. Í *Hérd. Suðl. 10. júní 2011 (S-207/2011)* tiltók héraðsdómari að það væri ekki skilyrði samkvæmt 1. mgr. 148. gr. hgl. að háttsemin leiði raunverulega til þess að hinn saklausi maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir brotið. Skipti því engu máli að upp komst um brot ákærða áður en hinn saklausi aðili sem hann bar rögum sökum var boðaður til skýrslutöku hjá lögreglu. Sakfelld fyrir brot gegn 148. gr. hgl.

Hugtakið sakborningur er skilgreint í lögum, sbr. 1. mgr. 27. gr. sml. en þar segir að sakborningur teljist vera sá sem borinn er sökum eða grunaður um refsiverða háttsemi. Í athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum um meðferð sakamála segir um 27. gr. að ekki sé gerður greinarmunur á því að vera grunaður og sakaður eins og gert er í Danmörku. Óljósar grunsemdir í garð einhvers aðila nægja ekki til þess að hann teljist sakborningur en um leið og viss grunur vaknar um að aðili sé viðriðinn refsivert brot á að líta á hann sem

---

<sup>129</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 379.

sakborning og öðlast hann við það réttarstöðu sakaðs manns, þarf því ekki að vera um að ræða rökstuddan grun heldur einungis grunur sem ekki telst óljós, sbr. orðalagið „viss grunur“.<sup>130</sup>

Til að uppfyllt sé skilyrði 1. mgr. 148. gr. hgl. að fá einhvern saklausan aðila sakaðan um refsiverðan verknað er því ekki nægilegt að koma fram með óljósar grunsemdir til lögreglu. Grunsemdirnar þurfa að vera skýrar til að verknaðarlýsing 1. mgr. 148. gr. hgl. sé uppfyllt. Það er því ekki nægilegt að halda því fram að saklaus maður hafi hugsanlega framið einhvern refsiverðan verknað heldur þarf að tiltaka með skýrari hætti hvaða verknað hinn saklausi aðili á að hafa framið til að grunsemdir teljist ekki óljósar.

Einstaklingur verður ekki sakborningur við einhverja formlega athöfn þó svo að stundum sé það augljóst hvenær það gerist, t.d. þegar einstaklingur er handtekin í þágu rannsóknar, leit er gerð hjá einstaklingi eða aðrar þvingunarráðstafanir. Ef einstaklingur er boðaður í skýrslutöku hjá lögreglu ber lögreglunni að gera einstaklingi ljóst hvort hann sé spurður sem sakborningur eða vitni.<sup>131</sup>

Eiríkur Tómasson tekur fram í grein sinni „Réttarstaða sakbornings og verjanda“ að ef einhver vafi er á því hvort aðili eigi að teljast vitni eða sakborningur í máli skal hann vera álitinn sakborningur. Ef eitthvað raunverulega bendir til þess að einstaklingur hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi telst hann vera sakborningur í skilningi laga um meðferð sakamála. Ef víst er að refsiverður verknaður hefur verið framin en óljóst hver framdi hann er erfitt að segja til um hver teljist til sakbornings ef fleiri en einn koma til greina. Líta skal á alla sem sakborninga meðan málið er óupplýst þar sem einhverjir geta talist hlutdeildarmenn. Ef hins vegar raunin verður sú að einhver af þeim sem töldust til sakborninga séu saklausir breytist staða þeirra yfir í að vera vitni í málinu.<sup>132</sup>

Eiríkur Tómasson bendir á að ekki er vafi um það að einstaklingur telst sakborningur eftir að ákæra hefur verið gefin út á hendur honum eða honum er gefinn kostur á að ljúka máli hjá lögreglu skv. XXIII. kafla laga um meðferð sakamála.<sup>133</sup>

Hvað þýðir að vera „sakaður um“ í merkingu 1. mgr. 148. gr. hgl.? Er það þegar einstaklingur telst vera sakborningur og ekki skiptir máli á hvaða stigi lögreglumálið er? Eða þegar ákæra hefur verið gefin út á hendur tiltekins aðila eða honum er gert að ljúka máli skv. XXIII. kafla laga um meðferð sakamála? Ef miðað er við ákæru þá fer ekki á milli mála að saklaus einstaklingur var í raun sakaður um refsiverðan verknað í skilningi 1. mgr. 148. gr.

<sup>130</sup> Alþt. 2007-8, A-deild, bls. 1418-19.

<sup>131</sup> Alþt. 2007-8, A-deild, bls. 1418. Jónatan Þórmundsson: „Réttarstaða sakbornings“, bls. 199. Sjá einnig 2. mgr. 63. gr. sml.

<sup>132</sup> Eiríkur Tómasson: „Réttarstaða sakbornings og verjanda“, bls. 3-4.

<sup>133</sup> Eiríkur Tómasson: „Réttarstaða sakbornings og verjanda“, bls. 3.

hgl. Ef það á að gera það að skilyrði fyrir refsinaemi verknaðar skv. 148. gr. hgl. að í orðunum „sakaður um“ þýði í raun „ákærður fyrir“ þá er verið að þrengja refsiramma ákvæðisins til muna án þess að lagaákvæðið sjálft eða lögskýringargögn beri það með sér. Ef við ímyndum okkur að A ásaki B um refsiverða háttsemi sem B er saklaus af og hafði fjarvistarsönnun á þeim tíma er verknaðurinn átti að vera framinn. A vissi um þá fjarvistarsönnun og að B yrði ekki ákærður fyrir verknaðinn vegna hennar. Ef miðað er við „ákærður fyrir“ þá leiðir það til þess að brot gegn B hefði aldrei getað fullframist.<sup>134</sup> Rangar sakargiftir eru tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram og því refsivert án tillits til afleiðinga. Gerður er áskilnaður um ákveðna huglæga afstöðu, tilgang, um að sá aðili sem ber saklausan mann röngum sökum geri það til þess að sá síðarnefndi verði „sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað“. Sé þessi huglæga afstaða, tilgangur, ekki til staðar er brotið ekki refsivert skv. 1. mgr. 148. gr. hgl. Ef miðað er við „sakaður um“ þá skiptir það ekki máli þó A hafi vitað af fjarvistarsönnun B eða ekki, því honum mátti vera ljóst, að með því að bera B röngum sökum um refsiverða háttsemi, yrði B rannsakaður af lögreglu sem gerandi brots og jafnvel talinn vera sakborningur í því máli þar til rannsókn málsins leiddi annað í ljós vegna fjarvistarsönnunar B. Samkvæmt því er nægjanlegt að B hefði hugsanlega verið kvaddur til skýrslutöku hjá lögreglu til að brotið teljist refsivert skv. 1. mgr. 148. gr. hgl. sbr. *Hérd. Suðl. 10. júní 2011 (S-207/2011)*.

Einungis dómstólar hafa heimild til að dæma menn fyrir refsiverða háttsemi sbr. 2. gr. stjkskr. Þeir menn sem hafa hlotið refsidóm skv. lögum um meðferð sakamála teljast dæmdir menn.

## **9 Tengsl 148. gr. hgl. við önnur ákvæði almennra hegningarlaga**

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum var svofelldur texti um 148. gr.:

Refsiákvæði greinarinnar eru tæmandi um verknað þann, sem í greininni er lýst. Þótt sökunautur hafi notað fölsuð skjöl eða rangan framburð, þá ber þó að heimfæra brotið einungis til þessarar gr. Hins vegar skal gæta þess, þegar svo stendur á, að dæma ekki vægari refsingu en orðið hefði, ef dæmt hefði verið samkvæmt ákvæðunum um skjalafals eða rangan framburð.<sup>135</sup>

<sup>134</sup> Ekki er hægt að telja að hér væri um að ræða pútatívt brot, þ.e. tilraunarbrot þar sem ásetningur A nær aldrei til afleiðinganna, þ.e. að B verði ákærður fyrir refsivert brot.

<sup>135</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 380.

Samkvæmt þessu á 148. gr. hgl. að tæma sök gagnvart öðrum ákvæðum sem hafa að geyma þann verknað sem lýst er í ákvæðinu ef verknaðarlýsing 148. gr. hgl. er fullnægt, þ.e. að verknaðurinn sé framinn í því skyni að fá einhvern saklausan einstakling sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað.

## 9.1 Sakartæming

Fleiri en eitt refsíákvæði geta tekið til sama afbrotsins í verknaðarlýsingu sinni. Þegar svokallaður árekstur refsíákvæða er til staðar þá er annað hvort hægt að beita ákvæðunum saman eða eitt ákvæði tæmir sökina gagnvart hinu/hinum ákvæðunum.<sup>136</sup> Það refsíákvæði sem tekur til verknaðarins í heild sinni tæmir sök gagnvart því/þeim refsíákvæðum sem einungis taka til hluta verknaðarins.<sup>137</sup>

Samsettar brotalýsingar fela það í sér að lögfest er sérhæfð verknaðarlýsing sem inniheldur verknaðarþætti sem hver um sig gæti talist sem sjálfstætt brot samkvæmt almennara refsíákvæði. Það er nánast algilt að sérhæfðara ákvæðið tæmi sök gagnvart því almennara sem taka til sama efnis.<sup>138</sup>

## 9.2 Brotasamsteypa

Brotasamsteypa felur það í sér að fleiri en eitt afbrot er framið með einum verknaði (concursum idealis) eða með mörgum verknaðum (concursum realis) á einhverju tímabili og dæmd eru saman. Ekki má hafa gengið dómur á milli þess sem afbrotin eru framin, einungis þau afbrot sem framin eru án þess að dæmt hafi verið um eitthvert þeirra á milli falla undir brotasamsteypu sbr. 77. gr. hgl. og 78. gr. hgl. Ákvæðin um brotasamsteypu eiga ekki við þegar framið er eitt afbrot sem getur talist falla undir tvö eða fleiri refsíákvæði.<sup>139</sup>

## 9.3 Árekstur við önnur ákvæði

### 9.3.1 Rangur framburður sbr. 142. gr. hgl.

Ákvæði um rangan framburð er svohljóðandi: „Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar. Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki

<sup>136</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 254.

<sup>137</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 52.

<sup>138</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 254-5.

<sup>139</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð I*, bls. 43 og 254-256. Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 39-40 og 61.



varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“, sbr. 142. gr. hgl., sbr. lög nr. 101/1976.

Í greinargerð er fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum sagði um 148. gr. að þó svo að rangur framburður hafi verið verknáðaraðferð geranda til rangra sakargifta þá eigi að heimfæra brotið undir 148. gr. en ekki 142. gr.<sup>140</sup> Þrátt fyrir þau orð í greinargerð er fylgdu frumvarpi til almennra hegningarlaga telur Jónatan Þórmundsson að hægt sé að beita 142. gr. hgl. og 148. gr. hgl. saman ef hinn rangi framburður er fól í sér rangar sakargiftir hafi komið fram utan dóms og síðar hnykkt á þeim fyrir dómi.<sup>141</sup> Þrátt fyrir þessa niðurstöðu Jónatans Þórmundssonar er greinargerðin skýr um þetta atriði. Aðili sem kemur fram með rangar sakargiftir gegn ákveðnum manni og áréttar þær fyrir dómi er einungis að ítreka ásetning sinn til þess að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverða háttsemi. Í *Hrd.* 1980, bls. 89 komu röngu sakargiftirnar fyrst fram fyrir lögreglu og síðar fyrir dómi, einungis var ákært og sakfellt fyrir brot gegn 148. gr. hgl. Í *Hrd.* 25. nóvember 2010 (632/2009) var X ákærð fyrir rangar sakargiftir, sbr. 148. gr. hgl. og rangan framburð, sbr. 142. gr. hgl., fyrir að hafa með rangri kærú og röngum framburði fyrir lögreglu og dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. Hvorki í héraðsdómi né Hæstarétti er fjallað um 142. gr. hgl. en það er vanalega ekki fjallað um heimfærslu til refsíákvæða þegar um er að ræða sýknudóm eins og þessu tilviki. Fyrir héraðsdómi virðist sem gert sé ráð fyrir því að ákært sé fyrir rangar sakargiftir með röngum framburði sem verknáðaraðferð en ekki sem sjálfstætt brot. Enginn dómur hefur fallið þar sem sakfellt er fyrir báðar greinarnar og er því ekki hægt að vita hvernig dómstóla mundu í framkvæmd heimfæra verknáðinn undir þessi refsíákvæði, annað hvort einungis undir 148. gr. hgl. eða einnig undir 142. gr. hgl. líkt og Jónatan Þórmundsson lýsir.

Í dönskum rétti gildir sama regla og hér á landi að rangar sakargiftir tæma sök gagnvart röngum framburði. Stephan Hurwitz tekur fram að ef hinn rangi framburður feli í sér rangar sakargiftir þá skuli einungis vera refsað fyrir rangar sakargiftir. Hins vegar bendir hann á að mjótt geti verið á muninum á milli rangs framburðar og rangra sakargifta ef hinn rangi framburður, sem fól í sér rangar sakargiftir, hafi komið fram áður utan réttar og hnykkt á þeim fyrir rétti en í því tilfelli gengur framburðurinn lengra en sá fyrri.<sup>142</sup> Væri því ekki útilokað í því tilfelli sem hann nefnir að beita þeim saman, 164. gr. dönsku hegningarlaganna um rangar sakargiftir og 158. gr. sömu laga um rangan framburð. Í Danmörku er það þó túlkað svo að 1.

<sup>140</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 380.

<sup>141</sup> Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*, bls. 55. Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 101.

<sup>142</sup> Stephen Hurwitz: *Den danske kriminalret. Speciel del*, bls. 99.

og 2. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlaganna um rangar sakargiftir tæmi sök gagnvart 158. gr. sömu laga. Það gerir 3. mgr. 164. gr. laganna hins vegar ekki.<sup>143</sup>

Ef sakborningur í dómsmáli lýsir því yfir að hann sé saklaus af sakargiftum sem málið varðar og einungis einn annar einstaklingur kemur til greina sem hugsanlega sé þá sekur er það refsilaust skv. 143. gr. hgl. Hins vegar tæmir 143. gr. hgl. ekki sök gagnvart 148. gr. hgl. sé ásetningur sakborningsins til þess að bera hinn manninn röngum sökum.<sup>144</sup>

### 9.3.2 Rangar yfirlýsingar sbr. 145-147. gr. hgl.

Eins og fram kemur í kafla 8.2 hafa stjórnvöld ekki heimild til heitfestingar nema þeim hafi verið veitt sú heimild að lögum og á því 142. gr. hgl. ekki við nema svo sé. Hins vegar er refsivert skv. 145-147. gr. hgl. að gefa opinberu stjórnvaldi rangar yfirlýsingar. Ef rangar yfirlýsingar eru notaðar í því skyni að koma því til leiðar að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverða háttsemi þá telst verknaðurinn falla undir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. Áður hafa verið reifaðir tveir dómar í kafla 5.2 þar sem ákært var fyrir rangar sakargiftir en til vara fyrir ranga skýrslugjöf, sbr. 146. gr. hgl. Í fyrri dómnum, *Hérd. Suðl. 8. september 2008 (S-266/2008)* var talið sannað að ásetningur hafi verið til staðar að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsivert brot og var brotið því fellt undir 148. gr. hgl. en ekki 146. gr. hgl. Í seinna málinu, *Hérd. Suðl. 18. mars 2011 (S-498-2010)* var það talið ósannað að verknaðurinn hafi verið til þess fallinn að fá saklausan mann sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverða háttsemi. Ásetningur til brots skv. 148. gr. hgl. hafi því ekki verið til staðar og brotið því fellt undir 146. gr. hgl.

### 9.3.3 Rangur uppljóstur sbr. 149. gr. hgl.

Í 149. gr. hgl., sbr. lög nr. 100/1951, segir: „Hver, sem gerist sekur um rangan uppljóstur til yfirvalds um að refsiverður verknaður hafi verið framinn, svo og hver sá, sem ber fram rangar kærur við forsetann, alþingi, dómstóla eða yfirvald, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“ Í greinargerð er fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum segir um 149. gr. ef einhver skýrir frá því að brot hafi verið framið án þess að svo sé þá falli það undir rangan uppljóstur, einnig ef einhver gefur sig fram fyrir að hafa framið brot sem í raun var aldrei framið.<sup>145</sup>

<sup>143</sup> *Straffelovrådets betænkning om straffsættelse og strafferammer II. Speciel del.*, bls. 591.

<sup>144</sup> Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“, bls. 101-2.

<sup>145</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 380.

Ef tilkynnt er um refsiverða háttsemi sem átti sér aldrei stað og án þess að einhver tiltekinn aðili sé bendlaður sem gerandi háttseminnar telst verknaðurinn falla undir rangan uppljóstur, sbr. 149. gr. hgl.<sup>146</sup> Ef saklausum aðila er bendlað við hina refsiverðu háttsemi fellur verknaðurinn undir verknaðarlýsingu 1. mgr. 148. gr. hgl. og telst til rangra sakargifta. Ásetningur þarf þó að ná til þess að koma því til leiðar að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverða háttsemi.

Hinn rangi uppljóstur þarf að vera vísvitandi rangur.<sup>147</sup> Það er því ekki refsivert ef einhver telur sig hafa séð refsivert brot framið og tilkynnir það til lögreglu en í ljós kemur að ekkert brot hafi í raun verið framið.

Í *Hrd.* 1978, bls. 766, sem ítarlega er reifaður í kafla 8.1, var E ákærður fyrir brot gegn 149. gr. hgl. með því að hafa borið fram vísvitandi ranga kæru við lögregluna þess efnis að Ö hefði ógnað sér með byssu og hefði síðan ekið á brott, vopnaður og undir áhrifum áfengis eða lyfja. Héraðsdómur sem staðfestur var af Hæstarétti tiltók sérstaklega að þar sem einungis væri ákært fyrir brot gegn 149. gr. hgl. var ekki talið hægt að fjalla um það hvort 148. gr. hgl. ætti betur við um háttsemi E, var hann því dæmdur skv. 149. gr. hgl. en ekki 148. gr. hgl.

Miðað við atvikalýsingu dómsins má fullyrða að hafi verið ákært fyrir 148. gr. hgl. má telja víst að sakfelldur hafi verið fyrir þá grein en ekki 149. gr. hgl. eins og gert var í þessu máli.

#### 9.3.4 Skjalafals sbr. 155. gr. hgl.

Í 1. mgr. 155. gr. hgl. er ákvæði um skjalafals: „Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.“ Í 2. mgr. 155. gr. hgl. segir að það sama eigi við um fölsuð gögn sem geymd eru rafrænt.

Eins og áður hefur komið fram tiltók greinargerðin er fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum að 148. gr. ætti við brotið þó svo að gerandi hafi notað fölsuð gögn við framningu brotsins.<sup>148</sup>

Þrátt fyrir orðalag greinargerðarinnar hefur verið ákært fyrir skjalafals, sbr. 155. gr. hgl. í stað þess að ákæra fyrir brot gegn 148. gr. hgl., sbr. *Hrd.* 1983, bls. 1958 en í því máli var X ákærður fyrir skjalafals fyrir að hafa ritað undir varðstjórnaskýrslu með nafni annars manns er hann var stoppaður fyrir umferðarlagabrot. Fyrir dómi sagðist X hafa gert þetta í því skyni að losna við þetta mál. Var X sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hgl.

<sup>146</sup> Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarrannsóknir*, bls. 86.

<sup>147</sup> Stephen Hurwitz: *Den danske kriminalret. Speciel del*, bls. 113.

<sup>148</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 380.

Í málinu var ekki ákært fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. Ef það hefði verið gert er mjög líklegt að X hefði verið sakfelldur fyrir brot gegn þeirri grein. Huglæg afstaða hans til brotsins er augljóslega sú að kenna öðrum aðila um brotið til að losna sjálfur undan því, með þeirri háttsemi kom hann því til leiðar að saklaus maður yrði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverða háttsemi.

Í dag er einungis ákært fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. en ekki skjalafals í málum sem þessum.<sup>149</sup> Fjölmargir dómar hafa gengið um rangar sakargiftir þar sem aðili gefur upp nafn annars manns og ritar undir gögn með því nafni þegar hann er stöðvaður fyrir umferðarlagabrot. Í *Hrd. 2006, bls. 450* var X ákærður og sakfelldur fyrir rangar sakargiftir, sbr. 148. gr. hgl., fyrir að hafa gefið upp nafn og kennitölu Y við lögreglu, einnig ritaði hann nafn Y undir vettvangsskýrslu lögreglu, lögregluskýrslu þar sem Y var sakaður um umferðarlagabrot sem X framdi og ritaði undir upplýsingablað fyrir handtekna menn í nafni Y. Með þessu var X talinn hafa komið því til leiðar að Y var ákærður fyrir umferðarlagabrot sem hann var saklaus af.

## 10 Samþykki sem refsileysisástæða

### 10.1 Flokkun refsileysisástæðna

Upp getur komið sú staða að framinn sé verknaður sem refsíákvæði tiltekur refsiverðan en ákveðnar ástæður, atvik eða aðstæður, sem voru til staðar þegar refsiverður verknaður var framinn leiða til þess að hann sé refsilaus. Verknaðurinn var því refsilaus frá upphafi og ber því að sýkna ef mál fer fyrir dómstóla. Ákveðin skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að refsileysisástæður geti átt við. Fyrst ber að nefna að verknaðurinn þarf að hafa verið refsínæmur, þ.e. fallið undir verknaðarlýsingu refsíákvæðis. Verknaðurinn þarf að vera saknæmur, með því er átt við að ásetningur hafi verið til staðar, eða gáleysi ef refsíákvæði tiltekur að slíkt nægi til að refsað verði fyrir ákveðinn verknað. Atvik eða aðstæður sem leiða til refsileysis verða að hafa verið til staðar á verknaðarstundu. Einnig þurfa öll skilyrði refsíabyrgðar að vera til staðar á verknaðarstundu, ef ekki þá leiðir það til þess að refsíabyrgð stofnast ekki.<sup>150</sup>

Refsileysisástæður skiptast í huglægar og hlutrænar. Huglægar refsileysisástæður geta verið lögfestar og ólögfestar. Sem dæmi um lögfesta huglæga refsileysisástæðu má nefna sakhæfisskort, sbr. 15. gr. hgl. en hann leiðir alltaf til sýknu. Hlutrænar refsileysisástæður geta

<sup>149</sup> Sjá t.d. *Hérd. Reykn. 9. febrúar 2007 (S-11/2007)*, *Hérd. Reykn. 13. október 2008 (S-524/2008)*, *Hérd. Reykn. 31. janúar 2011 (S-796/2010)* og *Hérd. Suðl. 21. desember 2009 (S-628/2009)*.

<sup>150</sup> Jónatan Þórmundsson: „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“, bls. 374-5.

einnig verið lögfestar og ólögfestar. Neyðarvörn, neyðarréttur og samþykki eru dæmi um lögfestar hlutrænar refsileysisástæður en samþykki getur þó einnig verið refsileysisástæða í ólögfestum tilvikum.<sup>151</sup>

Réttaráhrif hlutrænna og huglægra refsileysisástæðna eru mismunandi. Má helst nefna að hlutrænar refsileysisástæður leiða til þess að ekki verður beitt neinum refsingum eða öðrum viðurlögum. En huglægar refsileysisástæður, t.d. sakhæfissskortur, geta til að mynda leitt til öryggisgæslu sbr. 62. gr. hgl., réttindasviptingar, eignaupptöku og skaðabótaskyldu.<sup>152</sup>

## 10.2 Skilgreining á samþykki

Samþykki er skilgreint sem undanfarandi eða samtímis viljatjáníning þess, sem brot bitnar á, um að hann fallist á framkvæmd verksins. Viljatjáníning getur verið munnleg, skrifleg eða með þeim hætti að látbragð eða þögn feli í sér samþykki. Það verður að vera einhver brotþoli til staðar sem getur gefið samþykki sitt og það verður að vera gefið fyrirfram eða samtímis þeim refsiverða verknaði. Samþykkið verður að vera raunverulegt og ekki háð neinum skilyrðum.<sup>153</sup> Hvað varðar skilyrt samþykki þá má nefna *Hrd. 1991, bls. 1505* en í forsendum héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, var tekið fram að þó svo brotþoli hafi ætlað samþykkinu ákveðin skilyrði þá hafi ákærði ekki verið kunnugur þeim og því ekki fallist á það með brotþola að samþykki hafi ekki verið til staðar. Vafi um ákveðin skilyrði fyrir samþykkinu eru skýrð sakborningi í hag. Af þessu má leiða að ef ákveðin skilyrði eru sett fyrir samþykki þá er það aðilans, sem samþykkið veitir, að tryggja það að þessi skilyrði séu skýr og kunn þeim aðila sem samþykkið er veitt.

Í skilgreiningu á samþykki er miðast við að það sé gefið fyrirfram eða samtímis verknaði. Eftirfarandi samþykki hefur því engin áhrif á refsíabýrgð.<sup>154</sup>

## 10.3 Réttaráhrif samþykkis

Samþykki fellur undir hlutræna refsileysisástæðu sem leiðir til sýknu ef mál fer fyrir dómstóla. Samþykkið þarf þó að uppfylla öll skilyrði sem gerð eru til þess, sjá umfjöllun í kafla 10.4. Samþykki sem refsileysisástæða er bæði lögfest og ólögfest regla. Dæmi um lögfest samþykki má benda á 2. málsl. 2. mgr. 218. gr. b. hgl. en þar segir: „Nú varðar verknaður við 217. gr., og verður þá ekki refsað, þegar samþykki liggur fyrir.“ Ákvæðið á einungis við um minniháttar líkamsárásir sbr. 217. gr. hgl. Áður var samþykki vegna

<sup>151</sup> Jónatan Þórmundsson: „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“, bls. 377-9.

<sup>152</sup> Jónatan Þórmundsson: „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“, bls. 376-7.

<sup>153</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð III*, bls. 164-5.

<sup>154</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð III*, bls. 177.

minniháttar líkamsárása byggt á ólögfestri reglu.<sup>155</sup> Samþykki er ólögfest refsileysisástæða í málum er varða rangar sakargiftir skv. 148. gr. hgl., sjá ítarlegri umfjöllun í kafla 10.6.

Samþykki brotþola eða önnur jákvæð afstaða hans til brots getur leitt til refsimildunar við ákvörðun refsingar, þ.e. að samþykki hafi áhrif til málsbóta fyrir ákærða þó svo það sé ekki lögfest. Hins vegar geta hagsmunir annarra komið í veg fyrir það, til dæmis þegar sá brotþoli sem samþykkir verknað gerir það vegna þess að hann ber illan hug til þess brotþola sem verknaður beinist einnig gegn.<sup>156</sup> Telja má að þessar málsbætur komi helst til greina þegar samþykki er ekki gilt á þann hátt að það verki sem refsileysisástæða. Jónatan Þórmundsson tekur sem dæmi *Hrd. 1982, bls. 124* um samþykki sem skoða megi sem málsbætur þó svo það sé ekki tiltekið í dómnum, en dómurinn lætur samþykki verka til refsilækkunar.<sup>157</sup> Fram kom í dómnum eftirfarandi:

Ákærðu höfðu sammælt um að fara í umræddan kappakstur, og vissu farþegar þeirra það. Ekki mótmæltu þeir þessari ákvörðun ákærðu, og verður að líta svo á, að þeir hafi samþykkt hana. Ekki verður hins vegar á það fallist með verjendum ákærðu, að þetta samþykki leysi þá undan refsingu fyrir brot á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga, sem greinir í ákæru. Hins vegar leiðir það til lækkunar við mat á refsingu ákærðu samkv. 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.

## 10.4 Skilyrði samþykkis

Til að gilt samþykki hafi þau réttaráhrif að það leiði til refsileysis eða annarra vægari réttaráhrifa þá þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt.<sup>158</sup> Verður hér gerð grein fyrir hverju og einu skilyrði fyrir sig.

### 10.4.1 Hæfi

Til þess að aðili geti gefið samþykki fyrir því að brotið sé gegn hagsmunum hans þarf hann að vera hæfur til þess. Ekki er nein algild regla um hæfisskilyrði en matið ræðst af verðmæti og eðli hagsmunanna. Miða skal við aldur og þroska þess sem veitir samþykkið, þ.e. að hann skilji efni samþykkisins og afleiðingar sem það hefur í för með sér. Þar sem hagsmunirnir, sem samþykkt er að brotið sé gegn, eru mjög persónulegs eðlis er ekki talið að foreldrar barns geti samþykkt slíkt fyrir hönd þess. Barn getur ekki samþykkt að brotið sé gegn hagsmunum

<sup>155</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 165.

<sup>156</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 166.

<sup>157</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 166.

<sup>158</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 166.

þess, sem það er sérstaklega verndað gegn, t.d. misneytingu eða misnotkun af hálfu aðila sem er eldra en barnið, t.d. foreldri.<sup>159</sup>

#### 10.4.2 Heimild

Til að hægt sé að samþykkja að brotið sé gegn ákveðnum hagsmunum þurfa hagsmunirnir að vera slíkir að hægt sé að skerða þá. Brotapoli getur því einungis samþykkt að láta skerða þess háttar hagsmuni. Skoða þarf í hvert sinn hvað fólst í samþykkinu. Ef vafi er um efni og víðfeðmi þess er það virt til hagsbóta þess sem samþykkið var gefið sbr. *Hrd. 1991, bls. 1505*<sup>160</sup> en í því máli hafði Y gefið X leyfi til að nota nafn sitt og kennitölu ef X yrði stoppaður fyrir að aka án ökuréttinda. X var síðan stoppaður af lögreglu fyrir ýmis umferðarlagabrot og gaf hann upp nafn og kennitölu Y. X var ákærður fyrir umferðarlagabrot og rangar sakargiftir. Y sagði fyrir dómi að hann hafi einungis samþykkt að X notaði nafn sitt og kennitölu ef hann yrði stoppaður af lögreglu svo framarlega sem X væri löglegur, ekki fyrir of hraðan akstur og slíkt. Y taldi X hafa misnotað þetta samþykki, notað það í of miklum mæli og í tilfellum sem X var að brjóta af sér fyrir annað og meira en að aka án ökuréttinda. Y viðurkenndi fyrir dómi að hann hafi vitað að X væri próflaus og gat því akstur X aldrei verið löglegur. Talið var að þó svo Y hafi ætlað samþykkinu ákveðin skilyrði þá var ákærða ókunnugt um þau. Samþykkið var virt ákærða til hagsbóta og hann sýknaður af röngum sakargiftum.

#### 10.4.3 Eðli hagsmuna

Hagsmunir geta verið þess eðlis að ekki er hægt að samþykkja að brotið sé á þeim, t.d. almannahagsmunir, sem ekki eru tengdir tilteknum einstaklingum. Einnig hagsmunir sem vernda grundvöll ríkisins og öryggi þess, sem oftast nær enginn einstaklingur eða stofnun getur samþykkt brot á. Ef hagsmunir varða líf, heilsu og frelsi einstaklinga eru þeir taldir það dýrmætir að ekki er hægt að samþykkja brot gegn þeim. Samþykki leiðir því ekki til refsileysis í þessum tilvikum.<sup>161</sup>

#### 10.4.4 Vitneskja um aðstæður

Ef samþykki er gefið af vanþekkingu eða miskilningur er um aðstæður og afleiðingar brots sem fyrirsjáanlegar eru, þá er samþykki ógilt. Hugsanlega gæti það verið refsilaust brot hjá

---

<sup>159</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð III*, bls. 166-7.

<sup>160</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð III*, bls. 167.

<sup>161</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð III*, bls. 167-8.

geranda ef hann var í villu um það að samþykkið var ógilt vegna þessara ástæðna. Þá er um að ræða svokallað pútatívt samþykki, en það er þegar gerandi telur samþykki vera fyrir hendi sem í raun er ekki til staðar. Það getur leitt til þess að brot sé refsilaust. Jónatan Þórmundsson tekur þrjú tilvik sem geta átt við um pútatívt samþykki: Í fyrsta lagi að ekkert samþykki var til staðar, í öðru lagi að samþykki hafi verið komið en það er ógilt vegna þess að eitthvert af skilyrðum samþykkis var ekki til staðar og í þriðja lagi að samþykki hafi verið réttilega afturkallað án vitneskju geranda. Ef hins vegar samþykki er til staðar en gerandi veit ekki af því þegar hann fremur afbrot þá er um pútatívt brot að ræða, sem telst refsiverð tilraun til brots. Hér getur villan um samþykkið verið grundvöllur fyrir refsíabyrgð.<sup>162</sup>

#### 10.4.5 Ólöglega fengið samþykki

Ef samþykki er ólöglega fengið s.s. með ofbeldi, hótun, blekkingu o.þ.h. þá er það ógilt. Samþykki verður að vera gefið af fúsum og frjálsum vilja. Ef samþykkisgefandinn er undir áhrifum vímuefna þá getur samþykki verið ógilt en það verður að metast m.t.t. hæfis viðkomandi á þeim tíma sem það er gefið. Það á ekki að koma að sök þó gerandi hafi stungið upp á því við brotþola að sá samþykkti verknaðinn, svo lengi sem gerandi þrýsti ekki á brotþola á þann veg að brotþoli er í raun ekki að gefa samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja.<sup>163</sup>

#### 10.4.6 Samþykki ekki afturkallað

Hægt er að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er og að svo miklu leyti sem samþykkisgefandinn kýs. Hins vegar geta lög eða bindandi gerningar, sem gerðir hafa verið um ákveðið verðmæti, komið í veg fyrir afturköllun samþykkis. Eftir að samþykki er réttilega afturkallað þá fellur samþykkið úr gildi.<sup>164</sup>

### 10.5 Gildissvið samþykkis

Hagsmunir, sem samþykkja á að brotið sé gegn, geta verið þess eðlis að samþykki leiði ekki til refsileysis. Skiptir þá ekki máli þó öll skilyrði fyrir samþykki séu uppfyllt. Ekki er til nein algild regla um það hvenær samþykki leiðir til refsileysis eða ekki. Skoða þarf, og skýra, í hvert sinn það lagaákvæði sem um ræðir. Til eru þó ákveðin leiðbeiningarsjónarmið sem hægt er að styðjast við. Eins og fram kom í kafla 10.4.3 um eðli hagsmuna þá hefur samþykki oftast

<sup>162</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 168-9.

<sup>163</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 168.

<sup>164</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, bls. 168.



ekkert gildi við slíka hagsmuni. Stundum getur það verið mikilvægt fyrir þjóðfélagið að refsá öllum þeim sem fremja ákveðna tegund af broti, t.d. fíkniefnabrot. Margir kaflar almennra hegningarlaga útiloka samþykki sem refsileysisástæðu, en þó eru nokkrar undantekningar, t.d. 148. gr. hgl. er fjallar um rangar sakargiftir og einnig 115. gr., 116. gr. og 137. gr. hgl. ef heimild er veitt fyrir þeim verknaði sem ákvæðin taka til.<sup>165</sup>

Ef refsíákvæði verndar einstaklingshagsmuni þá er talið að samþykki brotaþola verki sem refsileysisástæða. Þetta er þó ekki algilt því aðrir hagsmunir geta spilað inn í, s.s. hagsmunir þriðja manns, almannahætta sem gæti komið upp í kjölfar brots, dýrmætir hagsmunir sem samfélagið gerir kröfu til um refsingu, ef brotið er gegn þeim, þrátt fyrir jákvæða afstöðu brotaþola til skerðingar á þeim og ef refsíákvæði er þess eðlis að samþykki kemur í veg fyrir tilgang þess, t.d. 202. gr. hgl. um kynferðisbrot gegn börnum.<sup>166</sup>

### 10.6 Áhrif samþykkis við brotum skv. 148. gr. hgl.

Ákvæði um rangar sakargiftir hefur sérstöðu við önnur ákvæði XV. kafla almennra hegningarlaga. Ákvæðið verndar bæði opinbera og einstaklingshagsmuni en þeir síðarnefndu vega þyngra og getur samþykki því verkað sem refsileysisástæða. Leiðir gilt samþykki brotaþola því til sýknu í málum þar sem ákært er fyrir rangar sakargiftir,<sup>167</sup> sbr. *Hrd. 1991, bls. 1505*. Í þessu máli var maður ákærður fyrir umferðarlagarbrot og fyrir rangar sakargiftir með því að hafa gefið upp nafn og kennitölu Y er hann var stöðvaður af lögreglu og leitaðist við að koma því til leiðar að Y yrði sakaður um brotin, sjá reifun í kafla 10.4.2. Hæstiréttur, sem staðfesti Sakadóm Keflavíkur, tók eftirfarandi fram:

Almennt verður að telja mjög varhugavert, að menn geti sér að refsilausu samið um, hver taki á sig sök á refsiverðum verknaði, eða með öðrum hætti haft úrslitaáhrif á það, í hvaða farveg rannsókn verknaðar og málsmeðferð beinist. Ákvæði 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður þó að skýra svo samkvæmt orðalagi þess og tilgangi, að þeim manni verði ekki refsáð, sem ber annan mann röngum sökum með samþykki hans. Þótt óljóst sé um efni og víðfeðmi þess samþykkis, sem ákærði ber fyrir sig, verður hann að njóta vafa í sakarmati um huglæga afstöðu sína til þessa atriðis, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Síðan þessi dómur gekk hefur ekki annað mál komið fyrir Hæstarétt, sem tekur á samþykki sem refsileysisástæðu í málum er varða rangar sakargiftir. Engin lagabreyting hefur

<sup>165</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 169-70.

<sup>166</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 170-71.

<sup>167</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð III*, bls. 171.

átt sér stað af hálfu löggjafans þrátt fyrir þessi gagnrýnisorð Hæstaréttar og hefur þetta mál því fordæmisgildi í málum er varða rangar sakargiftir.<sup>168</sup>

Í Noregi er samþykki brotþola ekki refsileysisástæða, en í 2. tölul. 1. mgr. 171. gr. norsku hegningarlögunum er tiltekið að sá sem ranglega sakar sjálfan sig eða annan mann með hans samþykki, um refsiverðan verknað, skal vera refsað. Refsing getur orðið allt frá sekt upp í eins árs fangelsi. Hér leiðir samþykki þó til refsilækkunar en refsiramminn er töluvert lægri en í 168. gr. norsku hegningarlögunum um rangar sakargiftir en þar getur refsing orðið allt að 8 ára fangelsi. Ástæða fyrir því að samþykki er ekki refsileysisástæða í Noregi er vegna þess sjónarmiðs að rangar sakargiftir fela í sér brot á þeim sem þær beinast gegn og einnig fela þær í sér misnotkun á réttarkerfinu.<sup>169</sup>

Í Danmörku var byggt á sömu sjónarmiðum og á Íslandi um samþykki sem refsileysisástæðu. Árið 1965 felldi Hæstiréttur Danmerkur tvo dóma er vörðuðu samþykki sem refsileysisástæðu sem átti eftir að hafa afdrifarík áhrif á lagasetningu í Danmörku. Í *Ufr. 1965, bls. 620*, voru málavextir þeir að A hafði lagt bifreið ólöglega í janúar 1963 og ekið of hratt í júlí sama ár. Hann fékk B til að segjast hafa verið sá sem lagði bílnum og greiddi B sektina. Varðandi hraðaksturinn þá sagði A við lögreglu að B hefði keyrt bílinn í umrætt sinn. B hafði ekki samþykkt það sérstaklega en A gaf sér að B myndi samþykkja að taka hraðaksturinn á sig. A var sýknaður fyrir brot gegn 1. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlögunum um rangar sakargiftir og einungis dæmdur fyrir umferðarlagabrotin sem hann var einnig ákærður fyrir. Í *Ufr. 1965, bls. 622* voru tvær ölváðar konur saman í bíl. Sú sem ók lenti í árekstri við annan bíl. Konurnar komu sér saman um að sú sem hafði verið farþegi í bílnum tæki á sig sökina fyrir ölvunaraksturinn. Hinn raunverulegi ökumaður var ákærður fyrir rangar sakargiftir en sýknaður þar sem samþykki var talið vera fyrir hendi frá farþeganum um að taka á sig sökina.

Þann 9. júní 1967 var dönsku hegningarlögunum breytt með lögum nr. 248/1967.<sup>170</sup> Með lögunum var nýmæli lögfest í 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlögunum um að ef einhver fremur verknað sem 1. og 2. mgr. tekur til, með þeim ásetningi að taka á sig sök eða fá einhvern saklausan einstakling, með hans samþykki, refsað fyrir brot sem hann er saklaus af þá skal honum vera refsað allt frá sekt upp í eins árs fangelsi.

---

<sup>168</sup> Sjá *Hérd. Reykn. 13. október 2006 (S-768/2006)* en í því máli var ósannað að gilt samþykki hafi verið fyrir hendi og var ákærða því sakfelld fyrir rangar sakargiftir.

<sup>169</sup> Anders Bratholm og Magnus Matningsdal: *Straffeloven. Kommentartutgave. Anden del. Forbrydelsen*, bls. 383. Johs. Andenæs: *Almindelig strafferett*, bls. 179.

<sup>170</sup> Vagn Greve: *Om falsk forklaring til offentlige myndighed og falsk anklage. Nogle spørgsmål vedrørende straffelovens §§ 161-165*, bls. 5 og 27.

Ástæðan fyrir breytingunni var sú að opinberir hagsmunir, til að koma í veg fyrir misnotkun á réttarkerfinu og að viðhalda trausti á það, voru taldir mikilvægari en einstaklingshagsmunir. Einnig var tekið fram að það getur verið nauðsynlegt að vernda einstakling sem veitir samþykki vegna þrýstings frá öðrum eða aðili áttar sig í raun ekki á þeim afleiðingum sem samþykkið hefur í för með sér.<sup>171</sup>

Árið 2004 var refsihámarkið í 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlaganna lækkað úr 1 árs í 6 mánaða fangelsi með lögum nr. 218/2004 frá 31. mars 2004. Ástæðan var sú að verið var að samræma refsinguna við refsiramma 162. gr. og 163. gr. dönsku hegningarlaganna. Í framkvæmd hafði refsihámark greinarinnar ekki verið nýtt sem skyldi en lækkun á refsihámarkinu átti ekki að hafa áhrif til breytingar á ákvörðun refsingar í þessum málum<sup>172</sup> Það var síðan árið 2005 sem þessu var breytt í fyrra horf með lögum nr. 364/2005 frá 24. maí 2005. Refsimörk 3. mgr. 164. gr. voru því á ný sekt til eins árs fangelsi. Ætlunin með hækkuninni var að herða refsingar þegar brotlegur einstaklingur hvetur saklausan mann til að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað. Framkvæmdin var sú að sá sem fékk annan til að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað var refsað með 60 daga fangelsi að meðaltali en sá aðili sem tók á sig sökina fékk að meðaltali 30 daga fangelsi. Við breytinguna var einnig tekið fram að ef sá brotlegi hótar þeim saklausa að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað þá má virða það til þyngingar fyrir hinn brotlega en til mildunar fyrir hinn saklausa.<sup>173</sup>

Í dag gildir því sama reglan í Danmörku og Noregi að samþykki er ekki refsileysisástæða. Sama hugsunin er að baki danska ákvæðinu og 2. tölul. 171. gr. norsku hegningarlaganna, þ.e. að rangar sakargiftir eru brot gegn einstaklingshagsmunum en einnig brot gegn opinberum hagsmunum og því á það að vera refsivert að taka á sig sök eða fá annan saklausan einstakling refsað fyrir brot sem hann er saklaus af, þrátt fyrir að samþykki sé til staðar frá brotþola.<sup>174</sup> Í *Ufr. 2002, bls. 1938* voru málavextir þeir að T samdi við A að hinn síðarnefndi skyldi taka út 14 daga refsingu fyrir T sem hann hafði ekki enn afplánað. A samþykkti að gera þetta fyrir T. Þegar þetta komst upp var T ákærður fyrir rangar sakargiftir og dæmdur í 20 daga fangelsi skv. 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlaganna. Þó svo ákvæðið sjálft gefi ekki til kynna að sá sem gefi samþykki fyrir því að vera ranglega sakaður um refsiverðan verknað geti verið

<sup>171</sup> Malene Bechmann Christensen: *Det strafferetlige samtykke. Afgrænsningen af samtykkes virkemåde*, bls. 204. Folketingstidende 1966-67, Tillæg A, bls. 2461.

<sup>172</sup> Folketingstidende 2003-04, Tillæg A, bls. 3306.

<sup>173</sup> Vagn Greve, Gorm Toftgaard Nielsen og Asbjørn Jensen: *Kommentaret straffelov special del*, bls. 176. Folketingstidende 2004-05, Tillæg A, bls. 235.

<sup>174</sup> Knud Waaben: *Strafferettens almindlige del*, bls. 151.

ákærður fyrir samverknað er ákvæðið túlkað á þann veg,<sup>175</sup> sbr. *Ufr. 1970, bls. 714* en í því máli hafði maður ekið undir áhrifum áfengis og ekið á tré. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagði hann bróður sinn hafa ekið bílnum í þetta umrædda skipti. Bróðir mannsins sagði lögreglu að hann hefði samþykkt þetta. Báðir voru dæmdir skv. 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlagna. Ákvæði norsku hegningarlagna er einnig túlkað sem svo að samþykki geti talist til samverknaðar, sjá frekari umfjöllun í kafla 7.3.

Í Svíþjóð, rétt eins og á Íslandi, er ekki að finna sams konar ákvæði og í Noregi og Danmörku sem kemur í veg fyrir að samþykki leiði til refsileysis.

Einstaklingshagsmunir liggja að baki því að samþykki brotaþola er refsileysisástæða í málum er varðar rangar sakargiftir á Íslandi, sbr. 148. gr. hgl. Til að hagsmunir réttarkerfisins, opinberir hagsmunir, geti vegið þyngra þarf lagabreyting að koma til af hálfu löggjafans sem tiltekur að samþykki brotaþola leiði ekki til refsileysis í málum sem þessum. Þetta leiðir af þeirri niðurstöðu Hæstaréttar í máli *Hrd. 1991, bls. 1505.* en þar tekur Hæstiréttur eftirfarandi fram:

Almennt verður að telja mjög varhugavert, að menn geti sér að refsilausu samið um, hver taki á sig sök á refsiverðum verknaði, eða með öðrum hætti haft úrslitaáhrif á það, í hvaða farveg rannsókn verknaðar og málsmeðferð beinist. Ákvæði 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlagna nr. 19/1940 verður þó að skýra svo samkvæmt orðalagi þess og tilgangi, að þeim manni verði ekki refsað, sem ber annan mann röngum sökum með samþykki hans.

Þar til breyting verður gerð á lögunum þá telst gilt samþykki vera refsileysisástæða í málum er varða rangar sakargiftir á Íslandi.

## 11 Ákvörðun refsinga

### 11.1 Varnaðaráhrif refsinga

Varnaðaráhrifum refsinga er ætlað að hafa áhrif á breytni manna í framtíðinni. Þeim er skipt í tvo flokka, almenn og sérstök varnaðaráhrif.<sup>176</sup>

Almenn varnaðaráhrif eru þau áhrif sem ætlað er að ná til allra, en ekki endilega til þess sem framdi afbrotið. Þau eiga að hafa þau áhrif að aðrir læri af mistökum annarra, fæla frá

---

<sup>175</sup> Vagn Greve, Gorm Toftegaard Nielsen og Asbjørn Jensen: *Kommentaret straffelov special del*, bls.131. Vagn Greve: *Om falsk forklaring til offentlig myndighed og falsk anklage. Nogle spørgsmål vedrørende straffelovens §§161-165*, bls. 24. Malene Bechmann Christensen: *Det strafferetlige samtykke. Afgrænsningen af samtykkes virkemåde*, bls. 204.

<sup>176</sup> Jón Þór Ólafsson: „Auga fyrir auga. Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 208.

afbrotum og hafa siðferðismótandi áhrif á almenning.<sup>177</sup> Í greinargerð með frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum er tekið fram að siðaskoðun almennings auk þeirrar vitundar um refsiviðurlög við ákveðnum verknaði hefur áhrif á breytni manna. Sérstök varnaðaráhrif koma einnig fram í greinargerðinni en tiltekið er að refsing eigi að hafa áhrif á gerandann og koma í veg fyrir að hann endurtaki afbrot af ótta við að verða refsað að nýju og þá í auknu mæli en áður.<sup>178</sup> Þetta endurspeglast í reglum um ítrekunaráhrif sem er t.d. að finna í 71. gr. hgl. og í ákvæðum sem hafa að geyma refsþyngingarástæður sem koma til dæmis til vegna fyrri hegðunar geranda sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. hgl.<sup>179</sup> Telst þetta til þeirrar sérstöku varnaðaráhrifa sem refsing á að fela í sér.

Sérstök varnaðaráhrif refsinga beinast að huglægri afstöðu hins brotlega hverju sinni, þ.e. að koma í veg fyrir að hann brjóti aftur af sér í framtíðinni. Varnaðaráhrifin eiga að hafa áhrif á viljaafstöðu hans og aðgætni hans í framtíðinni að fremja ekki brot að nýju. Til að þessum varnaðaráhrifum sé komið við þarf að vera til staðar ótti við refsingu hjá hinum brotlega.<sup>180</sup>

## 11.2 Atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar

Ýmsar refsíákvörðunarástæður, lögbundnar eða ólögbundnar, geta haft áhrif á ákvörðun refsingar sem leitt geta til málsbóta eða þyngingar refsingar þ.e. að hægt sé að dæma lægri refsingu en lágmarksrefsing er fyrir tiltekið brot eða dæma megi hærri refsingu en hámarksrefsing er fyrir tiltekið brot.<sup>181</sup>

Í 70. gr. hgl. er að finna atriði sem hafa ber til hliðsjónar við ákvörðun refsingar. Greinin skiptist í níu tölulíði sem geta verkað til þyngingar eða sem málsbætur en þó einungis innan refsiramma þess ákvæðis sem brotið er gegn. Í 1. tölul. er tiltekið hversu mikilvægt það er, sem brotið hefur beinst að. Í 2. tölul. er tiltekið hversu yfirgripsmiklu tjóni brotið hefur valdið. Í 3. tölul. er horft til hversu mikil hætta var af verkinu, einkum þegar til þess er litið hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt. Í 4. tölul. er litið til aldurs geranda. Í 5. tölul. er litið til hegðunar geranda að undanfögnu. Í 6. tölul. er horft til þess hversu styrkur og einbeittur vilji geranda hefur verið. Í 7. tölul. er horft til þess hvað gerandanum hefur gengið til verksins. Í 8. tölul. er litið til þess hvernig framferði gerandans hefur verið, eftir að hann hafði unnið verkið

---

<sup>177</sup> Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*, bls. 79. Jón Þór Ólafsson: „Auga fyrir auga. Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 208-9. Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 69-71.

<sup>178</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 352-3.

<sup>179</sup> Jón Þór Ólafsson: „Auga fyrir auga. Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 211.

<sup>180</sup> Jónatan Þórmundsson: *Grundvallarreglan um saknæmi. Afbrigðileg refsíabyrgð*, bls. 5.

<sup>181</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum“, bls. 69.

og í 9. tölul. er tekið mið af því hvort gerandinn hefur upplýst um aðild annarra að brotinu. Í 2. mgr. 70. gr. hgl. er samverknaður fleiri manna en eins að jafnaði metinn til refsipýngingar.

Hafa verður í huga hvort um hegningarauka sé að ræða í ákvörðun refsingar. Hegningarauki er þegar einstaklingur er dæmdur fyrir refsivert brot og upp kemst um annað brot sem framið var áður en fyrri refsidómur féll en þá á refsingin að vera jafn þung og ef dæmt hefði verið fyrir bæði brotin í fyrra málinu, sbr. 78. gr. hgl.

Samkvæmt 57. gr. hgl. er heimilt að skilorðsbinda dóma. Í því felst að annað hvort er ákvörðun refsingar frestað eða fullnustu refsingar er frestað um tiltekinn tíma með ákveðnum skilyrðum, sbr. a.- og b.-lið 1. mgr. 57. gr. hgl. Ef einstaklingur sem er á skilorði samkvæmt 57. gr. hgl. fremur refsiverðan verknað er heimilt að taka bæði málin til meðferðar og dæma þau í einu lagi, annað hvort eftir 77. gr. eða 78. gr. hgl., sbr. 60. gr. hgl.

#### *11.2.1 Almennar refsilækkunarheimildir*

Í almennu hegningarlögunum er að finna fjórar almennar refsilækkunarheimildir sem leyfa lækkun refsingar niður fyrir refsilágmark þess ákvæðis sem brotið er gegn. Einungis er um heimild að ræða en ekki skyldu. Í 2. mgr. 20. gr. hgl. er tekið fram að fyrir tilraunarbrot megi dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot, einkum ef gerandi er ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má að sé um gerendur sem fullfremja slík brot. Í 2. mgr. 22. gr. hgl. segir að ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða í því fólgin að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefur misheppnast, má dæma hann til vægari refsingar en þeirrar, sem lög mælt er við brotinu. Í 74. gr. hgl. er heimild til að færa refsingu niður úr refsilágmarki refsíákvæðis ef eitthvað af töluliðum greinarinnar eru uppfylltir. Í 75. gr. hgl. er tekið fram að hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinnis ójafnvægis á geðsmunum eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um sams konar brot má færa refsingu niður.

#### *11.2.2 Almennar refsihækkunarheimildir*

Í almennu hegningarlögunum er að finna almennar refsihækkunarheimildir sem leyfa hækkun refsingar umfram þá hámarksrefsingu sem refsíákvæðið tilgreinir. Í 72. gr. hgl. er kveðið á um að hafi maður lagt það í vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Ef um ítrekun er að ræða þá má tvöfalda refsingu. Í 73. gr. hgl. er heimilt að dæma þyngri refsingu en lagt er við brotum sem talin eru upp í greininni en þó ekki hærri en tvöfalda

refsingu. Ákvæðið á einungis við um menn sem eru að taka út refsingu eða sæta gæslu af öðrum ástæðum. Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. hgl. þarf refsing að jafnaði að vera innan refsimarka þess ákvæðis sem brotið er gegn. Ef brotin eiga ekki undir sama ákvæði þá á refsing að takmarkast innan þess ákvæðis sem hefur þyngstu refsinguna. Heimilt er eftir málavöxtum að þyngja refsingu að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

### **11.3 Refsirammi 148. gr. hgl.**

#### *11.3.1 Refsimörk 148. gr. hgl.*

Brot gegn 148. gr. hgl. varða fangelsisrefsingu og ekki er því hægt að dæma sektir vegna brota gegn greininni. Ekki er lögfest neitt refsilágmark í ákvæðinu og gildir því almenna reglan í 34. gr. hgl. sem tiltekur 30 daga fangelsi sem lágmarksrefsingu. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum var tekið fram við 148. gr. að þó svo að greinin tiltaki ákveðna verknaðaraðferð við brotið sem getur fallið undir önnur ákvæði laganna, s.s. ákvæði um skjalfals eigi að heimfæra brotið undir 148. gr. Hins vegar eigi að gæta þess að dæma ekki vægari refsingu en ef dæmt hefði verið fyrir skjalfalsið.<sup>182</sup> Þó ekki sé nein lágmarksrefsing tiltekin í 155. gr. hgl. er tekur á skjalfalsi þá eru orð greinargerðarinnar til leiðbeiningar þegar brot er framið með verknaðaraðferð sem fellur einnig undir annað refsilágmark sem e.t.v. hefur að geyma ákveðið refsilágmark. Verknaðaraðferð sem notuð er til að fremja brot gegn 148. gr. hgl. er því mikilvæg þegar ákvarða á refsingu fyrir brot gegn greininni.

Hámarksrefsing fyrir brot gegn 148. gr. hgl. er 10 ára fangelsi. Telja má að þetta sé ströng refsheimild sem gangi ef til vill of langt í sumum tilvikum en dómstólar meta hverju sinni hvaða refsing telst hæfileg. Varnaðaráhrifin þurfa hins vegar að vera mikil þegar um er að ræða jafn alvarleg brot og rangar sakargiftir.

Hafi brot haft í för með sér velferðarmissi leiðir það til þess að refsimörk eru ívið hærri sbr. 3. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. en þar er refsilágmark ákveðið 2 ára fangelsi og hámark allt að 16 ára fangelsi. Frekari umfjöllun um áhrif velferðarmissis er í kafla 11.3.3.

#### *11.3.2 Brot sem gefið er til kynna að viðkomandi hafi drýgt*

Í 2. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. er tekið fram að við ákvörðun refsingar skuli hafa hliðsjón af því hversu þung refsing er lögð við því broti sem sagt er eða gefið er til kynna að viðkomandi hafi drýgt. Verður því að skoða í hvert sinn hvaða refsing er lögð við því broti sem hinar

---

<sup>182</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 380.

röngu sakargiftir lutu að. Hér er átt við að ef aðili ásakar saklausan mann t.d. um nauðgun þá á að hafa hliðsjón af þeim refsingum sem dæmdar hafa verið fyrir þess háttar brot. Í 194. gr. hgl. er að finna refsheimild fyrir nauðgun og er refsing við því broti allt frá 1 til 16 ára fangelsi. Undanfarin ár hafa refsingar verið að þyngjast í þessum brotaflokk og ætti því samkvæmt þessu að taka mið af því. Ragnheiður Bragadóttir hefur rannsakað ákvörðun refsinga við brotum á 194. gr. hgl. Niðurstöður hennar eru þær að á tímabilinu 1997 til ársins 2003 voru refsingar fyrir nauðgun að jafnaði 1 til 2 ára fangelsi nema um væri að ræða mikið ofbeldi eða aðrar þyngingarástæður. Á tímabilinu 2004 til lok ársins 2008 var meðalrefsing rétt um 3 ára fangelsi og því þyngri dómar en áður þekktust. Hámarksrefsing á þessu tímabili var 5 ára fangelsi.<sup>183</sup>

Ákvæðið ber vott af endurgjaldsstefnunni, en sú stefna einkennist af því að áhersla er lögð á sekt og málagjöld. Stefnan lítur aftur til þess afbrots sem var framið til að réttlæta refsinguna. Endurgjaldsstefnan nær allt aftur til laga Hammurabis Babýlóníukonungs sem einkenndust af kennisetningum gjaldstefnunnar, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. Einnig var slíkar refsingar að finna á þjóðveldistíma Íslands og þá ber mikið á endurgjaldsrefsingum í Gamla testamentinu.<sup>184</sup> Í 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. er höfð hliðsjón af þeirri refsingu sem hinn saklausi einstaklingur hefði hlotið ef hinar röngu sakargiftir hefðu náð fram að ganga. Verið er því að refsa í sömu mynt og afleiðingar fyrir hinn saklausa einstakling hefðu orðið, þó ekki þyngri en 10 ára fangelsi nema brot hafi haft í för með sér velferðarmissi.

### 11.3.3 Velferðarmissir

Í almennum hegningarlögum er að finna sérstakar hækkunarheimildir í hinum ýmsu ákvæðum og geta þær bæði verið frjálsar eða bundnar.<sup>185</sup> Í 3. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. er að finna sérstaka refsihækkunarheimild sem er bundin, þ.e. dómstólum er skylt að fara eftir þeim refsiramma sem þar er að finna. Refsihækkunarheimildin hljóðar svo: „Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.“ Hér er tilgreint ákveðið refsilágmark og refsihámark sem skylt er að fara eftir. Sams konar ákvæði er að finna í 2. mgr. 130. gr. hgl. Í greinargerð er fylgdi frumvarpi er varð að almennum hegningarlögum segir hvorki við 130. gr. né 148. gr. frumvarpsins hvað átt er við með hugtakinu velferðarmissi.<sup>186</sup> Róbert R. Spanó

<sup>183</sup> Ragnheiður Bragadóttir: „Refsingar í nauðgunarmálum“, bls. 42. Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*, bls. 426.

<sup>184</sup> Jón Þór Ólafsson: „Auga fyrir auga. Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, bls. 204-6.

<sup>185</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 248.

<sup>186</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 378 og 380.



tekur fram í grein sinni „Verknaðarlýsingar XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi“ að ákvæði 2. mgr. 130. gr. hgl. hafi að geyma skyldubundna refsihækkunarástæðu með 2 ára lágmarksrefsingu sem er há refsing. Telur hann því mikilvægt að hugtakið velferðarmissir sé skýrt sem það er ekki og því sé óheppilegt að hafa hugtakið sem grundvöll fyrir refsihækkunarástæðu sem sé skyldubundin við ákvörðun refsingar.<sup>187</sup> Þar sem niðurlag 1. mgr. 148. gr. hgl. er efnislega hið sama þá væri hægt að yfirfæra þessar röksemdir yfir á það ákvæði. Hugtakið velferðarmissir er mjög matskennt hugtak og eins og bent hefur verið á er óvíst hvað í því felst. Löggjafinn hefur kosið að skilgreina ekki hugtakið í lögskýringagögnum og er það því látið eftir dómstólum að skilgreina hvað í því felst. Dómstólar hafa því svigrúm til að móta innihald hugtaksins í framkvæmd.

Nokkrum sinnum hefur reynt á það fyrir dómi hvort brot hafi falið í sér velferðarmissi fyrir þann sem misgert var við. Einungis einn Hæstaréttardómur tekur á þessu en nokkrir héraðsdómar og verða þeir reifaðir hér í framhaldinu.

Í *Hrd. 1980, bls. 89* taldi Hæstiréttur að sá verknaður ákærðu í málinu að ranglega ásaka fjóra menn um morð hafi verið til þess fallinn að hafa velferðarmissi í för með sér. Röngu sakargiftirnar leiddu til þess að mönnunum fjórum var haldið í gæsluvarðhaldi í marga mánuði. Voru ákærðu í málinu, þau S, E og K sakfelld fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. sem hafði í för með sér velferðarmissi fyrir saklausa menn. Þau voru einnig sakfelld fyrir morð og önnur afbrot og því ekki hægt að sjá hver refsingin hefði verið ef einungis hefði verið dæmt fyrir 148. gr. hgl.

Í *Hérd. Norðeyst. 25. mars 2004 (S-373/2003)* var S ákærður fyrir rangar sakargiftir með því að hafa með röngum framburði hjá lögreglu ásakað B um að hafa nauðgað A og veitt henni líkamsáverka. Málavextir voru þeir að S og A áttu í ástarsambandi og fóru út að skemmta sér. Þau urðu viðskila og A fór heim með B og hafði við hann samræði. Morguninn eftir hittu A síðan S og sagði honum frá kynnum sínum af B. S brást illa við og réðst á A með þeim afleiðingum að A hlaut líkamsáverka. Eftir það fóru þau saman í heimsókn til C og D og bar S þar fram sakir á hendur B um að hann hafi nauðgað A og veitt henni áverka. Á meðan á heimsókn stóð hvatti S A að fara á bráðamóttöku og kæra þetta til lögreglu, sem hún og gerði eftir þrýsting og hótanir frá S. S gaf einnig skýrslu fyrir lögreglu þar sem hann bar sakirnar upp á B. Þegar A fékk tilnefndan réttargæslumann viðurkenndi hún sakleysi B og að S hefði neytt hana til að leggja fram ranga kæru. A bar einnig við að S hafi veitt henni áverkana, en henni hafi aldrei verið nauðgað. A lagði fram kæru á hendur S og var hann handtekinn í

---

<sup>187</sup> Róbert R. Spanó: „Verknaðarlýsingar XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi“, bls. 368.

kjölfarið. Við yfirheyrslu hjá lögreglu játaði S að hafa valdið A líkamsáverkum og að hafa borið fram rangar sakargiftir á hendur B. S dró síðar framburð sinn til baka er varðaði hinar röngu sakargiftir þegar hann var yfirheyrður að nýju í viðurvist verjanda síns. Þegar málið kom fyrir dóm var A látin, en þrátt fyrir það var byggt á skýrslu hennar hjá lögreglu þar sem gögn, framburður vitna og ákærða var allur í samræmi við hana. Með framburði lögreglu og annarra vitna var talið sannað að S hefði borið B röngum sökum sbr. 148. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar í málinu var tekið fram að hinar röngu sakargiftir vörðuðu mjög alvarlega háttsemi og til þess fallnar að valda hinum sakaða manni velferðarmissi. Vísað var til þess að líkamsárásin á A hafi verið hrottafengin og S ætti sér engar málsbætur. Með hliðsjón af þessu og sakaferli S, sbr. 1.-3. og 6-7. tölul. 1. mgr. 70. gr. hgl. og með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. hgl. var hann dæmdur í 3 ára fangelsi.

Í *Hérd. Vestl. 5. janúar 2005 (S-351/2004)* voru tvær stúlkur sakfelldar fyrir rangar sakargiftir með því að hafa með röngum framburði reynt að koma því til leiðar að T yrði sakaður um kynferðisbrot gegn annarri þeirra. Dómurinn tók fram að með hliðsjón af aldri þeirra og þeirri staðreynd að þær drógu sakargiftirnar rակleitt til baka eftir að T hafi gert þeim grein fyrir þeim afleiðingum sem málið gæti haft í för með sér, þætti dómnum varhugavert að leggja til grundvallar að fyrir þeim hafi vakað að valda T velferðarmissi. Af þeim ástæðum voru refsímörk 3. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. ekki talin eiga við í málinu. Sjá einnig reifanir af dómnum í köflum 7.3 og 13.3.

Í *Hérd. Rvk. 29. september 2006 (S- 844/2006)* voru málavextir þeir að X lagði fram kæru á hendur Y fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar. Lögreglurannsókn fór fram og var Y handtekinn á heimili sínu. Við rannsókn málsins kom í ljós að Y var ekki á þeim stað sem X sagði verknaðinn hafa verið framinn, bæði framburður vitna og athugun á farsíma hans leiddi það í ljós. Einnig leiddi athugun á farsíma X í ljós að hún var ekki heldur á þeim stað sem hún sagði verknaðinn hafa verið framinn. Var hún ákærð og sakfelld fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. fyrir að hafa með rangri kæru og röngum framburði fyrir lögreglu ásakað Y um líkamsárás og tilraun til nauðgunar og ítrekað það tvisvar fyrir lögreglu. Dómurinn taldi ekki sannað að fyrir X hafi vakað að brot hennar hefði í för með sér velferðarmissi og var því refsirammanum, sem tiltekinn er í 3. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl., ekki beitt í þessu máli. Dómurinn taldi að þó svo röngu sakargiftirnar hafi verið alvarlegar mætti ráða af framburði Y að afleiðingarnar hafi verið léttvægar fyrir utan dvöl í fangageymslu eina nótt. Að vera ásakaður um alvarlegan glæp og liggja undir grun í fleiri mánuði virðist ekki nægilegt til að það teljist vera velferðarmissir samkvæmt þessum héraðsdómi. Taka verður þó mið af því að Y taldi málið ekki hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir sig.

Eins og áður segir er óljóst hvað felst í hugtakinu velferðarmissir. Dómstólar hafa gefið ákveðnar vísbendingar um innihald hugtaksins og má draga þá ályktun að huglæg afstaða þess sem verður fyrir brotinu skipti miklu máli við matið. Ef aðili, sem brotið var á, telur sig ekki hafa orðið fyrir velferðarmissi þá er refsímörkum 3. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. ekki beitt, sbr. *Hérd. Rvk. 29. september 2006 (S- 844/2006)*. Við matið tekur dómstóllinn einnig til skoðunar hvað hafi vakað fyrir þeim sem hafði uppi rangar sakargiftir, hvort þeim var ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir hinn saklausa einstakling eða ekki.

Dómstólar hafa mótað inntakið svo að þegar einstaklingur hefur setið lengi í gæsluvarðhaldi, eins og raunin var í *Hrd. 1980, bls. 89*, þá eru meiri líkur á því að brotið sé talið hafa í för með sér velferðarmissi. Einnig hafa þeir litið til þess að ef hinar röngu sakargiftir varða mjög alvarlega háttsemi, sbr. *Hérd. Norðeyst. 25. mars 2004 (S-373/2003)* en í þessu máli lutu hinar röngu sakargiftir að ofbeldisfullu kynferðisbroti.

Jónatan Þórmundsson tekur fram í bók sinni „Viðurlög við afbrotum“ að til þess að refsímörk 3. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. verði notuð við ákvörðun refsingar verður að hafa hlotist velferðarmissir af broti eða sannarlega verið að honum stefnt.<sup>188</sup> Hér er Jónatan að benda á að þó svo brot hafi ekki haft í för með sér velferðarmissi er möguleiki á að refsímörkum 3. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. verði beitt ef gerandi sannanlega stefndi að því að valda brotaþola velferðarmissi með hinum röngu sakargiftum. Á þetta hefur ekki reynt fyrir dómstólum og verður að bíða og sjá hvernig þeir taka á því í framkvæmd. Með hliðsjón af orðalagi ákvæðisins „Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi“ er ekki hægt að útiloka það sem Jónatan heldur fram.

Í Danmörku var sams konar ákvæði að finna í 3. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlaganna en var fellt úr lögunum með breytingarlögum nr. 248/1967. Ástæðan fyrir því að ákvæðið um velferðarmissi var fellt út var sú að lítið hafði reynt á það í framkvæmd og talið að refsirammí 1. mgr. 164. gr. tæki til þeirra atvika sem áður höfðu fallið undir 3. mgr.<sup>189</sup> Með áðurnefndum breytingarlögum var 1. mgr. 164. gr. einfölduð á þann veg að refsiramminn varð 6 ár fyrir öll brot en áður hafði refsiramminn verið 3 ár ef brotið sem ranglega var borið upp á saklausan mann fór ekki yfir 3 mánaða sekt og 6 ár í öðrum tilfellum.<sup>190</sup>

---

<sup>188</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 314.

<sup>189</sup> Folketingstidende 1966-67, Tillæg A, bls. 2460. *Straffelovrådets betænkning om straffsættelse og strafferammer II. Speciel del*, bls. 592.

<sup>190</sup> Folketingstidende 1966-67, Tillæg A, bls. 2460 og 2483.

## **12 Birting dóms samkvæmt 2. mgr. 148. gr. hgl.**

Ákvæði 2. mgr. 148. gr. hgl. hefur að geyma úrræði fyrir brotþola sem felst í því að fá niðurstöðu og/eða forsendur dóms birtar opinberlega. Málsgreinin er svohljóðandi:

Ákveða má í dómi, eftir beiðni þess, sem fyrir óréttinum hefur orðið, að niðurstaða dóms og það af forsendum hans, sem dómur telur hæfilegt, skuli birt að opinberri tilhlutan í einu eða fleirum opinberum blöðum eða ritum.

Ákvæðið er ekki einsdæmi í almennum hegningarlögum. Í 241. gr. hgl. er að finna heimild fyrir dómara til að dæma brotþola fjárhæð úr höndum hins brotlega til að standast kostnað af birtingu dóms í opinberu blaði eða riti.

Sé brot fyrnt skv. ákvæðum 82. eða 83. gr. hgl. þá kemur það í veg fyrir að hægt sé að beita úrræðinu sem er að finna í 2. mgr. 148. gr. hgl. sbr. 6. mgr. 82. gr. hgl.

Þrátt fyrir að hinn sakfelldi sé látinn þá er hægt að fullnægja úrræðinu sem 2. mgr. 148. gr. hgl. kveður á um, sbr. 2. mgr. 83. gr. b. hgl.

Í 4. mgr. 164. gr. dönsku hegningarlaganna og 173. gr. norsku hegningarlaganna er að finna samhljóða ákvæði og 2. mgr. 148. gr. hgl. Allar greinarnar taka það sérstaklega fram að krafan um birtingu verður að koma frá þeim sem var þolandi hinna röngu sakargifta.

Í *Hrd. 1980, bls. 89* voru þrjú aðilar ákærðir og dæmdir fyrir rangar sakargiftir sbr. 1. mgr. 148. gr. hgl. Jafnframt var gerð krafa til birtingar dóms skv. 2. mgr. 148. gr. hgl. Engin umfjöllun er um þá kröfu í dómnum og var 2. mgr. 148. gr. hgl. ekki beitt í málinu.

## **13 Ákvörðun refsinga skv. 148. gr. hgl.**

### **13.1 Inngangur**

Frá því að Hæstiréttur Íslands tók til starfa árið 1920 hafa ekki margir dómar fallið um rangar sakargiftir en einungis tíu Hæstaréttardóma er að finna um þess háttar brot. Erfitt er að sjá út frá þessum fáu dómum hver refsihæðin er fyrir brot samkvæmt greininni vegna þess að oftast er ekki er verið að dæma fyrir fleiri brot en rangar sakargiftir í sama málinu. Vegna þessara erfiðleika hefur verið farin sú leið hér að reifa alla dóma Hæstaréttar sem fallið hafa um rangar sakargiftir og greint frá ákvörðun refsingar hverju sinni. Athugað er hvort refsihæðin miðist við refsimörk 148. gr. hgl. eða hvort ákært er fyrir önnur brot samhliða 148. gr. hgl. og notast sé við refsimörk þeirra brota. Skoðaður er munur á refsihæð við ákvörðun refsingar milli dómstiga ef einhver er. Einnig er athugað hvort dómurinn taki mið af því broti sem hinar röngu sakargiftir gáfu til kynna að viðkomandi hafi drýgt sbr. tilmæli í 2. málsl. 1. mgr. 148.

gr. hgl. Ef um velferðarmissi er að ræða þá eru refsímörkin önnur fyrir brotið og er gert grein fyrir því þegar það á við.

## 13.2 Hæstaréttardómar frá 1920-2010

### 13.2.1 Hrd. 1935, bls. 540

Ó var handtekinn fyrir vörslu á ólöglegu áfengi. Við yfirheyrslur sagðist hann hafa fengið áfengið frá H sem hafði komið með það heim til hans óumbeðinn og án þess að hafa fengið greitt fyrir það. H var í kjölfarið handtekinn en neitaði öllum sakargiftum. Ó hélt fast við fyrri framburð og voru þeir báðir dæmdir til gæsluvarðhaldsvistar. Í réttarhaldi síðar sama dag ítreakaði Ó fyrri framburð sinn en upplýsti nú að umrætt áfengi hafi hann fengið hjá Í. Hann hafi viljað hlífa Í og því ekki gefið upp nafn hans strax. Honum hafi dottið nafn H fyrst í hug og kenndi ölvunarástandi sínu um það. Ó var talinn hafa brotið gegn 227. gr. hegningarlaga frá 1869 og dæmdur í 30 daga fangelsi.

Þessi dómur fellur í tíð eldri hegningarlaga frá 1869 en eins og fram kom í kafla 2.3 var refsiramma 227. gr. hegningarlaganna allt frá fangelsi eða hegningarvinnu til 6 ára fangelsis.

### 13.2.2 Hrd. 1961, bls. 376

X var ákærður og sakfelldur fyrir rangar sakargiftir fyrir að ásaka lögreglumenn um ölvunarakstur og að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis við vinnu sína. Einnig að hafa ásakað S fyrir að hafa átt talsverðar birgðir af smygluðu áfengi og að S hafi viðurkennt fyrir sér að hafa skrifað hótunarbréf til lögreglustjórans, en X var í sama máli ákærður fyrir umrætt hótunarbréf.

Fyrir héraðsdómi var X sakfelldur fyrir brot gegn 233. gr. hgl. fyrir hótunarbréf og fyrir rangar sakargiftir sbr. 148. gr. hgl. Einnig var dæmd upptaka skotvopns og skotfæra. Refsingin var 3 mánaða varðhald skilorðsbundið til þriggja ára sbr. 57. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar var tekið mið af hversu þung refsing var lögð við þeim brotum sem hinar röngu sakargiftir gáfu til kynna að viðkomandi hefði drýgt og var sérstök umfjöllum um hvert og eitt þeirra brota sem X bar ranglega upp á lögreglumenn. Tekið var mið af 77. gr. hgl. og haft í huga að X hafði þegar misst stöðu sína vegna málsóknarinnar.

Fyrir Hæstarétti var X einungis sakfelldur fyrir rangar sakargiftir og upptöku skotvopns og skotfæra. Refsing var ákvörðuð 4 mánaða fangelsi. Hún var síðan þyngd í Hæstarétti þó svo að sýknað væri fyrir brot gegn 233. gr. hgl. Enginn rökstuðningur er um ákvörðun refsingar í málinu og miðast því fjögurra mánaða fangelsisrefsingin einungis við hinar röngu sakargiftir en ekki er hægt að sjá hvaða forsendur lágu að baki ákvörðuninni. Það má þó lesa það út úr

dómnum að Hæstiréttur hefur talið refsinguna fyrir héraðsdómi of væga og þyngir því dóminn þrátt fyrir að sýkna X af hótunarbrotinu, sbr. 233. gr. hgl. Hægt er að taka mið af þessum dómi við mat á þyngd refsinga vegna brota á 148. gr. hgl.

### *13.2.3 Hrd. 1980, bls. 89*

Þau S, E og K voru ákærð fyrir manndráp og rangar sakargiftir fyrir að hafa ranglega ásakað fjóra menn um morðið á Geirfinni Einarssyni. Leiddu hinar röngu sakargiftir til velferðarmissis fyrir mennina en þeir sátu í gæsluvarðhaldi um nokkurra mánuða skeið vegna þessara ásakana. Viðurkenndu S og E fyrir dómi að það hafi verið samantekin ráð þeirra að ásaka mennina fjóra um morðið.

Fyrir héraðsdómi voru þau öll sakfelld fyrir rangar sakargiftir sem hafði í för með sér velferðarmissi. S og K voru einnig sakfelldir fyrir manndráp á tveimur mönnum og voru þau öll dæmd fyrir önnur minniháttar brot. S og K voru dæmdir í ævilangt fangelsi. Við ákvörðun refsinga var litið til þess að þeir höfðu áður hlotið refsidóm. Höfð var hliðsjón af sakaferli þeirra, framferði þeirra eftir að hafa framið brotin sem ákært var fyrir og þeirrar staðreyndar að líkin fundust ekki. Vísað var sérstaklega til 70. gr. og 77. gr. hgl. E var dæmd í 3 ára fangelsi. Við ákvörðun refsingar var vísað til þess að hún hafði ekki áður hlotið refsidóm. Hún tálmaði rannsókn á broti meðákærðu í málinu. Höfð var hliðsjón af 70. gr. og 77. gr. hgl.

Fyrir Hæstarétti voru þau öll sakfelld fyrir rangar sakargiftir sem hafði í för með sér velferðarmissi. S og K voru einnig sakfelldir fyrir manndráp á tveimur mönnum og voru þau öll dæmd fyrir önnur minniháttar brot. K var dæmdur í 16 ára fangelsi. Vísað var til þess að hann var aðeins 17-18 ára gamall þegar hann framdi brotin. Höfð var hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. hgl. og S var dæmdur í 17 ára fangelsi. Hann hafði rofið skilorð fyrri refsidóms og var hann því tekinn upp og dæmdur samhliða, sbr. 60. gr. hgl. Vísað var til þess að hann var aðeins 18-19 ára er hann framdi brotin. Vísað var sérstaklega til 2. mgr. 77. gr. hgl. Refsing yfir E var sú sama og í héraðsdómi. Vísað var til þess að hún var einungis 18-19 ára er hún framdi brotin og hafði ekki áður hlotið refsidóm. Höfð var hliðsjón af 77. gr. hgl.

Hæstiréttur lækkaði dóma yfir K og S úr ævilöngu fangelsi í 16 og 17 ára fangelsi. Í þessu máli er um að ræða tvö manndráp og er við ákvörðun refsingar tekið mið af þeim brotum. Ekki er í raun hægt að notast við þennan dóm sem viðmið við þyngd refsinga vegna brota gegn 148. gr. hgl. þó svo að um sé að ræða velferðarmissi og refsiramminn því allt að 16 ára fangelsi fyrir brotið. Hins vegar er E dæmd í 3 ára fangelsi fyrir rangar sakargiftir og önnur brot, skjalafals og auðgunarbrot. Má segja að hér hafi refsiramminn í 3. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. verið ofan á í ákvörðun refsingar. Mennirnir sem hinar röngu sakargiftir beindust gegn

sátu í gæsluvarðhaldi um margra mánaða skeið og urðu fyrir velferðarmissi vegna þess. Það að E sé einungis dæmd í 3 ára fangelsi þegar refsiramminn er frá 2 árum til 16 ára fangelsi verður að teljast vægur dómur þegar ekki eru margar refsilækkunarástæður til staðar. Hægt er að taka mið af þeim hluta dómsins er álykta á um þyngd refsinga fyrir rangar sakargiftir er hafa í för með sér velferðarmissi fyrir saklausan mann.

#### *13.2.4 Hrd. 1981, bls. 430*

Y var ákærður og sakfelldur fyrir rangar sakargiftir fyrir að skipuleggja ólöglega handtöku á G með því að hafa látið A og B koma fyrir ótolluðu áfengi í farangursgeymslu bifreiðar sem G hafði til umráða og lokka hann síðan á stað þar sem lögreglumenn biðu þeirra til að leita í bifreiðinni. Áfengið fannst í skottinu og G, og K sem var með G í bifreiðinni, voru handteknir fyrir grun um áfengis- og tollalagabrot. Y áfrýjaði málinu til Hæstaréttar.

Í héraði var Y dæmdur í 9 mánaða fangelsi. Höfð var hliðsjón af 77. gr. hgl. og atriða í 70. gr. hgl. sem talin voru eiga við. Einnig var litið til 78. gr. hgl. vegna fyrri dóms á hendur Y frá árinu 1978. Ekki var talið að um velferðarmissi hafi verið að ræða og því ætti 3. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. ekki við í málinu.

Fyrir Hæstarétti var Y dæmdur í 7 mánaða fangelsi. Tekur dómurinn fram að Y hafi áður verið dæmdur fyrir brot árið 1978 og hlotið tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm til þriggja ára. Einnig að hann hafi þegar látið af störfum sem opinber starfsmaður. Með þessum röksemdum lækkar Hæstiréttur refsinguna úr 9 mánaða fangelsi í 7 mánaða fangelsi.

#### *13.2.5 Hrd. 1991, bls. 1500*

X var ákærður fyrir umferðarlagabrot og rangar sakargiftir fyrir að hafa gefið upp nafn Y og undirritað framburðarskýrslu með hans nafni er hann var stoppaður af lögreglu. Talið var sannað með játningu X að hann hafi með þessu komið því til leiðar að Y væri sakaður um brotið og var X því talinn sekur um brot gegn 1. mgr. 148. gr. hgl.

Fyrir héraðsdómi var höfð hliðsjón af 77. gr. hgl. og sakaferli X við ákvörðun refsingar. Litið var til þess að brot X sem fóll í sér rangar sakargiftir var ófyrirleitið þar sem X hefði bendlað saklausan mann við refsivert brot og staðið við þann verknað sinn er hann mætti til skýrslutöku hjá lögreglu þremur mánuðum síðar og ritað undir skýrslu með nafni Y. Leiddi verknaðurinn til þess að Y var boðaður í dóm sem kærður maður. Refsing var talin hæfileg 45 daga varðhald óskilorðsbundið.

Fyrir Hæstarétti var höfð hliðsjón af 77. gr. hgl. og sakaferli ákærða sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. hgl. Talið var að X hafi ekki geta dulist að hinar röngu sakargiftir voru til þess fallnar

að valda Y verulegum miska en taka yrði tillit til þess hvaða viðurlög liggja við umferðarlagabrotunum sem hinar röngu sakargiftir lutu að, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 148. gr. hgl. X játaði brot sín og var refsing talin hæfileg 60 daga fangelsi.

Hér þyngir Hæstiréttur refsinguna yfir X og tekur mið af þeirri hegningu sem umferðalagarbrotin hafa í för með sér.

#### *13.2.6 Hrd. 1991, bls. 1505*

X var ákærður fyrir umferðarlagabrot og rangar sakargiftir fyrir að hafa gefið upp nafn og kennitölu Y er hann var stoppaður af lögreglu fyrir ýmis umferðarlagabrot. X var hins vegar sýknaður af broti gegn 1. mgr. 148. gr. hgl. bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti þar sem talið var að samþykki hafi verið til staðar frá Y um að X mætti nota nafn og kennitölu hans ef hann yrði stoppaður af lögreglunni.

#### *13.2.7 Hrd. 1994, bls. 1060*

X var ákærður fyrir ölvunarakstur og að aka án ökuréttinda í fjögur skipti og fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa gefið upp nafn bróður síns er hann var stoppaður af lögreglu tvisvar af þeim fjórum skiptum er hann ók ölvaður án ökuréttinda. Einnig var hann ákærður fyrir skjala- og umferðarlagabrot. X játaði við rannsókn málsins að hafa gefið upp nafn bróður síns og ritað undir varðstjóráskýrslur með því nafni. Taldi dómurinn sannað með játningu X, vitnisburði bróður hans og lögreglumanna fyrir dómi að X hafi gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 148. gr. hgl.

Fyrir héraðsdómi er X dæmdur í 8 mánaða fangelsi fyrir öll brotin í ákæru auk þess sem hegningarauki kom til vegna fyrri refsidóms X og því höfð hliðsjón af 78. gr. hgl. Einnig var höfð hliðsjón af 77. gr. hgl.

Fyrir Hæstarétti var héraðsdómur staðfestur með vísan til forsendna. Ekki var neinn rökstuðningur af hálfu Hæstaréttar.

Erfitt er að sjá af þessum dómi hvaða refsing liggur við broti gegn 148. gr. hgl. vegna fjölda ákæruliða sem sakfelld var fyrir auk hegningarauka.

#### *13.2.8 Hrd. 2006, bls. 450*

X var stoppaður af lögreglu fyrir að aka á ólöglegum hraða, ölvaður og án ökuréttinda. Gaf hann lögreglu upp nafn og kennitölu annars manns og kom því til leiðar að sá maður var sakaður um ölvunarakstur, að aka án ökuréttinda og hraðakstur. X var ákærður fyrir rangar sakargiftir, ölvunarakstur, hraðakstur og fyrir að aka án ökuréttinda. X játaði ekki brot sitt fyrr



en við þingfestingu málsins fyrir héraðsdómi og eftir að DNA rannsókn hafði verið gerð á blóði hans sem sannaði að hann var ökumaður í umrætt sinn.

Fyrir héraðsdómi var X dæmdur í 4 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Með brotinu hafði X rofið skilorð vegna fyrri dóms sem hann hafði hlotið og var ákvörðun refsingar ákveðin með hliðsjón af fyrri dómi, sbr. 60. gr., sbr. 77. gr. hgl. Einnig var hann sviptur ökuréttindum í 3 ár sbr. 1., 2. og 4. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ekki var talið hægt að skilorðsbinda dóminn í ljósi þess að X hafði rofið skilorð fyrri dóms og í ljósi sakarefnis málsins.

Fyrir Hæstarétti var X dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Ekki var talið að um skilorðsrof fyrri dóms hafi verið að ræða heldur yrði dæmdur hegningarauki þar sem brotið hefði verið framið áður en fyrri dómur var kveðinn upp. Skilorð fyrri dóms var tekið upp og ákvörðun refsingar dæmd í einu lagi sbr. 60. gr., sbr. 77. gr. og 78. gr. hgl. Einnig var litið til atriða sem tilgreind eru í 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl., og höfð hliðsjón af því hversu þung hegning er lögð við því broti, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Litið var til þess að X hafði áður verið sakfelldur fyrir ölvunarakstur og réttindalausán akstur eftir að hann náði 18 ára aldri. Akstur X var talinn vítaverður og auk þess hafi X haft uppi rangar sakargiftir sem hann játaði ekki fyrr en við þingfestingu málsins. Litið var til þess að X var einungis 18 ára þegar hann framdi brotin og að gögn sem lögð voru fyrir Hæstarétt sýndu að hagir hans höfðu breyst til hins betra frá því sem áður var. Þótti Hæstiréttur því mega skilorðsbinda refsinguna til þriggja ára. Ökuréttindasvipting héraðsdóms var staðfest.

Hæstiréttur þyngir refsinguna úr 4 mánaða óskilorðsbundnu fangelsi í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára. Vísar hann til þess að X var ungur að árum og að hagir hans hafi breyst til hins betra. Hæstiréttur tekur fram að ákvörðun refsingar eigi m.a. að taka mið af þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 148. gr. hgl. Erfitt er að taka mið af þessum dómi þegar reynt er að skoða þyngd refsinga fyrir rangar sakargiftir þar sem brotin eru fleiri auk hegningarauka.

#### *13.2.9 Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009)*

Í máli þessu var X ákærð fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með röngum framburði fyrir lögreglu og fyrir dómi leitast við að koma því til leiðar að fjórir menn yrðu sakaðir um kynferðisbrot gegn henni. X neitaði sök í málinu og taldi sig hafa verið þröngvað til kynferðismaka við mennina. Mennirnir neituðu að kynferðismökin hafi verið gegn hennar vilja. Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur sýknuðu X af röngum sakargiftum en bæði dómstigin

töldu ásetning til þess að fá mennina sakaða um eða dæmda fyrir refsiverðan verknað ekki vera til staðar og uppfyllti verknaðurinn því ekki refsiskilyrði 1. mgr. 148. gr. hgl.

#### *13.2.10 Hrd. 11. nóvember 2010 (110/2010)*

S var ákærð fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa látið lögmann sinn leggja fram kæru til lögreglunnar vegna fölsunar á þremur viðskiptabréfum án þess að tilgreina hver það var sem átti að hafa fasað bréfin. S sagði þó við lögreglu að hana grunaði A eða einhvern á hans vegum og var því talið að S hafi komið því til leiðar að A yrði sakaður um eða dæmdur fyrir fölsunina. Samkvæmt framburði vitna í málinu og rithandarrannsókn á undirskrift A og S benti það til þess að S hafi sjálf ritað undir bréfin sem hún sagði fölsuð. S var ákærð fyrir rangar sakargiftir sem hún þó staðfastlega neitaði.

Fyrir héraðsdómi var S sakfelld fyrir rangar sakargiftir og dæmd í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára sbr. 57. gr. hgl. Litið var til þess að S hefði aldrei áður gerst sek um refsiverðan verknað.

Fyrir Hæstarétti var S dæmd til 12 mánaða skilorðsbundins fangelsi til þriggja ára sbr. 57. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar var litið til 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. og höfð hliðsjón af því hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Einnig var talið rétt að skilorðsbinda dóminn þar sem S hefði ekki áður gerst sek um refsivert brot.

Hæstiréttur þyngir dóminn um helming og vísar til þess að við ákvörðun refsingar eigi að líta til atriða sem tiltekin eru í 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. um hve þung hegningin sé fyrir það brot sem hinar röngu sakargiftir lúta að. S ásakar A um skjalafals og er það refsivert sbr. 155. gr. hgl. Hæstiréttur miðar því við það hversu þunga refsingu A hefði hlotið ef hann hefði verið dæmdur fyrir fölsun á viðskiptabréfum.

Hægt er að taka mið af þessum dómi við þyngd refsinga vegna rangra sakargifta en hafa verður í huga þau atriði sem tekið er mið af við ákvörðun refsinga. Ekkert mál er eins og staða brotamanna er ekki sú sama.

#### *13.2.11 Ályktanir*

Mjög fáir Hæstaréttardómar hafa fallið um rangar sakargiftir og því erfitt að draga ályktanir um þyngd refsingar vegna brota gegn 148. gr. hgl. Í langflestum tilvikum er ákært fyrir fleiri brot en rangar sakargiftir í einu og sama málinu og því fer refsihæðin ekki alltaf eftir 148. gr. hgl. heldur eftir því broti sem ber hæsta refsirammann.

Í þeim tilvikum er hinar röngu sakargiftir eru bornar fram af aðila sem framdi ekki það brot sem hinar röngu sakargiftir lúta að er auðveldara að taka mið af þeim refsingum sem þar eru ákvarðaðar. Sem dæmi má nefna að X ásakar Y um nauðgun sem átti sér aldrei stað. Hér er X refsað eingöngu fyrir hinar röngu sakargiftir á hendur Y og er refsingin miðuð innan refsiramma 148. gr. hgl. þó tekið sé mið af þyngd refsinga vegna nauðgunar, sbr. 194. gr. hgl., sbr. tilmæli í 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. Erfiðara er að taka mið af refsingu fyrir rangar sakargiftir ef X hefði nauðgað C og borið það ranglega upp á Y að hafa framið verknaðinn. Í þessu dæmi yrði X refsað fyrir nauðgunina á C og fyrir hinar röngu sakargiftir á hendur Y. Miðað væri við refsiramma 194. gr. hgl. þar sem refsing er allt að 16 ára fangelsi.

### 13.3 Héraðsdómar

Hæstaréttardómar er varða rangar sakargiftir eru fáir og verða því hér reifaðir nokkrir héraðsdómar sem fjalla eingöngu um brot gegn 148. gr. hgl. en ekki gegn öðrum refsíákvæðum.

Í *Hérd. Vestl. 5. janúar 2005 (S-351/2004)* voru X og Y ákærðar fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með röngum framburði fyrir dómi og fyrir lögreglu ásakað T um kynferðisbrot gagnvart X. Fyrir dómi játaði X að hafa ranglega greint frá því fyrir dómi, þegar skýrsla var tekin af henni, að T hefði nauðgað sér. Y viðurkenndi einnig að T hafi vísvitandi verið borin röngum sökum. Hins vegar vildi Y meina að hún hefði einungis gerst sek um hlutdeild í broti X. Dómurinn taldi svo ekki vera heldur væri um samverknað að ræða hjá X og Y að bera T röngum sökum og það virt til refsipýngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. hgl.

Héraðsdómurinn tók sérstaklega fram að hinar röngu sakargiftir lutu að nauðgun og að við því broti er refsing allt frá 1 ári til 16 ára fangelsis, sbr. 194. gr. hgl. og yrði að taka mið af því við ákvörðun refsingar, sbr. 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. Það var þó virt þeim til málsbóta að þær féllu fljótlega frá hinum röngu sakargiftum, en þær sögðust báðar ekki hafa gert sér grein fyrir alvarleika málsins og drógu þær framburð sinn strax til baka eftir að T gerði þeim grein fyrir þeim afleiðingum sem þetta kynni að hafa í för með sér. Með hliðsjón af þessu og ungum aldri þeirra var ekki talið að fyrir þeim hefði vakað að valda T velferðarmissi og átti því að mati dómsins 3. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. ekki við. Hvorugar stúlnanna höfðu áður gerst sekar um refsiverða háttsemi. Báðar höfðu átt erfitt uppdráttar í ýmsu tilliti og lögreglan hafði ekki rannsakað þá hagi sérstaklega, sbr. 71. gr. laga um meðferð opinberra mála.<sup>191</sup>

---

<sup>191</sup> Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 tóku við af lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Við ákvörðun refsingar fyrir X var að auki litið til þess að hún hefði átt frumkvæðið að hinum röngu sakargiftum gegn T en þó tekur dómurinn fram að T hafi ekki neitað því að hafa viðhaft óviðeigandi ummæli gagnvart X og verður að leggja til grundvallar frásögn X að henni hafi verið gróflega misboðið. Þó þetta væri ekki talið réttlæta hegðun X, sem var ung að árum, var talið rétt að hafa þetta tilefni hinnar röngu kæru til hliðsjónar við ákvörðun refsingar. Refsing X var talin hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi en af þeim yrðu 7 mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára, sbr. 57. gr. hgl.

Refsing Y var ákveðin 6 mánaða fangelsi en með hliðsjón af aldri hennar og högum þótti rétt að skilorðsbinda refsinguna til þriggja ára, sbr. 57. gr. hgl.

Í *Hérd. Rvk. 29. september 2006 (S-844/2006)* voru málavextir þeir að X var ákærð og sakfelld fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með rangri kæru og röngum framburði fyrir lögreglu ásakað Y um líkamsárás og tilraun til nauðgunar. Þegar X lagði fram kærana á hendur Y fyrir líkamsárás og tilraun til nauðgunar fór lögreglurannsókn fram og var Y handtekinn. Við rannsókn málsins kom í ljós að Y hafði fjarvistarsönnun á þeim tíma er hinn refsiverði verknaður átti að gerst. Rannsókn leiddi einnig í ljós að X var ekki heldur á þeim stað þar sem hún sagði verknaðinn hafa verið framinn.

Héraðsdómur frestaði ákvörðun refsinga skilorðsbundið til tveggja ára, sbr. 57. gr. hgl. Röksemdir dómsins voru þær að X var 17 ára er hún framdi brotið og taldi dómurinn ekki koma til álita að dæma óskilorðsbundna refsivist. Dómurinn tók sérstaklega fram að valið stæði á milli þess að dæma skilorðsbundna refsingu eða fresta ákvörðun refsingar skilorðsbundið. Dómurinn taldi að almenn varnaðaráhrif myndu ekki skerðast þó ákvörðun refsingar yrði frestað. Sú niðurstaða var talin að minnsta kosti jafn líkleg til að skila tilætluðum árangri að því er varðaði X. Einnig væri sú niðurstaða uppbyggilegri fyrir ákærðu og því vænlegri út frá sjónarmiðum um sérstök varnaðaráhrif refsingar.

Í *Hérd. Austl. 12. janúar 2007 (S-159/2006)* var Y ákærð og sakfelld fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa ranglega tilkynnt lögreglu um að X hafi nauðgað sér um borð í skipi. Y féll frá framburði sínum og játaði fyrir lögreglu að hafa logið þessu upp á X.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að Y ásakaði X um nauðgun og yrði að hafa hliðsjón af því hversu þung hegning er lögð við því broti, sbr. 2. másl. 2. mgr. 148. gr. hgl. (samkvæmt 194. gr. hgl. er refsiramminn 1 ár til 16 ára fangelsi). Það var þó virt ákærðu til málsbóta að hún féll frá framburði sínum með því að játa brot sitt og sýna einlæga iðrun vegna þess. Samkvæmt framburði X var ekki talið að brotið hefði í för með sér velferðarmissi fyrir hann og ætti því refsihækkunarástæða sem er að finna í niðurlagi 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. ekki við í málinu. Y hafði ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi. Lagt var fram

vottorð lækna á heilsugæslustöð og á geðdeild sem lýstu andlegum heilkennum Y og aðstæðum hennar að öðru leyti. Hún var talin þunglynd, hafði reynt sjálfsvíg árið 2005 og verið lögð inn á geðdeild. Við útskrift þaðan hafi sjúkdómsgreining hennar verið endurtekin geðlægðarköst hjá seinþroska stúlku með lélega sjálfsmynd og að persónuleiki hennar einkenndist af vanmáttarkennd og ósjálfstæði. Hún hefði þegar sótt um vist á dagdeild geðdeildar og áfangaheimili árið 2006 en væri á biðlista eftir plássi. Að öllu þessu virtu og með hliðsjón af alvarleika brotsins taldi dómurinn hæfilega refsingu 9 mánaða fangelsi. Hins vegar var ákveðið að skilorðsbinda 7 mánuði af refsingunni til þriggja ára, sbr. 57. gr. hgl., með hliðsjón af ungum aldri Y og högum hennar.


Í *Hérd. Reykn. 16. apríl 2009 (S-267/2009)* voru málavextir þeir að X var ákærð fyrir rangar sakargiftir fyrir að hafa með röngum framburði árið 2005 og 2006 fyrir dómi sagt að Y, fyrrverandi stjúpfaðir hennar, hefði brotið á sér kynferðislega á árunum 1999-2002 á heimili þeirra í Danmörku. Lögreglurannsókn hófst og var Y yfirheyrður sem sakborningur af lögreglunni í Danmörku. Með þessu leitaðist X við að koma því til leiðar að Y yrði sakaður um umrædd kynferðisbrot gegn henni.

Héraðsdómur leit til þess að ákærða játaði skýlaust brot sín fyrir lögreglu árið 2007. Litið var til alvarleika brotsins að ásaka mann ranglega um síendurtekin og alvarleg kynferðisbrot um þriggja ára skeið sem leiddu til viðamikillar rannsóknar í tveimur löndum. Horft var þó til þess að X var einungis 15 og 16 ára þegar hún hafði uppi hinar röngu sakargiftir og hafði ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi. Langur tími leið frá því að ákærða játaði sök fyrir lögreglu og ákæra var gefin út á hendur henni. Var að öllu þessu virtu refsing ákveðin 9 mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára, sbr. 57. gr. hgl.


## 14 Tölfræði

### 14.1 Ríkislögreglustjóri

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá ríkislögreglustjóra þann 23. október 2012 og eru teknar úr gagnaskrárkerfi lögreglunnar og ná til alls landsins. Miðað er við þá dagsetningu þegar brot er tilkynnt lögreglu en fyrirvari er gerður um að brot gæti hafa átt sér stað fyrr. Á myndunum sést mikil aukning í kærum vegna mála er varða rangar sakargiftir.




Mynd 1



Mynd 2

## 14.2 Ríkissaksóknari

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá Ríkissaksóknara þann 18. desember 2012. Upplýsingar miðast við árin 2004-2011 og vísa rauðu og grænu súlurnar til endalok málsins. Gera verður fyrirvara um að eitthvert málanna fari ekki fyrir héraðsdóm á því ári sem hér er gefið upp.




Mynd 3

Á myndinni sést fjöldi þeirra mála sem berast Ríkissaksóknara er varða rangar sakargiftir. Árið 2008 var fallið frá saksókn, sbr. 146. gr. sml. í einu málinu og þrjú mál eru enn í vinnslu sem skráð eru árið 2011.

Þegar borin eru saman kærð mál til lögreglu og síðan til Ríkissaksóknara er einungis um að ræða lítið brot þeirra mála sem enda hjá Ríkissaksóknara. Erfið sönnunarstaða í þessum málum gæti verið ástæðan fyrir því. Fjölmörg þeirra mála sem koma til Ríkissaksóknara enda hins vegar fyrir dómstólum en það má hugsanlega rekja til þess að játning hafi legið fyrir, en þær eru mjög algengar í þessum málum sbr. mynd 7 hér á eftir.


### 14.3 Héraðsdómar

Eftirfarandi upplýsingar eru miðaðar við árin 1999-2011. Upplýsingar voru fengnar með skoðun á öllum þeim málum sem fallið hafa vegna brots á 148. gr. hgl. fyrir öllum héraðsdómstólum landsins.



Mynd 4

Athyglisverð er sú aukning á málum sem verður árið 2011 og erfitt að sjá hver orsökina er fyrir því. Kærutíðni gæti hafa haft áhrif en árið 2011 voru 61 mál kærð til lögreglu er vörðudu rangar sakargiftir, sbr. mynd 1.




Mynd 5

Flest brotin fara fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur en ekkert mál hefur fallið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða síðastliðin 15 ár samkvæmt upplýsingum frá dómstólum.




### 14.3.1 Brotaflokkar sem hinar röngu sakargiftir lúta að.



Mynd 6

Við skoðun á öllum héraðsdómum á tímabilinu 1999 til ársins 2011 kemur í ljós að hinar röngu sakargiftir lúta í afgerandi meirihluta að umferðarlagabrotum, eða í 84,3%. Næst á eftir koma kynferðisbrotin en þau eru ekki ýkja mörg, en einungis 6 mál hafa fallið þar sem hinar röngu sakargiftir lúta að þeim, þ.e. 7,2% mála. Í tveimur málum vörðuðu rangar sakargiftir við skjalafals, í öðrum tveimur við þjófnaðarbrot, einu við tollalagabrot, einu við umferðar- og fíkniefnalagabrot og einu við auðgunarbrot.

### 14.3.2 Játningar




Mynd 7

Héraðsdómarnir eru í heildina 83 talsins en hér að ofan sýnir súluritið 85 mál. Misræmið er vegna þess að í einu málinu, *Hérd. Reykn. 13. október 2006 (S-768/2009)*, var ákært fyrir þrjú brot gegn 148. gr. hgl. Í málinu játaði ákærða tvö brotanna en neitaði einu þeirra. Sakfellt var fyrir öll brotin.

Ákærði neitar sök í 9,4% tilvikum er varða brot gegn 148. gr. hgl. en játar sök í 90,6%. Játningar eru mjög háar í þessum brotaflokk og sakfellingar í samræmi við þær, sbr. mynd 9.

Af þeim átta málum sem ákærði neitaði sök var sýknað í fimm þeirra og sakfellt í þremur. Í *Hérd. Rvk. 27. október 2011 (S-1389/2011)* játaði ákærði sök en var sýknaður. Málavextir voru þeir að X var stoppaður af lögreglu fyrir að aka án ökuréttinda. Hann sagðist heita Y til að sleppa við sektarboð. Þar sem Y var með ökuréttindi hafði X ekki sakað saklausan mann um refsiverðan verknað og var því skilyrði 148. gr. hgl. ekki uppfyllt og X sýknaður af röngum sakargiftum.

### 14.3.3 Kyn




**Mynd 8**

Hér eru upptaldir 84 gerendur í þeim 83 málum sem hafa fallið fyrir héraðsdómi. Í einu málinu, *Hérd. Vestl. 5. janúar 2005 (S-351/2004)* voru gerendurnir tveir, þ.e. tvær stúlkur.

Karlmenn voru gerendur í 70,2% tilvika en kvenmenn í 29,8% tilvika.

### 14.3.4 Dómsniðurstöður



**Mynd 9**

Sakfellingar eru í 92,8% tilvika en einungis er sýknað í 7,2% tilvika. Er þetta í samræmi við hlutfall játninga í þessum málum sbr. mynd 7 hér að framan.

#### 14.4 Hæstaréttardómar

Eftirfarandi upplýsingar eru miðaðar við árin 1935-2010. Upplýsingarnar voru fengnar með skoðun á öllum Hæstaréttardómum sem fallið hafa vegna brots á 148. gr. hgl.

Hæstaréttardómarnir eru alls tíu talsins er varða rangar sakargiftir. Í átta þeirra er sakfelld en sýknað í tveimur.

Gerendurnir voru alls 12, þar af 9 karlmenn, þ.e. 75% og 3 kvenmenn, þ.e. 25%.

Einungis þrjú dómar falla í Hæstarétti á tímabilinu 1999 til 2011 á meðan á sama tíma eru 83 slík mál fyrir héraðsdómi, það þýðir að einungis 3,6% málanna eru kærð til Hæstaréttar.

Hæstiréttur hefur ekki snúið við dómi héraðsdóms, þ.e. sýknað þegar héraðsdómur hefur sakfelld í málinu, eða öfugt, í málum er varða rangar sakargiftir.

### 15 Lokaorð

Ákvæði um rangar sakargiftir var fyrst sett í lög á Íslandi með hegningarlögum frá árinu 1869 og síðar í almenn hegningarlög árið 1940 og er þar enn þann dag í dag. Ákvæðið verndar bæði opinbera og einkahagsmuni en þar sem hægt er að samþykkja það að einhver beri á sig rangar sakir er talið að einkahagsmunir vegi þyngra en opinberir.

Samkvæmt 148. gr. hgl. er það refsivert að bera saklausan mann röngum sökum í þeim tilgangi að hann verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsivert brot. Ásetningur er skilyrði refsíabýrgðar en samþykki, sem telst til hlutrænna refsileysisástæðna, getur leitt til refsileysis. Rangar sakargiftir teljast til tjónsbrotá með fullframningarstigið fært fram en það merkir að verknaður samkvæmt ákvæðinu er refsiverður þó svo að afleiðing hafi ekki komið fram.

Einungis einstaklingar geta orðið þolendur rangra sakargifta, sbr. orðalagið „saklaus maður“ í 1. mgr. 148. gr. hgl. Einnig eru það einungis einstaklingar sem geta framið brot skv. ákvæðinu en ekki lögaðilar.

Í Danmörku og Noregi er það refsivert að taka á sig sök fyrir refsiverðan verknað sem maður er saklaus af. Refsingin er ekki eins þung og fyrir rangar sakargiftir en brotið er þó litið alvarlegum augum. Hér á landi er ekkert lagaákvæði sem gerir þennan verknað refsiverðan. Þar sem slíkt lagaákvæði kæmi í veg fyrir misnotkun á réttarkerfinu væri eðlilegt að slíkt ákvæði væri að finna í íslenskum lögum en það hefur enn ekki verið sett þrátt fyrir að hegningarlögin okkar séu byggð á þeim dönsku og mikið litið til dansks réttar við setningu íslenskra laga.

Verknaðarlýsing 148. gr. hgl. er ekki tæmandi talin þó nokkrar aðferðir séu taldar þar upp. Algengustu verknaðaraðferðirnar eru rangar sakargiftir með rangri kærú eða röngum

framburði. Að auki eru nefnd rangfærsla, undanskot gagna og öflun falsgagna sem dæmi um verknaðaraðferð í röngum sakargiftum.

Í 1. mgr. 148. gr. hgl. er gerður áskilnaður um ákveðinn tilgang með brotinu en hann er að fá einhvern saklausan aðila sakaðan um eða dæmdan fyrir refsiverðan verknað. Þó svo að þessi afleiðing verknaðar komi ekki fram er það þó refsivert þar sem um er að ræða tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram, sbr. fyrri umfjöllun. Það að vera sakaður um refsivert brot tengist þeirri aðstöðu að teljast sakborningur í sakamáli. Sú réttarstaða fæst ekki með einhverjum formlegum hætti heldur getur það verið mismunandi milli mála hvenær það gerist. Það að vera ákærður fyrir refsiverðan verknað telst ávallt fullnægja því skilyrði að teljast „sakaður um“ í skilningi 148. gr. hgl. Miða má þó við réttarstöðu sakbornings þegar meta á hvort aðili teljist vera „sakaður um“ refsivert brot þar sem annar skilningur þrengir refsíabyrgð umfram það sem leiðir af texta 1. mgr. 148. gr. hgl. og lögskýringagögnum. Hafi maður hlotið refsidóm í skilningi laga um meðferð sakamála telst sá einstaklingur dæmdur maður.

Verknaðarlýsing 148. gr. hgl. tekur einnig til annarra brota samkvæmt almennum hegningarlögum. Þannig getur brot gegn 155. gr. hgl. um skjalafals talist verknaðaraðferð í röngum sakargiftum. Þegar svo er uppi að verknaður fellur undir eitt eða fleiri lagaákvæði tæmir 148. gr. hgl. sök gagnvart þeim ef tilgangur verknaðarins var sá að fá einhvern sakaðan um eða dæmdan fyrir refsivert brot sem hann er saklaus af. Hafi verknaður ekki þann tilgang þá geta hin ákvæðin, sem taka á verknaðinum, átt við.

Samþykki getur verkað sem refsileysisástæða í málum er varða rangar sakargiftir. Ákveðin skilyrði eru sett fyrir samþykki og þurfa þau öll að vera uppfyllt. Ef samþykkið telst gilt leiðir það til þess að verknaður sem annars hefði talist refsiverður verður refsilaus við þessar aðstæður. Í Danmörku og Noregi er samþykki ekki refsileysisástæða í þessum málum og leiðir því til refsíabyrgðar fyrir báða aðila, þ.e. hinn brotlega og þann sem veitti samþykki sitt. Ástæðan fyrir því er sú að þetta telst brot gegn þeim sem hinar röngu sakargiftir beinast gegn og einnig að þetta felur í sér misnotkun á réttarkerfinu. Ákvæðin í dönskum og norskum lögum vernda því bæði opinbera og einstaklingshagsmuni en opinberir vega þyngra, ólíkt því sem gildir hér á landi. Taka verður undir þau sjónarmið sem þar eru nefnd sem rökstuðningur fyrir refsíabyrgð þrátt fyrir gilt samþykki og einnig þau sjónarmið sem komu fram í forsendum Hæstaréttar í *Hrd.* 1991, bls. 1505 en þar taldi Hæstiréttur varhugavert að aðilar gætu að refsilausu samið sín á milli hver það væri sem tæki á sig ábyrgð fyrir refsiverðan verknað. Þrátt fyrir þessi orð Hæstaréttar og breytingu á dönsku lögnum árið 1967, sem gerði verknaðinn refsiverðan, hefur íslenski löggjafinn ekki talið það nauðsynlegt að setja ákvæði í

almenn hegningarlög sem tiltekur það að samþykki í málum er varða rangar sakargiftir leiði ekki til refsileysis. Er þó fullt tilefni til að gera slíkt sérstaklega í ljósi orða Hæstaréttar í fyrirnefndum dómi og þeirra röksemda sem koma fram í dönskum og norskum rétti.

Refsiákvæði er ætlað að hafa almenn og sérstök varnaðaráhrif til að koma í veg fyrir afbrot og ítrekun á þeim. Þegar ákvarða á refsingu vegna brots þarf að hafa hliðsjón af mörgum atriðum sem hafa áhrif á þyngd hennar. Koma þar ýmsar refsíákvörðunarástæður til skoðunar sem teljast annað hvort til refsilækkunar eða refsihækkunar sem geta verið almennar eða sérstakar, lögbundnar eða ólögbundnar.

Samkvæmt 148. gr. hgl. er refsing vegna rangra sakargifta allt að 10 ára fangelsi. Í 2. másl. 1. mgr. 148. gr. hgl. kemur fram leiðbeiningarregla sem kveður á um að hafa skuli hliðsjón af því hversu þung refsing liggur við því broti sem sagt er eða gefið er til kynna að viðkomandi hafi drýgt. Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi er refsing allt frá 2 ára upp í 16 ára fangelsi. Óljóst er hvað felst í hugtakinu velferðarmissi en dómstólar hafa í örfáum tilvikum tekið á því hvort brot hafi falið í sér velferðarmissi. Hafa dómstólar litið til þess hver huglæg afstaða þolanda er til brotsins, hvort þolandi hafi setið lengi í gæsluvarðhaldi vegna hinna röngu sakargifta og hvort hinar röngu sakargiftir hafi varðað mjög alvarlega háttsemi. Að mati Jónatans Þórmundssonar, og einnig að einhverju leyti af orðalagi ákvæðisins, er ekki talið nauðsynlegt að um velferðarmissi hafi verið að ræða til að 3. máls. 1. mgr. 148. gr. hgl. verði beitt ef gerandinn hefur með verknaði sínum sannarlega stefnt að því að valda þolandanum velferðarmissi.

Í 2. mgr. 148. gr. hgl. er að finna úrræði fyrir brotþola að fá niðurstöður dóms birtar opinberlega. Þetta úrræði er efnislega sambærilegt því úrræði sem er að finna í 241. gr. hgl. en hefur aldrei verið beitt í framkvæmd.

Ekki hafa mörg mál er varða rangar sakargiftir komið fyrir Hæstarétt Íslands en þau eru einungis tíu talsins. Erfitt er að sjá út frá þeim fáu dómum hver refsingin er fyrir brot gegn 148. gr. hgl. þar sem oftast nær er verið að dæma fyrir fleiri brot í eina og sama málinu og refsimörkin miðast ekki alltaf við 148. gr. hgl. Einnig eru ýmis önnur atriði sem hafa áhrif á ákvörðun refsingar s.s. refsilækkunar- og refsihækkunarástæður, rof á skilorði og hegningarauki. Málin eru töluvert fleiri fyrir héraðsdómi en á tímabilinu 1999 til 2011 voru þau 83 talsins og voru flest þeirra fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hinar röngu sakargiftir lutu að stærstum hluta að umferðarlagabrotum en þar á eftir kynferðisbrotum. Játningar voru mjög algengar í þessum málum, en í yfir 90% mála lá játning fyrir. Sakfellingar voru í samræmi við það en þær voru í yfir 92% tilvika. Karlmennt voru oftast gerendur eða í um 70% tilvika og kvenmennt í rétt 30% tilvika.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Andres Bratholm og Magnus Matningsdal: *Straffeloven. Kommentirutgave. Anden del. Forbrydelser.* Oslo 1995.

Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II.* 2. útgáfa. Reykjavík 1979.

Eiríkur Tómasson: „Réttarstaða sakbornings og verjanda“. *Sakamálaréttarfar. Ritsafn.* Reykjavík 2010.

Eiríkur Tómasson: *Sakamálaréttarfar. Rannsókn. Þvingunarrannsóknir.* Reykjavík 2012.

Finn Haugen: *Strafferett. Handbok.* 2. útgáfa. Oslo 2000.

*Folketingstidende 1966-67. 2. samling. Tillæg A.* J.H. Schultz A/S. Kaupmannahöfn 1967.

*Folketingstidende 2003-2004. Tillæg A.*

*Folketingstidende 2004-2005. 2. samling. Tillæg A.*

Gísli H. Guðjónsson og John Pearse: „Suspect Interviews and False Confessions“. *aps, Association for Psychological Science*, 20. tbl. 2011, bls. 33-37.

Grágás. Islændernes Lovbog i Fristatens Tid. Udgivet efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift og oversat af Vilhjálmur Finsen for det nordiske Literatur-Samfund I-II. (Grágás Ia-b). Kaupmannahöfn 1852.

Grágás efter det Arnamagnæanske Haandskrift nr. 334 fol. Staðarhólsbók. Udgivet af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat. Gyldendalske Boghandel. (Grágás II). Kaupmannahöfn 1879.

Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli.* Reykjavík 1967.

Ivar Strahl o.fl.: *Kommentar til Brottsbalken II. Brotten mot allmänheten och staten m.m.* 3. útgáfa. Stokkhólmur 1973.

Johs. Andenæs: *Alminnelig strafferett.* 4. útgáfa. Oslo 1998.

Jón Þór Ólafsson: „Auga fyrir auga. Markmið refsinga og þróun viðurlagakerfisins“, *Úlflyótur*, 2. tbl. 2004, bls. 201-232.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I.* Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II.* Reykjavík 2002.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III.* Reykjavík 2004.

Jónatan Þórmundsson: *Grundvallarreglan um saknæmi. Afbrigðileg refsíabyrgð*. Reykjavík 2002.

Jónatan Þórmundsson: „Ólögmati verknaðar og refsileysisástæður“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 2005, bls. 357-385.

Jónatan Þórmundsson: „Rangur framburður fyrir rétti“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1978, bls. 81-103.

Jónatan Þórmundsson: „Réttarstaða sakbornings“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti. 1984, bls. 199-215.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

*Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons Lovbog for Island vedtaget paa Althinget 1281 og réttarbætr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314*. Udgivet efter Haandskrifterne ved Ólafur Halldórsson. Kaupmannahöfn 1904.

Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del. I. Ansvarslæren*. 5. útgáfa. Kaupmannahöfn 2011.

Lúðvík Ingvarsson: *Refsingar á Íslandi*. Reykjavík 1970.

*Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Magnus Matningsdal: *Norsk spesiell strafferett*. Bergen 2010.

Magnús Stephensen og Jón Jensson: *Lagasafn handa alþýðu. 1. bindi (1672-1840)*. Reykjavík 1890.

Malene Bechmann Christensen: *Det strafferetlige samtykke. Afgrænsningen af samtykkes virkemåde*. Kaupmannahöfn 2008.

Malene Frese Jensen o.fl.: *The Principal Danish Criminal Acts. The Danish Criminal Code. The Danish Corrections Act. The Administration of Justice Act (Excerpts)*. 3. útgáfa. Kaupmannahöfn 2006.

Ragnheiður Bragadóttir: „Ákvörðun refsingar í nauðgunarmálum“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 1999, bls. 67-84.

Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot*. Reykjavík 2006.

Ragnheiður Bragadóttir: *Kynferðisbrot. Dómabók*. Reykjavík 2009.

Ragnheiður Bragadóttir: „Refsingar í nauðgunarmálum“. *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Lagadeild*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2003, bls. 29-44.

Róbert R. Spanó: „Verknaðarlýsingar XIV. kafla almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 2002, bls. 357-384.

Sigurður Tómas Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir: *Ákvörðun refsingar*. Reykjavík 2003.



Stephen Hurwitz: *Den danske kriminalret. Special del. 5.* Útgáfa. Kaupmannahöfn 1970.

*Straffelovrådets betænkning om straffastsættelse og strafferammer II. Speciel del.* Kaupmannahöfn 2002.

Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov. Special del. 9.* útgáfa. Kaupmannahöfn 2008.

Vagn Greve: *Om falsk forklaring til offentlig myndighed og falsk anklage. Nogle spørgsmål vedrørende straffelovens §§161-165.* Kaupmannahöfn 1976.

Þórður Eyjólfsson: „Refsiréttur Jónsbókar“. *Afmælisrit. Helgað Einari Arnórssyni sextugum.* Reykjavík 1940, bls. 166-189.

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1935, bls. 540*

*Hrd. 1961, bls. 376*

*Hrd. 1978, bls. 766*

*Hrd. 1980, bls. 89*

*Hrd. 1981, bls. 430*

*Hrd. 1982, bls. 124*

*Hrd. 1983, bls. 1958*

*Hrd. 1991, bls. 1500*

*Hrd. 1991 bls. 1505*

*Hrd. 1994, bls. 1060*

*Hrd. 1999, bls. 218*

*Hrd. 2006, bls. 450*

*Hrd. 25. nóvember 2010 (632/2009)*

*Hrd. 11. nóvember 2010 (110/2010)*

### Dómar héraðsdóms:

*Hérd. Suðl. 25. júní 2003 (S-160/2003)*

*Hérd. Norðeyst. 25. mars 2004 (S-373/2003)*

*Hérd. Vestl. 5. janúar 2005 (S-351/2004)*

*Hérd. Rvk. 29. september 2006 (S- 844/2006)*

*Hérd. Reykn. 13. október 2006 (S-768/2006)*

*Hérd. Austl. 12. janúar 2007 (S-159/2006)*

*Hérd. Reykn. 9. febrúar 2007 (S-11/2007)*

*Hérd. Rvk. 8. febrúar 2008 S-1901/2007*

*Hérd. Suðl. 8. september 2008 (S-266/2008)*

*Hérd. Reykn. 13. október 2008 (S-524/2008)*

*Hérd. Reykn. 16. apríl 2009 (S-267/2009)*

*Hérd. Suðl. 21. desember 2009 (S-628/2009)*

*Hérd. Reykn. 31. janúar 2011 (S-796/2010)*

*Hérd. Suðl. 18. mars 2011 (S-498-2010)*

*Hérd. Suðl. 10. júní 2011 (S-207/2011)*

*Hérd. Rvk. 27. október 2011 (S-1389/2011)*

Danskir dómar:

*Ufr. 1965, bls. 620*

*Ufr. 1965, bls. 622*

*Ufr. 1970, bls. 714*

*Ufr. 1971, bls. 360*

*Ufr. 2002, bls. 1938*

Norskur dómur:

*Rt. 1974, bls. 464*

## MYNDASKRÁ

Mynd 1 .....	78
Mynd 2 .....	78
Mynd 3 .....	79
Mynd 4 .....	80
Mynd 5 .....	80
Mynd 6 .....	81
Mynd 7 .....	82
Mynd 8 .....	83
Mynd 9 .....	83